

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um kjaftæðiskrana og aumingja skólastjórann. 19



**MENNING** Eldraunin hlaut ellefu tilnefningar til Grímuverðlaunanna. 28



**LÍFIÐ** Bræðurnir Gabríel og Benjamín opna kjötsúpuvagn í miðbænum. 36



**SPORT** Kári Kristján Kristjánsson hefur aftur greinst með æxli í baki. 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
**6. júní 2014**
132. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

# Páfagarður rannsaki ódæðin í Landakoti

Þolendur kynferðisofbeldis í Landakotsskóla vilja að fulltrúi Vatíkansins rannsaki brotin. Kaþólska kirkjan hér segir málinu lokið með persónulegri afsökun biskups.

**SAMFÉLAGSMÁL** Nokkur fórnarlamba kynferðislegs ofbeldis í Landakotsskóla vilja fá fulltrúa Vatíkansins til að rannsaka brot sem voru framin gegn þeim er þau gengu í Landakotsskóla. Erindi þar að lútandi er á leið til Páfagarðs.

Fólkið telur sig ekki hafa fengið réttláta málsmeðferð.

„Þessi mál snúast ekki einungis um sanngirnisbætur heldur snúast þau fyrst og fremst um að kaþólska kirkjan viðurkenni þessi brot og biðji þolendurna opinberlega afsökunar,“ segir Guðrún Björg Birgisdóttir, lögmaður eins af fórnarlömbunum.

Margir innan kaþólska safnaðarins telja að kirkjan verði að gera þessi mál upp, þeirra á meðal er Ragnar Geir Brynjólfsson í kaþólska söfnuðinum á Selfossi.

„Kaþólska kirkjan á Íslandi þarf að gera upp þessa fortíð,“ segir Ragnar, sem telur að fólkið eigi að fá bætur. „Til að fjármagna bætur sem væru byggðar á einhverri sanngirni gæti kirkjan hugsanlega selt húseignir, til dæmis húseign Landakotsskóla eða einhverjar aðrar fasteignir sínar.“

Kaþólska kirkjan á Íslandi telur málinu lokið. Biskupinn hafi beðið fólk persónulega afsökunar og kirkjan hafi ákveðið að greiða út frjáls framlög án þess að bera skylda til þess.



> Þessi mál snúast ekki einungis um sanngirnisbætur.
>
> *Guðrún Björg Birgisdóttir, lögmaður eins af fórnarlömbunum*

- jme / sjá síðu 12

Inga og félagar í New York:

## Eru í yfirstærð og brjóta múra

**TÍSKA** „Markmið hópsins er að brjóta múra og staðalímyndir fyrirsætugeirans en ég tel að samfélagið sé farið að gera aukna kröfu um að sjá fjölbreyttari líkama í blöðum og á tískupöllunum,“ segir fyrirsætan Inga Eiríksdóttir í New York, ein stofnenda Alda, samtaka fyrirsætna í yfirstærð.

Hópurinn er á mála hjá stærstu fyrirsætuskrifstofu í heimi, IMG Models. „Við erum sendar í sömu prufur og vinnu og allar aðrar fyrirsætur sem þeir hafa – sem var ekki í boði áður. Að kalla þetta yfirstærð eða „plus size“ er því að verða úrelt,“ segir Inga.

-áp / sjá síðu 46



**LÍFIÐ**



**Maður veit aldrei hvenær sorgin blossar upp**

Rósa Guðbjartsdóttir hefur upplifað mikla sorg um ævina en sigrarnir hafa einnig verið margir. Það er fátt sem virðist slökkva á þessum mikla krafti sem hún býr yfir. Lífið ræddi við hana um samfélagsmálin, fréttamennskuna, matreiðsluáhugann, fjölskylduna og soninn sem lést úr krabbameini aðeins 5 ára gamall.

**FRÉTTIR**

**Svínsmál óljóst** Lögreglan getur ekki sagt til um afdrif máls manns sem viðurkenndi að hafa komið svínshausum fyrir á lóð múslima. 4

**Hleypt inn** Pútín fær ekki að vera á leiðtogafundi G7-ríkja en fær þó að vera með er þeir minnast innrásarinnar í Normandí í dag. 6

**Eftirsótt brauð** Tíu sækja um embætti sóknarprests í Dómkirkjunni 6




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 13° | N | 3 |
| Akureyri | 17° | N | 2 |
| Egilsstaðir | 16° | N | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 15° | A | 3 |
| Reykjavík | 16° | N | 4 |

**HITI AÐ 20°C** Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt eða hafgola og léttskýjað en skýjað með köflum eystra. Hiti 12-20 stig, mildast SV-til. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

**Lífið | Fólk**






**HANN VAR SVONA STÓR** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra landaði silfurbjartri og grálúsugri hrygnu um klukkan hálf átta í gærmorgun, en var fljótur að gleyma að hún var 79 sentímetrar að lengd. Hann var við opnun Norðurár ásamt Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra, sem varð ekki var. Einar Sigfússon, sölustjóri Norðurár, gladdist með stjórnarherrunum, en ellefu laxar höfðu tekið flugur veiðimanna þegar fyrstu vakt lauk; sjö þeirra náðust á land. Sjá síðu 16 FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Dæmt var í Aurum- og Imon-málunum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær:

# Lög sögð brotin með hlerunum

**DÓMSMÁL** Dómar voru kveðnir upp í Aurum- og Imon-málunum svokölluðu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Í Aurum-málinu voru þeir Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, Jón Ásgeir Jóhannesson fjárfestir, Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarni Jóhannesson, sem báðir voru starfsmenn Glitnis, allir sýknaðir, en þeir voru ákærðir fyrir umboðssvik. Í Imon-málinu voru Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, og Elín Sigfúsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans, bæði sýknuð. Steinþór Gunnarsson, fyrrverandi forstöðumaður verðbréfamiðlunar bankans, var aftur á móti dæmdur í níu mánaða fangelsi. Hann ætlar að áfrýja dómnum. Öll voru þau ákærð fyrir markaðsmisnotkun.

Þess var getið í niðurstöðum dómsins að Sérstakur saksóknari hefði brotið lög við rannsókn sína á málinu. Lögbrotið snýr að hlerunum á símtölum Sigurjóns og Elínar. Sérstakur saksóknari þarf samanlagt að greiða um 73 milljónir króna í sakarkostnað vegna málanna beggja.

**73** milljónir er sakarkostnaður Sérstaks saksóknara.

- fb / sjá síðu 10.









## SPURNING DAGSINS



Ingibjörg, komast ferðamenn ekki upp úr hjólförunum?

**„Sumir hverjir virðast gera það og þeir eru á bak og burt.“**

Akstursbann inn í Friðland að Fjallabaki er að engu haft þrátt fyrir lokanir og gróðurskemmdir eru miklar vegna utanvegaakstursins. Ingibjörg Eiríksdóttir er sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Flugvirkjar hjá Icelandair boða til eins dags verkfalls 16. júní og ótímabundins þremur dögum síðar:

# SA segir kröfur flugvirkja vera óraunhæfar

**KJARAMÁL** Samtök atvinnulífsins segja kröfur flugvirkja í samningaviðræðum við Icelandair vera óraunhæfar og langt umfram það sem samið hefur verið um á almennum markaði.

Flugvirkjar hjá Icelandair hafa boðað til verkfalls 16. júní náist ekki samningar fyrir þann tíma. Samtök atvinnulífsins segja að kröfurnar samsvari rúmlega 30 prósenta launahækkun og séu margfælt hærri en samið hefur verið um við aðrar flugstéttir.

„Samtök atvinnulífsins og Icelandair hafa lagt allt kapp á að leita lausnar sem samrýmist efnahagslegum stöðugleika til lengri tíma, en því miður hefur það ekki gengið. Í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem upp er komin er óhjákvæmilegt að varpa ljósi á launakjör og launaþróun flugvirkja. Frá árinu 2007 hafa laun flugvirkja hækkað um 62,6 prósent en um 38,5 prósent hjá félagsmönnum ASÍ á almennum markaði,“ segir í tilkynningu.

Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands, segir að búið sé að þrengja rammann í samningaviðræðunum.

„Menn eru beggja vegna borðsins og vita hvað þarf til að það náist samningar. Það eru átta til níu dagar þangað til verkfallið tekur gildi. Við erum tiltölulega bjartsýnir á að samningar takist,“ segir Óskar.

Samningafundur verður á hádegi í dag. -fb



**ICELANDAIR** Formaður Flugvirkjafélags Íslands segir að búið sé að þrengja rammann í samningaviðræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HNEFINN Á LOFT** Það er baráttuhugur í Arne sem hugðist hírast í mastrinu næstu tvo sólarhringa. Þrátt fyrir veðurblíðuna er hann kominn niður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þýskum ferðamanni blöskrar hvalveiðar við Íslandsstrendur:

# Hlekkjaði sig við mastur Hvals 8

**MÓTMÆLI Þýski ferðamaðurinn og aðgerðasinninn Arne Feuerhahn klifraði upp í mastur hvalveiðiskipsins Hvals 8 í gærmorgun til að mótmæla veiði á hval við Íslandsstrendur. Arne hugðist dvelja í mastrinu í tvo sólarhringa og fór upp vel birgur af mat, vatni og hlýjum fötum. Arne taldi sig vera búinn að ná yfirráðum yfir skipinu með aðgerð sinni. Mótmælin entust þó stutt því um kvöldmatarleytið var Arne hvergi að sjá. Líklega hefur salernisleysið verið farið að segja til sín.** -ssb

Endurtalningin í Hafnarfirði:

# Framsókn fékk sextán atkvæði

**HAFNARFJÖRÐUR** Sextán atkvæði Framsóknarflokksins fundust við endurtalningu sem fram fór í Hafnarfirði í gærkvöldi.

Endurtalning var samþykkt af yfirkjörstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar eftir ítrekaða beiðni Pírata, sem vantaði sex atkvæði til að fella þriðja mann Samfylkingarinnar.

Fimmtán atkvæði Framsóknarflokksins höfðu þvælst í bunka með atkvæðum Sjálfstæðisflokks og talin með þeim. Eitt atkvæði fór svo í flokk með auðum seðlum. Úrslit kosninganna eru því á þá leið að Framsóknarflokkinn vantaði að endingu aðeins níu atkvæði til að ná manni inn í bæjarstjórn. - sa

Drap þrjá lögreglumenn:

# Leituðu að byssumanni

**KANADA, AP** Umfangsmikil leit stóð yfir í gær að Justin Borque sem er grunaður um að hafa drepið þrjá lögreglumenn í kanadísku borginni Moncton í New-Brunswick á miðvikudag. Þetta er versta árás sem gerð hefur verið á lögreglumenn í landinu í næstum áratug.

Lögreglan hefur þrætt götur Moncton og nágrenni í leit að hinum 24 ára ódæðismanni. Þrisvar sinnum sást til Borques í gærmorgun á gangi í borginni. Hann var vel vopnum búinn, með tvo riffla og í hermannaklæðnaði. Fjölskyldur í borginni þorðu ekki að fara út úr húsi af ótta við að rekast á hann.

Níu ár eru liðin síðan fjórir lögreglumenn voru skotnir til bana á bóndabýli í ríkinu Alberta. -fb



**ÞÉTT SETIÐ Í MIÐBÆNUM** Eflaust munu höfuðborgarbúar flykkjast út á land um helgina en þó má búast við því að miðbærinn verði fullur af fólki. Fyrsta alvöru sumarhelgi ársins er rétt handan við hornið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sumarið er komið

Spáð er allt að 22 stiga hita inn til landsins um helgina. Hvítasunnuhelgin er að ganga í garð og það viðrar því óvenju vel fyrir eina stærstu ferðahelgi sumarsins. Veðurfræðingur segir að veðrið minni frekar á góða júlídaga en sumarbyrjun.

**VEÐUR** Það er spáð bongóblíðu um allt land um helgina og landsmenn eru þegar farnir að skipuleggja dagskrána enda löng helgi fram undan.

Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur á Veðurvaktinni, segir að líklega haldist hann þurr um allt land. „Það verður fyrirtaksveður á landinu öllu um helgina. Það er komið sumar,“ segir Einar. Hann segir að logninu gæti þó fylgt kaldari hafgola. „Það sem gerist í svona veðurlagi er að það getur lagst þoka með austurströndinni og eins í útsveitum og á Húnaflóanum. Inn til landsins ætti sólin að skína glatt.“

Einar gefur þó lítið fyrir björtustu vonir manna. „Það hefur einhver verið að nefna hitabylgju en ég er ekki alveg til í að tala um það. Hitinn ætti að komast yfir tuttugu stig þar sem best lætur. Við förum yfirleitt ekki að tala um hitabylgju fyrr en hann er kominn yfir 25 stig.“

Einar segir að landsmenn allir muni njóta veðurblíðunnar. „Það er í raun bara spurning um hvar verður hafgola og skýjafar eða þoka við sjávarsíðuna. Loftið yfir landinu er hlýtt og vænt. Það verður bjart sólskin og dásemdar sumarveður.“ Það er þó erfitt að segja til um það hvort fólk eigi að fara að venja sig við sandalana áfram. „Það er ekkert kalt loft á leiðinni en hvar og hvenær hann dembir úr sér, það er meiri óvissa með það.“

Sumarið byrjar að minnsta kosti óvenju vel. „Það má segja að hitinn núna minnir frekar á júlídaga heldur en blábyrjun sumars og þannig verða að öllum líkindum þessir dagar fram undan um helgina.“

Rut Guðmundsdóttir, forstöðukona sundlaugarinnar á Borg í Grímsnesi, segir að búið sé að manna aukavaktir fyrir laugina um helgina. „Stemningin er góð. Við búumst við því að bústaðir og tjaldsvæðin í kring fyllist. Yfirleitt byrjar sumarið ekkit fyrr en eftir 17. júní svo kannski fáum við með þessu aukahelgi. Það er allt klappað og klárt.“



**22° hiti gæti orðið inn til landsins um helgina.**

Í ísbúðinni Valdísi úti á Granda er allt á suðupunkti fyrir helgina. „Stemningin er bara þannig að það er aukafólk á vakt að baka vöfflur. Við erum að undirbúa okkur undir stríð. Nei, djók,“ segir Anna Svava Knútsdóttir sem rekur ísbúðina. Á góðum sólardögum tekur verslunin á móti rúmlega þúsund viðskiptavinum. „Þetta verður ekkert mál því við erum með svo mikið af góðu starfsfólki. Það er hámark að bíða í tólf mínútur.“

snaeros@frettabladid.is


PL620 Comfort

Vinsælasta hjólið, dempun í sæti, brettasett fylgir, dömu og herrastell Verð kr. 86.995.-



EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

WHEELER WORLDWIDE

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA


Forsætisráðherra segir umræðuna um moskuna í Reykjavík vera fáránlega:

# Lágkúra pólitískra andstæðinga

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, segist hafa verið mjög skýr í afstöðu sinni til byggingar mosku í Reykjavík en að litið hafi verið fram hjá því. Þetta kom fram í útvarpsþættinum Reykjavík á Bylgjunni síðdegis í gær.

Sigmundur var meðal annars spurður hvort hann væri sammála ummælum Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Framsóknar í Reykjavík, um að afturkalla ætti lóð til byggingar mosku í Sogamýri. Forsætisráðherra hefur verið gagnrýndur fyrir að skýra ekki hreint út hvort hann taki undir þessi umdeildu ummæli, en hann sagði það af og frá.

„Ég hef farið í nokkur viðtöl um þetta mál og verið afskaplega skýr í þeim öllum. Samt hefur bara verið litið fram hjá því,“ sagði Sigmundur.

Sigmundur sagði umræðuna um moskuna hafa verið „fáránlega“ og að andstæðingar hans í pólitík hafi reynt að nýta sér moskumálið til þess að upphefja sjálfa sig.

„Jafnvel á yfirlætislegan hátt, eins og þegar formaður Samfylkingarinnar fer að tala við fólk eins og börn og segja: Það er skiljanlegt að fólk sé hrætt við það sem það skilur ekki, en ég get útskýrt þetta allt fyrir ykkur. Þetta er lágkúruleg pólitík, auðvitað. Hér er verið að fara með mjög alvarlegan hlut á léttvægan hátt, eða misnota hann, þegar menn nota hann til að koma höggi á andstæðinginn,“ sagði forsætisráðherra. -bá



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON** Hef verið afskaplega skýr í öllum viðtölum, segir forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




**Tilboð: 850.000 kr.**

**Ford Focus Trend** YN201
Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 141.000 km.
Ásett verð: 990.000 kr.




**Tilboð: 2.190.000 kr.**

**Honda Accord** YHE12
Skráður júlí 2008, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 93.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.




**Tilboð: 3.190.000 kr.**

**Ford Focus Trend** UYA01
Skráður nóv. 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. *í ábyrgð*




**Tilboð: 2.690.000 kr.**

**Ford Explorer Limited 4x4** ZDU85
Skráður júní 2008, 4,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 139.000 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 1.790.000 kr.**

**Kia Sorrento EX AWD** SN967
Skráður febr. 2006, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 140.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 2.190.000 kr.**

**Ford Explorer XLT 4x4** NV751
Skráður maí 2007, 1,3i bensín, sjálfsk.
Ekinn 110.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.




**Tilboð: 5.390.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser** 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð: 1.890.000 kr.**

**Toyota Auris Terra** MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.




**Tilboð: 1.490.000 kr.**

**Toyota Auris Terra** PIR54
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 79.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.




**Tilboð: 1.590.000 kr.**

**Kia Sportage II AWD** YN003
Skráður júní 2006, 2,7i bensín, sjálfsk.
Ekinn 89.000 km.
Ásett verð: 1.790.000 kr.




**Tilboð: 1.190.000 kr.**

**Audi A6** UZ308
Skráður febrúar 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 137.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.




**Tilboð: 3.090.000 kr.**

**Ford Escape XLT AWD** GAB95
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 3.490.000 kr.




**Tilboð: 1.790.000 kr.**

**Ford Focus** Trend Collection OLY09
Skráður júlí 2010, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 1.990.000 kr.




**Tilboð: 1.390.000 kr.**

**Hyundai I30 Classic** NKL79
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 122.000 km.
Ásett verð: 1.790.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

## SVONA ERUM VIÐ



**29.292** tonn af varningi voru seld **til Grænlands frá Íslandi árið 2012.**

Tonnin voru hins vegar aðeins rúmlega átta þúsund árið 2010.

Landsbankinn selur fyrir rúma 7 milljarða í Framtakssjóði Íslands og IEI slhf.:

# Hagnaður nemur 4,9 milljörðum

**VIÐSKIPTI** Bókfærður hagnaður Landsbankans vegna sölu á 9,9 prósenta hlut í Framtakssjóði Íslands (FSÍ) slhf. og öllum 27,6 prósenta hlut sínum í IEI slhf. nemur 4,9 milljörðum króna.

Í tilkynningu bankans til Kauphallar kemur fram að heildarsöluandvirði viðskiptanna hafi numið rúmlega sjö milljörðum króna.

Fram kemur að FSÍ hafi í árslok 2013 verið skipt upp í tvö félög, FSÍ slhf. og IEI slhf., og eru kaupendur sagðir í hópi núverandi hluthafa FSÍ og IEI. „Landsbankinn var fyrir viðskiptin stærsti hluthafi beggja félaga með 27,6 prósenta eignarhlut í hvoru þeirra, en er að þeim loknum annar stærsti hluthafinn í FSÍ, með 17,7 prósenta eignarhlut,“ segir í tilkynningunni.

Haft er eftir Steinþóri Pálssyni, bankastjóra Landsbankans, að stefna bankans sé að selja þær eignir í óskyldum rekstri sem bankinn kunni að hafa eignast. Á því sviði hafi mikill árangur náðst á undanförnum árum. **-óká**



**STEINÞÓR PÁLSSON** Bankastjóri Landsbankans segir sölu eignarhaldsfélagsins Vestia til FSÍ hafa skilað miklum ávinningi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vísindamenn taka botnsýni:

# Ægir við eftirlit út af landinu

**LANDHELGISGÆSLAN** Varðskipið Ægir er nú við eftirlit á hafsvæðinu umhverfis Ísland, að því er fram kemur á vef Landhelgisgæslunnar. „Með í för eru vísindamenn sem munu vera við botnsýnatöku og er í ferðinni gert ráð fyrir að skipið muni sinna vinnu við ljósdufl ásamt almennum eftirlits- og löggæslustörfum,“ segir þar. Tekið er fram að yfirstýrimaður sé nýr í sínu starfi og meðalaldur áhafnar því lægri en verið hafi síðustu ár. **-óká**



**GEFIÐ Í HEILA ÖLD** Thorvaldsenfélagið hefur gefið til góðgerðarmála í yfir 100 ár.

Frímerkjasala til góðgerða:

## Reykjadalur fær góða gjöf

**GÓÐGERÐARMÁL** Thorvaldsenfélagið gaf á þriðjudag sumarbúðunum í Reykjadal eina og hálfa milljón króna. Gjöfin er afrakstur sölu jólafrímerkis félagsins sem selt hefur verið hver jól frá 1913. Frímerki hefur í gegnum árin verið myndskreytt af mörgum af þekktustu listamönnum þjóðarinnar.

Sumarbúðirnar í Reykjadal taka hvert sumar á móti um 250 fötluðum börnum og ungmennum. **- ih**



**LOKAVERKEFNI Í 10. BEKK** Anna Margrét, Berglind, Jóhanna og Snædís söfnuðu 130 þúsund krónum. MYND/HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR

Lokaverkefnið var til góðs:

## Söfnuðu fyrir barnahúsi

**HJÁLPARSTARF** Fjórar stúlkur í tíunda bekk unnu lokaverkefni í Réttarholtsskóla og söfnuðu fyrir húsi handa börnum í Úganda sem misst hafa foreldri úr alnæmi.

Anna Margrét, Berglind, Jóhanna og Snædís efndu til hjólaog skautamaraþons og söfnuðu 130 þúsund krónum sem dugði fyrir múrsteinshúsi handa munaðarlausu börnunum. Við húsið er líka reistur vatnstankur, útieldhús og útikamar. Stúlkurnar skautuðu 230 hringi í Skautahöllinni í Laugardal og hjóluðu kringum Reykjavík. **- ebg**

# Engin svör um lyktir svínshausamálsins

Lögreglan gat í gær ekki sagt hver afdrif máls manns sem viðurkenndi að hafa komið svínshausum fyrir á lóð múslima voru. Ekkert heyrt frá lögreglu segir maðurinn. Lögreglumaður veitti Fréttablaðinu rangar upplýsingar um feril málsins.

**LÖGREGLUMÁL** Engin svör fást um lyktir máls manns sem viðurkenndi í útvarpsviðtali að hafa komið svínshausum og fleiru fyrir á lóð ,sem Félag múslima hyggst byggja mosku á, í nóvember síðastliðnum hjá lögreglunni.

Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Gunnar Hilmarsson, aðalvarðstjóri hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins við Grensás, að ekkert hefði komið út úr rannsókninni. Hann sagði málið ekki hafa farið til ákærusviðs lögreglunnar, sem tekur ákvörðun um hvort ákært er í málum eða þau látin niður falla.

„Þetta er einhver misskilningur hjá honum,“ segir Jón H. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Hann segir hið rétta að málið hafi farið til ákærusviðs lögreglunnar.

Spurður hvort málinu hafi verið lokið hjá ákærusviði sagði Jón: „Ég er bara staddur úti í Noregi og get ekki flett upp á þessu.“

Ekki náðist í Gunnar Hilmarsson við vinnslu fréttarinnar í gær til að spyrja hann nánar út í þau svör sem hann gaf Fréttablaðinu.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri lögreglu höfuðborgarsvæðisins, tók undir það með Jóni að Gunnar hafi ekki veitt Fréttablaðinu réttar upplýsingar um málið. „Hann er kannski ekki með nægilega góðar upplýsingar.“

Spurður hverjar lyktir málsins hafi verið hjá lögreglu segir Stefán: „Ég hef ekki hugmynd um hvernig því lauk.“ Spurður út í orð Gunnars sagði hann: „Málinu virðist vera lokið samkvæmt því sem þú segir mér að hann segi, en ég hef ekki aflað mér neinna upplýsinga um það sérstaklega.“ Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu var þremur svínshausum komið fyrir á lóð múslima í Sogamýrinni, auk þess sem málaður var kross með rauðum vökva á jörðina. Þá var eintaki af Kóraninum, trúarriti múslima, komið fyrir undir sex svínslöppum. Öllum þessum sönnunargögnum hentu starfmenn borgarinnar að lögreglumönnum viðstöddum.

Björg Thorarensen lagaprófessor sagði þegar málið kom upp að við blasti að þetta væri dæmi um hatursglæp.

Sama dag og málið kom upp viðurkenndi Óskar Bjarnason, Íslendingur sem búsettur er í Svíþjóð, að hafa tekið þátt í því að koma svínshöfðunum og öðru fyrir á lóðinni í viðtali við Útvarp Sögu. Hann staðfesti það síðar í viðtali við Vísi. Hann gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins en sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði ekki heyrt neitt frekar af málinu eftir það.

brjann@frettabladid.is



**HENT** Borgarstarfsmenn hentu sönnunargögnum í málinu með vitund og vilja lögreglumanna á vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Ræðir ekki samstarf vegna hatursglæpa

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri lögreglu höfuðborgarsvæðisins, vildi ekki svara spurningum Fréttablaðsins um hvort lögreglan hafi verið í samstarfi við erlend lögregluembætti sem hafi meiri reynslu af baráttunni við hatursglæpi.

„Ég ætla ekki að ræða það sérstaklega. Viltu ekki prófa að ræða það við Ríkislögreglustjóra, við erum bara eitt af fimmtán lögregluembættum í landinu,“ sagði Stefán, sem fer fyrir fjölmennasta lögregluembætti landsins. „Það er eitt og annað sem hægt er að segja þér um þetta, og fræðslu og menntun lögreglumanna á þessu sviði. En þú getur aflað þér upplýsinga um það í Lögregluskólanum líka.“



**DÓMKIRKJAN** Frestur til að sækja um embætti dómkirkjuprests rann út í maílok. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Biskup skipar í embætti:

## Tíu sækja um í Dómkirkjunni

**TRÚMÁL** Tíu umsækjendur eru um embætti prests í Dómkirkjuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, að því er fram kemur á vef Þjóðkirkjunnar.

Skipað er í embætti frá 1. september næstkomandi.

Biskup Íslands skipar í embættið að fenginni umsögn valnefndar. „Valnefnd skipa níu manns úr prestakallinu auk prófasts í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra,“ segir í frétt Þjóðkirkjunnar. **-óká**

### ➜ Umsækjendurnir

**Í stafrófsröð:**

- Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
- Cand. theol. Davíð Þór Jónsson
- Cand. theol. Erla B. Jónsdóttir
- Mag. theol. Fritz Már B. Jörgensson
- Séra Gunnar Jóhannesson
- Séra Halldór Reynisson
- Séra Karl V. Matthíasson
- Séra Kristján Björnsson
- Séra María Ágústsdóttir
- Séra Sveinn Valgeirsson

### LÖGREGLUMÁL

**Margir fóru of hratt**

Á meðan á sérstöku myndavélareftirliti lögreglu stóð í Reykjavík í gær óku 16 prósent ökumanna of hratt á Sæbraut við Kirkjusand og helmingur ökumanna á Langholtsvegi. 93 voru stöðvaðir á Sæbraut og 23 á Langholtsvegi.

### LEIÐRÉTT

Í blaðinu í gær var ranglega farið með nafn Þórunnar Sveinbjarnardóttur í tvígang og hún kölluð Sveinbjörg. Beðist er velvirðingar á mistökunum.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**RJÓMABLÍÐA UM HVÍTASUNNUNA** Það stefnir í sannkallaða sumarblíðu um allt land fram á mánudag og ekki annað hægt en að hvetja alla til að tína til sunddótið eða dusta rykið af gönguskónum og njóta veðurs og náttúru sem mest um helgina.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Friedrichshafen | 27° | New York | 25° |
| Aþena | 29° | Gautaborg | 18° | Orlando | 33° |
| Basel | 26° | Kaupmannahöfn | 18° | Ósló | 20° |
| Berlín | 23° | Las Palmas | 24° | París | 27° |
| Billund | 13° | London | 22° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 25° | Mallorca | 27° | Stokkhólmur | 21° |

**Á MORGUN** Hæg breytileg átt eða hafgola.




**SUNNUDAGUR** 3-8 m/s.






**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM DÖMUFATNAÐI**
5.-9. JÚNÍ.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 9. júní.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu stórt hlutfall Íslendinga tekur lýsi þrisvar í viku eða oftar?
**2.** Hvaða ljósmyndafyrirtæki bauð Sögu Sigurðardóttur að taka þátt í samsýningu?
**3.** Hvar er Vilhjálmur Snædal bóndi?

**SVÖR:**
**1.** 62 prósent. **2.** Leica. **3.** Á Skjöldólfsstöðum.

Ríkið ver 5,5 prósentum minna til rannsókna og þróunar á þessu ári en það gerði á því síðasta:

# Framlag á fjárlögum er 19,5 milljarðar í ár

**EFNAHAGSMÁL** Opinber framlög til rannsókna og þróunar á þessu ári verða samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins heldur minni en í fyrra, en svipuð og árið 2012. Í nýútkomnu riti Rannís, Vasabókinni, þar sem birt er yfirlit yfir nýjustu tölfræði um rannsóknir, þróun og nýsköpun hér á landi, má sjá að á árunum 2013 og 2014 munar 5,5 prósentum á föstu verðlagi þessa árs.

Nýjustu tölur um heildarframlag til rannsókna og þróunar hér á landi eru frá 2011, en það ár vörðu Íslendingar 42,4 milljörðum króna í málaflokkinn. „Það samsvarar 2,6 prósentum af vergri landsframleiðslu. Stærstum hluta útgjaldanna var varið til heilbrigðismála og iðnaðar,“ segir í tilkynningu frá Rannís.

Árið 2011 var hlutur hins opinbera í framlagi til rannsókna og þróunar 42 prósent. Sé gert ráð fyrir sama hlutfalli í ár má gera ráð fyrir að 46,4 milljörðum króna verði varið til rannsókna og þróunar á þessu ári. **-óká**

### RÍKISFRAMLAG TIL RANNSÓKNA OG ÞRÓUNAR*

| Ráðuneyti | 2011 hlutf. | 2012 hlutf. | 2013 hlutf. | 2014 hlutf. |
|---|---|---|---|---|
| Atvinnuv.- og nýsköpunarrn. | 4.940-**26,4%** | 5.293-**27,6%** | 5.338-**25,9%** | 4.874-**25%** |
| Fjármála- og efnahagsrn. | 34-**0,2%** | 34-**0,2%** | 45-**0,2%** | 13-**0,1%** |
| Forsætisráðuneyti | 16-**0,1%** | 2-**0%** | 1-**0%** | 101-**0,5%** |
| Innanríkisráðuneyti | 223-**1,2%** | 208-**1,1%** | 339-**1,6%** | 362-**1,9%** |
| Mennta- og menningarrn. | 11.140-**59,6%** | 11.322-**59%** | 12.565-**60,9%** | 11.821-**60,6%** |
| Umhverfis- og auðlindarn. | 1.236-**6,6%** | 1.209-**6,3%** | 1.242-**6%** | 1.204-**6,2%** |
| Utanríkisráðuneyti | 34-**0,2%** | 21-**0,1%** | 27-**0,1%** | 30-**0,2%** |
| Velferðarráðuneyti | 1.081-**5,8%** | 1.102-**5,7%** | 1.089-**5,3%** | 1.100-**5,6%** |
| **Alls** | 18.704-**100%** | **19.189-100%** | **20.645-100%** | **19.505-100%** |

**Framlag ríkisins eftir uppruna, í milljónum króna, á föstu verðlagi 2014, fyrir árin 2011 til 2014.*
*Heimild: Rannís*



**ÓLAFUR DÝRMUNDSSON** Vætan í maí lykill að góðri byrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Elsti búnaðarráðunauturinn:

## Sumarkoman sú besta í 50 ár

**NÁTTÚRUFAR** Sumarkoman í ár er jafnvel sú besta í hálfa öld, segir elsti ráðunautur Bændasamtakanna, Ólafur Dýrmundsson.

„Það hefur verið svo góð sprettutíð. Það hefur verið hæfilegur raki í maímánuði – það hefur oft verið mjög þurrt í maímánuði. Og það hefur verið lítið um frostnætur,“ segir Ólafur sem telur að gróður sé hálfum mánuði fyrr á ferðinni en í meðalári. Ein vísbendingin um sterka sumarbyrjun sé lúpínan, sem farin sé að blómstra og mynda bláar breiður tveimur til þremur vikum fyrr á Reykjavíkursvæðinu en venjulega. **-kmu**

Ungur kynferðisbrotamaður:

## Braut gegn þremur telpum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær mann í 18 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir samræði við þrjár stúlkur undir lögaldri. Maðurinn var sjálfur ólögráða er brotin voru framin 2011 og 2012. Hann hafði endaþarmsmök við fjórtán ára stúlku á salerni, setti fingur í kynfæri tólf ára telpu og lét hana taka um getnaðarlim sinn og fróa sér og hafði samræði við þrettán ára stúlku. Sagðist hann hafa talið stelpurnar orðnar fimmtán ára. **-sój**

# Skora á Pútín að tala við Porosjenkó

Leiðtogafundur G7-ríkjanna í Brussel átti upphaflega að vera G8-fundur í Sotsjí. Pútín fékk ekki að vera með vegna afstöðu hans til Úkraínu, en hann fær að vera með hinum leiðtogunum í dag þegar innrásarinnar í Normandí er minnst.

**BELGÍA, AP** Leiðtogar sjö helstu iðnríkja heims krefjast þess að Vladímír Pútín Rússlandsforseti ræði sem fyrst við hinn nýja forseta Úkraínu, Petro Porosjenkó.

Gott tækifæri til þess fæst í dag, þegar þeir Pútín og Porosjenkó mæta báðir til að taka þátt í minningarathöfnum í Frakklandi í tilefni þess að sjötíu ár eru liðin frá innrásinni í Normandí.

„Pútín forseta hefur verið sagt frá þessu. Og hann ætlar að koma, vitandi vel að hann muni standa við hliðina á, eða að minnsta kosti ekki langt frá, forseta Úkraínu,“ sagði François Hollande, forseti Frakklands, að loknum tveggja daga leiðtogafundi G7-ríkjanna í Brussel í gær.

Upphaflega stóð til að þessi fundur yrði haldinn í Sotsjí í Rússlandi, og þá yrði það G8-hópurinn sem myndi hittast. Leiðtogar hinna ríkjanna ákváðu hins vegar að refsa Pútín fyrir afstöðu hans til ólgunnar í Úkraínu með því að mæta ekki til Sotsjí, heldur halda sinn sjö ríkja fund í Brussel í staðinn – án Pútíns.

Málefni Úkraínu komu töluvert til umræðu á fundinum, og niðurstaðan var sú að Pútín gæti komið sér undan frekari refsiaðgerðum með því að hætta að blanda sér í innanríkismál í Úkraínu. Þess í stað eigi Pútín að gera sitt til að draga úr spennunni.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir að leiðtogarnir hafi allir verið á einu máli um að senda Rússlandi ótvíræð skilaboð um þetta. Barroso tók þátt í fundinum í Brussel ásamt Herman Van Rompuy, forseta leiðtogaráðs ESB.



**VLADIMÍR PÚTÍN FJARVERANDI** Barack Obama Bandaríkjaforseti ásamt François Hollande Frakklandsforseta, Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, Matteo Renzi, forsætisráðherra Ítalíu, Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, Angelu Merkel Þýskalandskanslara, Herman Van Rompuy, forseta leiðtogaráðs ESB, Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama Bandaríkjaforseti og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sögðu að stjórnin í Moskvu fái einn mánuð til að verða við kröfum leiðtoganna sjö. Að öðrum kosti megi búast við frekari refsiaðgerðum.

Obama sagði að Pútín ætti að grípa tækifærið, nú þegar ný stjórn er tekin við í Úkraínu: „Rússland þarf að átta sig á því að Porosjenkó forseti er réttilega kjörinn leiðtogi Úkraínu og hefja viðræður við stjórnina í Kænugarði.“

Engin áform eru um að þeir Pútín og Obama ræðist sérstaklega við í Frakklandi í dag, en hins vegar hefur verið skipulagður fundur utanríkisráðherra beggja landanna, þeirra Sergeis Lavrov og Johns Kerry.

> **Pútín forseta hefur verið sagt frá þessu. Og hann ætlar að koma, vitandi vel að hann muni standa við hliðina á, eða að minnsta kosti ekki langt frá, forseta Úkraínu.**
>
> *François Hollande forseti Frakklands*

gudsteinn@frettabladid.is



**ABUBAKAR SHEKAU** Leiðtogi samtakanna illræmdu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öfgasamtökin Boko Haram:

## Fjöldamorð framin daglega

**NÍGERÍA, AP** Nígerísku öfgasamtökin Boko Haram hafa framið fjöldamorð í þorpum í norðausturverðu landinu nærri daglega nú í vikunni.

Frá sunnudegi til þriðjudags myrtu liðsmenn þeirra að minnsta kosti 200 manns í sex þorpum. Þeir voru þá klæddir sem hermenn og þóttust komnir til að vernda þorpsbúa. Her landsins stóð hjá aðgerðarlaus, þrátt fyrir að hafa fengið tilkynningar um voðaverkin.

Á miðvikudag myrtu þeir 45 manns í enn einu þorpinu, og þóttust þá vera predikarar.

Samtökin hafa en n ekki látið laus hundruð ungra kvenna og stúlkna, sem þau rændu í mars. **-gb**

Seðlabanki ESB bregst við:

## Reynir að auka verðbólguna

**ÞÝSKALAND, AP** Seðlabanki Evrópusambandsins stefnir að því að auka verðbólgu með því meðal annars að útvega bönkum í aðildarríkjum sambandsins ódýrt lánsfé í stórum stíl.

Þá ákvað bankinn að lækka enn frekar vexti, sem hafa þó verið sáralágir árum saman. Þeir hafa verið 0,25 prósent en fara nú niður í 0,15 prósent.

Bankinn óttast að hætta sé á verðhjöðnun í ríkjum Evrópusambandsins, verði ekkert að gert. **- gb**






## TILBOÐ HELGARINNAR

NELLIKKUR 990KR

HENGILOBELIA 990KR

GEISLASÓPUR 1.990KR

ÁVAXTATRÉ 30% AFSLÁTTUR

10 PLÖNTUR Í HÓLFABAKKA 1.280KR

SILFURKAMBUR, STJÚPUR, FLAUELISBLÓM, DAGGARBRÁ, FJÓLUR, SKRAUTNÁL





ÚTILEIRPOTTAR OG GARÐSTYTTUR 30% AFSLÁTTUR




AFGREIÐSLUTÍMI
UM HVÍTASUNNUHELGINA
LAUGARDAG 10 TIL 21
SUNNUDAG 11 TIL 19
MÁNUDAG KL. 10 TIL 21

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




**SYRGJENDUR Í MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDINU** Presturinn Paul-Emile Nzale var borinn til grafar í Bangui, höfuðborg Mið-Afríkulýðveldisins. Hann var myrtur í árás á kirkju þar í borg 28. maí sl. NORDICPHOTOS/AFP




**MENGUN Á INDLANDI** Drengur á gangi við síki, sem er þakið plastpokum og öðru drasli, í borginni Mumbai á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ÁSTAND HEIMSINS







**SIGRI FAGNAÐ Í SÝRLANDI** Sýrlenskir hermenn fagna því að Bashar al Assad hafi sigrað í forsetakosningum, og mun því sitja áfram í embættinu í sjö ár til viðbótar, verði borgarastyrjöldin honum ekki að falli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**FAÐMA TRÉ Í NEPAL** Skólabörn í Nepal settu heimsmet í skógi skammt frá höfuðborginni Katmandú, þegar tvö þúsund og eitt þeirra tók sig til og faðmaði tré í tilefni af alþjóðlega umhverfisdeginum í gær. NORDICPHOTOS/AFP




**STRÍÐSLOKA MINNST Í FRAKKLANDI** Aldraðir fyrrverandi hermenn frá Bandaríkjunum tóku þátt í minningarathöfn í Frakklandi í gær, þar sem þess var minnst að 70 ár eru liðin frá því hersveitir bandamanna réðust inn í Normandí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**BÓLUSETNING Í SUÐUR-SÚDAN** Barn fær bóluefni gegn mænusótt. UNICEF hefur bólusett um 180.000 börn gegn sjúkdómnum á undanförnum mánuðum og 288.000 börn í Suður-Súdan hafa auk þess fengið bóluefni gegn mislingum. MYND/UNICEF










ENNEMM / SÍA / NM63133

# Nýi bíllinn er Hyundai

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur
í Kauptún 1 - beint á móti IKEA



**Kaupauki!**

Nýr iPad
Mini fylgir
öllum nýjum
Hyundai i10



**TAKTU ÞÁTT Í REYNSLUAKSTURSLEIK Í JÚNÍ**

Allir sem fara í reynsluakstur hjá okkur í júní geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt **50" Samsung Smart** sjónvarp.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

**Fasteignasala Kópavogs**

Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta



Gunnlaugur Hilmarsson
lögg. fasteignasali

**Sumarhús á vatnalóð með bátaskýli í landi Vatnsenda við Skorradalsvatn**



**Glæsilegt sumarhús, 60,5 m2 + milliloft, T hús, og er það allt hið vandaðasta.** Verönd er á þrjá vegu við húsið og staðsetning er frábær gagnvart sól. Samspil vatns, fjalla og veðurfars gerir umhverfið ævintýralegt. Landið liggur að Skoradalsvatni ásamt bátaskýlinu. **Verð kr. 32,8 millj. Hægt er að skoðun um helgina, vinsamlega staðfestið tíma í síma 660-8132.**
Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur Hilmarsson, löggildur fasteignasali og viðskiptafræðingur í síma 777 56 56

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá**

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**

Frá 1957

Sala fasteigna í 57 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

**SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI ÓSKAST**

**LEITUM EFTIR CA 400-600 FM SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI FYRIR ÁKVEÐINN KAUPANDA. SKILYRÐI ER AÐ HÚSNÆÐIÐ SÉ VEL SJÁANLEGT OG SAMGÖNGUR AÐ OG FRÁ ÞVÍ SÉU GÓÐAR.**



**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR**

**REYNIR BJÖRNSSON**

LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

**í síma 895-8321.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík



Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**

Frá 1957

Sala fasteigna í 57 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins



**Hæð í vesturborginni óskast**

**Traustur kaupandi óskar eftir 120-160fm hæð í vesturborginni. Góðar greiðslur í boði.**

**Nánari upplýsingar veita Sverrir og Brynjar.**

**Einbýlishús í vestuborginni eða Þingholtunum óskast**

**Staðgreiðsla í boði.**

**Traustur kaupandi óskar eftir 300-500 fm einbýlishúsi í vesturborginni eða Þingholtunum. Nánari upplýsingar veitir Sverrir.**



588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík




## IMON HLERAÐUR SÍMI OG HÚSLEIT

**Aðalmeðferð í Imon-málinu hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur 28. apríl. Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, kvartaði sáran yfir rannsókn Sérstaks saksóknara.**



**Ég er búinn að fara í yfirheyrslur, verið handtekinn og stungið í steininn, það var hleraður hjá mér síminn, gerð húsleit heima hjá mér og þið fóruð í bankann og náðuð í 80 pappakassa, ekkert litla kassa en samt er bara eitt skjal í málinu sem snýr að mér.**

*Sigurjón P. Árnason*



**Ég trúði því að við værum að fara að sigla í gegnum þennan öldudal og Landsbankinn kæmi bara sterkari en ever í gegnum þetta.**

*Steinþór Gunnarsson, fyrrverandi forstöðumaður verðbréfamiðlunar Landsbankans.*



**Þegar ég sé að hlutabréf hefur lækkað niður um um það bil 50 prósent þá fer ég að spyrja starfsfólk að því hvort það sé hugsanlega komið tækifæri til að kaupa í bankanum – er botninum hugsanlega náð í krísunni?**

*Magnús Ármann, eigandi eignarhaldsfélagsins Imon ehf.*

# Sérstakur dæmdur til að greiða 73 milljónir

Allir voru sýknaðir í Aurum-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í Imon-málinu var Steinþór Gunnarsson dæmdur í 9 mánaða fangelsi fyrir markaðsmisnotkun. Sérstakur saksóknari braut lög með hlerunum við rannsókn á Imon-málinu.

**DÓMSMÁL** Dómsuppsaga í Aurum- og Imon-málunum svokölluðu var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Í Aurum-málinu voru þeir Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, Jón Ásgeir Jóhannesson fjárfestir, Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarni Jóhannesson, sem báðir voru starfsmenn Glitnis, allir sýknaðir. Þeir voru ákærðir fyrir umboðssvik vegna sex milljarða króna láns sem Glitnir veitti félaginu FS38 ehf. í eigu Pálma Haraldssonar, vegna kaupa á félaginu Aurum Holdings Ltd.

Einn þriggja dómara skilaði sératkvæði og taldi að sakfella ætti Lárus, Magnús Arnar og Jón Ásgeir fyrir umboðssvik og hlutdeild í þeim.

Fulltrúi Sérstaks saksóknara sagði að embættið myndi skoða dóminn og taka ákvörðun í framhaldinu. Niðurstaðan væri ekki í takt við það sem lagt var upp með en endanleg ákvörðun um áfrýjun til Hæstaréttar er í höndunum á Ríkissaksóknara.

Í Imon-málinu voru Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, og Elín Sigfúsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, bæði sýknuð.

Steinþór Gunnarsson, fyrrverandi forstöðumaður verðbréfamiðlunar, var aftur á móti dæmdur í níu mánaða fangelsi, þar af hálft ár á skilorði. Hann ætlar að áfrýja dómnum.

Sigurjón, Elín og Steinþór voru ákærð fyrir markaðsmisnotkun vegna lánveitinga til félagsins Imon ehf. til að kaupa hlutabréf í Landsbankanum þremur dögum fyrir setningu neyðarlaganna. Þau voru ákærð í tengslum við sölu bankans á bréfum í sjálfum sér með 5 milljarða króna láni til Imon, sem var í eigu Magnúsar Ármann.

Þess var getið í niðurstöðum dómsins að Sérstakur saksóknari hefði brotið lög við rannsóknina. Brotið snýr að hlerunum á símtölum Sigurjóns og Elínar í janúar og febrúar árið 2011.

„Þarna er brotið á lögbundnum rétti skjólstæðings míns. Þetta finnst mér umhugsunarvert," segir Helga Melorka Óttarsdóttir, lögmaður Elínar. Hún hafi allan tímann haft þá sannfæringu að Elín yrði sýknuð. **freyr@frettabladid.is**



**DÆMDUR SEKUR** Steinþór Gunnarsson, fyrrverandi forstöðumaður verðbréfamiðlunar Landsbankans, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 73 milljónir króna og níu mánuðir

Sérstakur saksóknari þarf samanlagt að greiða rúmar sjötíu og þrjár milljónir króna í sakarkostnað vegna Aurum- og Imon-málanna. Saksóknarinn krafðist þess að sakborningarnir sjö í báðum málunum yrðu dæmdir samanlagt í 31 árs fangelsi. Fari svo að niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur verði staðfest í Hæstarétti skilaði þessi krafa níu mánaða fangelsi, þar sem sex mánuðir eru bundnir skilorði.

## AURUM SÆTARI STELPA Á BALLINU EN ÉG

**Aðalmeðferð í Aurum-málinu hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur 3. apríl. Mörg eftirminnileg ummæli féllu í réttarhöldunum.**



**Það er greinilegt að það er ekki verið að rannsaka málið til sýknu, einungis til sektar.**

*Jón Ásgeir Jóhannesson, fjárfestir.*



**Ég veit að sjálfsögðu af því í dag að þeir hafi talið að til væri sætari stelpa á ballinu en ég, sem var Damas.**

*Pálmi Haraldsson, fyrrverandi eigandi FS38 og framkvæmdastjóri Fons.*



**Þegar allt kom saman þá fannst mér þarna tilefni til að stíga til hliðar, ég hef verið talsmaður dreifðs eignarhalds.**

*Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis banka.*



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
EXPO · www.expo.is

# Páfagarður rannsaki ofbeldi á Íslandi

Fyrrverandi nemendur Landakotsskóla vilja að Páfagarður skipi fulltrúa sem rannsaki ofbeldisbrot sem þeir urðu fyrir í skólanum á síðustu öld. Kaþólikki á Selfossi segist telja að kaþólska kirkjan eigi að íhuga að selja eigur sínar hérlendis til að greiða fórnarlömbunum fébætur.



Jóhanna Margrét Einarsdóttir
johanna@frettabladid.is

**SAMFÉLAGSMÁL** Nokkur fórnarlamba kynferðislegs ofbeldis í Landakotsskóla vilja fá fulltrúa Vatíkansins til að rannsaka brot sem voru framin gegn þeim þegar þau gengu í Landakotsskóla. Erindi þar að lútandi er á leið til Páfagarðs.

Fólkið telur sig ekki hafa fengið réttláta málsmeðferð. „Þessi mál snúast ekki einungis um sanngirnisbætur heldur snúast þau fyrst og fremst um að kaþólska kirkjan viðurkenni þessi brot og biðji þolendurna opinberlega afsökunar,“ segir Guðrún Björg Birgisdóttir, lögmaður eins af fórnarlömbunum.

Kaþólska kirkjan á Íslandi rak Landakotsskóla þegar brotin voru framin. Nemendur hafa lýst grófu andlegu- og kynferðislegu ofbeldi sem þau urðu fyrir af hendi skólastjórans, séra George, og kennslukonunnar Margrétar Müller frá árinu 1959 til ársins 1984.

Það tók kaþólsku kirkjuna rúm þrjú ár að skoða mál þeirra 17 sem leituðu til hennar og greindu frá ofbeldi sem þau urðu fyrir. Um miðjan nóvember í fyrra sagði Fagráð kaþólsku kirkjunnar í tilkynningu að það áliti kaþólsku kirkjuna ekki bótaskylda nema í einu tilviki.

Þrátt fyrir að kirkjan teldi sig ekki bótaskylda var ákveðið að greiða nokkrum þolendum bætur. Bæturnar sem fólk fékk voru frá 82 þúsund krónum upp í 300 þúsund.

Opinber afsökunarbeiðni kaþólsku kirkjunnar fylgdi ekki.

Fjöldi manns hefur gagnrýnt kirkjuna fyrir viðbrögð hennar.

Martin Eyjólfsson, sendiherra Íslands í Vatíkaninu, hefur rætt við æðstu embættismenn um hvernig kaþólska kirkjan á Íslandi hefur tekið á málum einstaklinganna. Martin greindi Pétri Bürcher, kaþólska biskupnum á Íslandi, frá þessum viðræðum í febrúar en biskup telur málinu lokið af hálfu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

Mörgum innan kaþólska safnaðarins þykir bæturnar of lágar og vilja að kirkjan endurskoði málið.

Einn þeirra er Ragnar Geir Brynjólfsson sem tilheyrir kaþólska söfnuðinum á Selfossi.

„Kaþólska kirkjan á Íslandi þarf að gera upp þessa fortíð,“ segir Ragnar. Bürcher biskup verði að ná sáttum við þá sem segjast hafa sætt ofbeldi.

Ragnar segir sanngirnisbæturnar, sem voru boðnar, séu of lágar. Þær dygðu ekki fyrir sálfræðimeðferð sem gæti þó bætt líðan fólksins.

Ragnar segir að það verði að ræða bætur fyrir miska sem fólkið telur sig hafa orðið fyrir.

„Til að fjármagna bætur sem væru byggðar á einhverri sanngirni gæti kirkjan hugsanlega selt húseignir, til dæmis húseign Landakotsskóla eða einverjar aðrar fasteignir sínar,“ segir Ragnar Geir.

Fréttablaðið sendi kaþólska biskupnum á Íslandi fyrirspurn um hvort það komi til greina að hækka bætur til þolendanna og jafnframt um hvort það komi til greina að selja eignir og nota andvirðið til að greiða þolendum bætur.

Í svari sem barst fyrir hönd Bürchers biskups segir meðal annars að þeim sem lýstu kröfu til Fagráðs kaþólsku kirkjunnar á Íslandi hafi verið sent persónulegt bréf frá biskupi þar sem hann baðst persónulega afsökunar. Þá hafi stjórn kirkjunnar ákveðið að greiða út frjáls framlög, umfram skyldu. „Hér skal áréttað að hvorki var um að ræða greiðslu miska- né sanngirnisbóta heldur var um að ræða frjáls framlög af hálfu kirkjunnar,“ segir í svarinu.



RAGNAR GEIR BRYNJÓLFSSON



MARTIN EYJÓLFSSON

## ÞARF LAGABREYTINGU FYRIR LANDAKOTSBÖRN

Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, spurði á Alþingi fyrir áramót hvort stjórnvöld ætluðu að gera eitthvað til að rétta hlut barnanna sem höfðu verið misrétti beitt í Landakoti. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra varð til svara og sagði: „Ég tel að kaþólska kirkjan eigi að taka þetta mál upp og sýna þá reisn að bæta þetta með sanngjörnum hætti því að bæturnar voru ekki sanngjarnar;

Samkvæmt núgildandi lögum er málið ekki á forræði menntamálaráðherra, það er á forræði forsætis- og innanríkisráðherra.

Samkvæmt lögum er heimild forsætisráðherra til að láta vistheimilanefnd kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn bundin við að hlutaðeigandi stofnanir séu hættar rekstri. Með þessu skilyrði virðist girt fyrir þann möguleika að vistheimilanefnd fjalli um skóla- og vistheimilarekstur kaþólsku kirkjunnar hér á landi. Að óbreyttum lögum virðist því ekki koma til álita að fyrrverandi nemendur við Landakotsskóla hljóti sanngirnisbætur á grundvelli laga fyrir ætlaðar misgerðir af hálfu starfsmanna kaþólsku kirkjunnar vegna rekstrar Landakotsskóla og vistheimilisins Riftúns.

## → Gríðarlegur munur á sanngirnisbótum

Fólk sem sætti illri meðferð á vistheimilum ríkisins á síðustu öld fékk frá 400 þúsund krónum og upp í 6 milljónir í sanngirnisbætur frá ríkinu. Bótaupphæðin sem hver og einn fékk réðst af því hversu lengi fólk hafði dvalið í umsjá ríkisins.

Einstaklingar sem sættu illri meðferð í Landakotsskóla fengu miklu lægri bætur eða frá rúmum 80 þúsund krónum og upp í 300 þúsund krónur. Kaþólska kirkjan hefur ekki gefið upp hvernig bæturnar voru reiknaðar út.



FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR




The Power to Surprise

Sparneytinn og kraftmikill dísilbíll

**Nú er Kia Sportage kominn í nýrri útfærslu** með breyttu útliti, enn betri hljóðeinangrun og skemmtilegum nýjungum. Nýr Kia Sportage er **öflugur og sparneytinn sportjeppi sem eyðir frá 6,0 l/100 km** í blönduðum akstri. Fáanlegur beinskiptur og **sjálfskiptur.**

**Komdu og reynsluaktu, við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **5.990.777 kr.** 2,0 dísil, beinskiptur 6 gíra, 4wd

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

MÚRBÚÐARVERÐ

# Pottormarnir mættir

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar (A stofn)
**7.390**

Tréolía 30, 3 lítrar á pallinn og annað tréverk
**2.690**

1 gallon og 5 gallon

AMERÍSKI steypugljáinn sem endist!

TILVALIÐ Í GLUGGAÞVOTTINN

1/2" slanga 15 metra með stút og tengjum
**1.490**

**Gluggaþvotta-kústur,** gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
**2.690**

## Portúgalskir leirpottar í úrvali - Gæðavara

Undirdiskar fáanlegir

## Verð frá kr. 145




Malarhrífa verð frá
**1.290**

2.190
1.690
2.190
110 cm
1.690

Laufhrífa
**790**

Mako sterkir ruslapokar 120 lítrar 10stk
**390**

PVC húðað vírnet 50cmx15 metrar
**4.395**

Flúðamold 20 l
**590**

Turbokalk 12,5 kg
**2.590**

Kalkkorn 5 kg
**798**

Blákorn 5 kg
**1.390**

Hjólbörur 80L
**3.995**




WZ-9006 Greinaklippur
**895**

WZ-9008 Hekk klippur 8"
**1.795**

Þrýstiúðabrúsi
**1.690**

WZ-9019 Greinaklippur
**1.795**

Garðkarfa 25L
**990**
einnig fáanleg 50 lítra karfa kr. **1.990**

Slönguvagn á hjólum 1/2" f/50 metra
**2.490**

Þrýstiúðabrúsi 1,5 líter
**695**

Jarðvegsdúkur 10x1,2 m
**1.490**

Garðverkfæra hirsla 52x32x20 cm
**1.390**

12 lítra fata
**395**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18 |

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# GRILLÞRENNA Krónunnar

GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

Grillað í etta






**2598 kr./pk.**

## Snöggi grillarinn

Elduð kjúklingaspjót

Elduð kjúklinga Hot Wings

Tilbúnar rösti kartöflur




**2498 kr./kg**

## Steikargrillarinn

Grísaspjót með hvítlauk og rósmarín

Úrbeinaður grísahnakki, kolagrillmarinerinaður

Úrbeinuð kjúklingalæri, New York marineruð




**3298 kr./kg**

## Flotti grillarinn

Lúxus grísakótilettur, með hvítlauk og rósmarín

Lambakótilettur, kolagrillmarineraðar

Lambainnralæri, kolagrillmarinerað

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

# SVALANDI UM HELGINA

Hámark 4 kassar á mann meðan birgðir endast!

**FRÁBÆR KAUP**

Blandaðu í kassann, þínum uppáhalds tegundum 24 stk. í kassa!

Hámark 4 kassar á mann meðan birgðir endast!

**998** kr. kassinn

Verð áður ~~1896~~ kr. kassinn

Egils Appelsín, Mix, Kristall Mountain Dew og 7 Up, 24 x 33 cl dósir

**47% afsláttur**

**30% afsláttur**

**1189** kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísahnakki á spjóti, erlend, hvítlauks- & rósmarín- eða New York marinering

**1398** kr. kg

Lambalæri, kolagrillmarinerað

**MAGN-PAKKNING**

**2098** kr. kg

Krónu kjúklingabringur, magnpakkning

Lokað hvítasunnudag

Opið annan í hvítasunnu

**498** kr. pk.

6 í pk.

Rösti kartöflur 6 stk.

Pylsa í brauði á 68 kr. stk.

**159** kr. pk.

Líf pylsubrauð, 5 stk. í pk.

**359** kr. pk.

Krónu pylsur, 10 stk. í pk.

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



**TÓK RAUÐA FRANCES** Þrátt fyrir að Bjarni hafi undirbúið veiði í Norðurá með fluguhnýtingum að kvöldi veiðidags, þá valdi hann rauða frances-keilutúbu til að veiða Brotið. Flugan gaf honum 78 sentimetra grálúsuga hrygnu sem hann hampaði mjög, áður en henni var gefið líf. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

# Vöðlurnar gáfu lax

Laxveiðitímabilið hófst með hvelli í gær með opnun Norðurár og Blöndu. Fyrsta vaktin í Norðurá gaf sjö laxa. Fjármálaráðherra landaði gullfallegri hrygnu innan hálftíma, en forsætisráðherra hafði ekki erindi sem erfiði.



## ➜ Undir Laxfossi

Bjarni sagðist hafa smitast af veiðibakteríunni strax sem polli, og ein fyrsta minning hans af veiði var þegar hann datt á bólakaf í Vífilsstaðavatn. Hann minnti á mikilvægi lax- og silungsveiði í landinu, og sagði það stórkostlegt að fá að upplifa fyrstu klukkutímana við Norðurá.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ➜ 12 punda hængur

Þegar róast tók á bökkum Norðurár, eftir brottför ráðherra og fjölmiðlafólks, ákvað Einar Sigfússon að reyna aftur við Brotið. Fáum köstum síðar hafði gullfallegur hængur tekið fluguna. Einar tók til þess hversu allir laxarnir sem veiddust í gær koma vel haldnir úr sjó, sem veit á gott fyrir framhaldið.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Það tók aðeins nokkrar mínútur að setja í fyrsta laxinn við opnun Norðurár í gærmorgun. Það kom ekki í hlut oddvita ríkisstjórnarflokkanna að landa fyrsta laxi vertíðarinnar heldur naut Sigurður Sigfússon fisksali þeirra forréttinda. Ef fyrsta vakt í Norðurá hefur eitthvert spádómsgildi fyrir laxveiðisumarið 2014 þá þurfa veiðimenn engar áhyggjur að hafa.

### Í fínasta pússi

Norðurá tók á móti fyrstu gestum sínum þetta sumarið í sínu fínasta pússi; birkiskógurinn fullútsprunginn á bökkunum, áin í kjörvatni og veiðiveður eins og það hefði verið sérpantað.

Það var Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sem fyrstur bleytti í færi. Hann kaus að kasta á Skerin, illa búinn til veiða, enda vöðlu- og stangarlaus við komuna í veiðihúsið á Rjúpnahæð. Hann kastaði af landi, og veiddi einnig Drottningarhyl fast undir Laxfossi, en án árangurs. Það kom engum á óvart og síst honum sjálfum, var á honum að skilja.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra var betur útbúinn, enda, ólíkt Sigmundi Davíð, kýs víst ekkert frekar en stangveiði þegar kemur að dægradvöl. Hann veiddi frá Laxfossi og kláraði þennan stutta veiðidag á Brotinu, hinum fornfræga veiðistað þar sem fyrsti laxinn hefur oftar en ekki verið dreginn úr Norðurá opnunardaginn.

### Einn lax, tveir ráðherrar

„Það yrði í besta falli óviðeigandi,“ sagði Sigmundur spurður á bakkanum hvernig honum félli sú tilhugsun að Bjarni næði að setja í lax, ólíkt honum. Aðeins augnabliki síðar hafði Bjarni sett í silfurbjarta og grálúsuga hrygnu og landað henni án vandræða á bakkanum við Brotið. Í þeirri andrá sem hrygnan þáði síðan lífgjöfina frá ráðherra fjármála, og synti rólega út í hylinn að nýju, varð ekki hjá því komist að spyrja Sigmund Davíð að nýju, og þá hvort laxinn gæti haft neikvæð áhrif á ríkisstjórnarsamstarfið. „Nei. Bjarni hefur það að atvinnu að draga björg í bú. Þetta styrkir mig í þeirri trú að hann valdi því starfi,“ var svarið en forsætisráðherra bætti síðar við í samtali við fjölmiðla að vöðluleysið hefði gefið Bjarna forskot og væri nærtækasta skýring á veiðigæfu hans.

### Forverinn vakinn

Vera Bjarna og Sigmundar við opnun Norðurár hefur verið gagnrýnd harðlega síðan veiðivefurinn Vötn&Veiði sagði frá því á þriðjudag að ráðherrarnir yrðu í hópi þeirra sem veiddu ána.

Þessa gagnrýni sagðist Sigmundur Davíð ekki taka alvarlega, og ekki hafa átt á henni von. „Það að bændur hér skyldu bjóða okkur að koma og opna veiðisumarið formlega hafi orðið að stórmáli, og dugað til að vekja forvera minn af værum blundi, það kemur á óvart. Satt að segja,“ sagði Sigmundur.

### Sjö á land

Fyrsta vaktin í Norðurá gaf sjö laxa, fjórir sluppu en margir brugðust við flugum veiðimanna. Allir laxarnir sem náðust voru silfurbjartir tveggja ára fiskar, nýgengnir úr hafi. Sá stærsti var 87 sentimetrar, og að sögn Einars Sigfússonar voru þeir allir „hnöttóttir af spiki“, en öllum var þeim gefið líf eins og reglur í Norðurá kveða á um. Þetta er frábær veiði á alla mælikvarða á fyrstu vakt, og ekki síður í því ljósi að Bjarni og Sigmundur Davíð nýttu sínar stangir aðeins í tæpa klukkustund og því veitt á sex stangir.

Einar sagði upphaf veiðitímabilsins hafa reynst vonum framar. „Við göngum fagnandi á móti sumrinu, veiðimenn.“ svavar@frettabladid.is



**ROTAÐ MEÐ LÍNUNNI** Heimsókn til nýs meirihluta í Borgarbyggð hafði verið bókuð klukkan átta árdegis, og því gaf forsætisráðherra sér ekki tíma til að klæða sig til veiða. Vöðlulaus veiddi hann því af bakkanum, án árangurs. Einhver hafði orð á því að fluguveiði byggist á tækni, ekki afli, og rétt væri að lauma því að Sigmundi, sem fyrstur varð til að viðurkenna að hæfnin til fluguveiði var gefin konunni hans – en ekki honum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


HAWAIIAN Tropic™
EST. 1969
Finndu ilminn af sumrinu!
HAWAIIAN Tropic
PROTECTIVE
Dry Spray Oil
15
Medium/Media
HAWAIIAN Tropic
Silk HYDRATION
PROTECTIVE
15
HAWAIIAN Tropic
Silk HYDRATION
PROTECTIVE
30
HAWAIIAN Tropic
Silk HYDRATION
PROTECTIVE
50
FACE
30

Gróðurskemmdir vegna utanvegaaksturs:

# Grætt á ferðamönnum?

Við sjáum og heyrum því miður alltof margar fréttir af því að náttúra Íslands liggi undir skemmdum vegna vaxandi ágangs ferðamanna. Ein slík var á forsíðu Fréttablaðsins í gær; þar sögðum við frá því að miklar gróðurskemmdir hefðu orðið í friðlandinu að Fjallabaki í vor vegna utanvegaaksturs, þrátt fyrir að svæðið eigi að heita lokað vélknúnum ökutækjum á meðan frost fer úr jörð.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Það fylgir sögunni að íslenzk ferðaþjónustufyrirtæki geri út á jeppaferðir inn á svæðið, þrátt fyrir að það eigi að vera lokað. Ingibjörg Eiríksdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, sagðist í blaðinu hafa við snögga leit fundið heimasíður sjö fyrirtækja sem seldu ferðir inn á svæðið, ýmist allt árið eða frá 1. júní, að meðtöldu tímabilinu sem það er vanalega lokað vegna þíðu í jarðvegi.

Í frétt á Vísi í gær kenndi forsvarsmaður innlends jeppaferðafyrirtækis útlendingum á bílaleigubílum um hér um bil allar gróðurskemmdir vegna utanvegaaksturs. Miðað við reynslu fyrri ára er það alveg áreiðanlega einföldun.

Það er fræðilegur möguleiki að í einhverjum tilvikum valdi fáfræði um staðhætti því að menn fari á stórum jeppum inn á lokuð svæði. Oftast hlýtur hins vegar að vera um ásetningsbrot að ræða, enda eru skýrar merkingar við helztu fjallvegina og upplýsingar á íslenzku og ensku um að umferð sé bönnuð, að viðlögðum sektum. Á heimasíðu Vegagerðarinnar er líka auðvelt að nálgast upplýsingar um hvaða vegir eru opnir og hverjir lokaðir.

Utanvegaaksturinn kemur ekki bara niður á náttúru landsins. Við sögðum líka frá því á Vísi í gær að mikið álag sé orðið á björgunarsveitirnar að bjarga ferðamönnum sem vilja láta á það reyna hvort þeir komist leiðar sinnar þrátt fyrir bannið. Kjánar á föstum bílum kosta björgunarsveitirnar bæði tíma og peninga, þótt þær séu nú farnar að reyna að rukka bílaleigurnar fyrir þjónustu sína.

Það á við um hálendisakstur eins og ýmis önnur svið ferðaþjónustunnar, að ef ekki verður gripið í taumana nú þegar stefnir í algjört ófremdarástand. Að sjálfsögðu þarf að framfylgja lögunum, sem kveða á um ríflegar sektir fyrir að skemma gróður með utanvegaakstri. Vandinn er bara að umsjónarmenn ríkiskassans, sem þiggja kátir tekjurnar af ferðamönnunum, þykjast hvorki hafa efni á landvörzlu né löggæzlu sem dugir til að hinir brotlegu séu hirtir og gerðir ábyrgir gjörða sinna.

Ásamt því að efla fræðslu, jafnt til ferðaskrifstofa sem ferðamanna, um alvöru og skaðsemi aksturs á lokuðum svæðum, þarf að gera stórátak í eftirliti með þessum akstri. Það dugir ekki að gera það bara núna á meðan frost er að fara úr jörðu, þótt þá sé náttúran viðkvæmust, heldur þarf eftirlitið að vera miklu strangara allt sumarið. Ef því er ekki sinnt er hætt við að ástandið fari algjörlega úr böndunum. Það er lítill gróði af ferðamönnum sem skemma landið til langframa.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Beltone **First**™

Snjallara heyrnartæki



Nýja Beltone **First**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**.
Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ímyndarvandi laxveiða

Það urðu margir hissa þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ákváðu að þiggja boð um að opna Norðurá, eina dýrustu og flottustu laxveiðiá landsins. Einar Sigfússon, sölustjóri Norðurár, sagði að boðið til ráðherranna væri liður í því að breyta ímyndarvanda sem laxveiði á Íslandi hefði átt í eftir hrun. Árið 2007 fannst mörgum, ekki þó öllum, sjálfsagt að áhrifamönnum í þjóðfélaginu væri boðið í lax. Nú virðist hins vegar flestum finnast rangt af áhrifamönnum að þiggja slík boð. Það er því vandséð að sölustjóranum hafi tekist að breyta ímyndarvanda laxveiða á Íslandi með því að bjóða ráðherrum að kasta fyrir lax.



### Brandarakarl á ráðherrastóli

Bjarni Benediktsson vakti kátínu vina sinna þegar hann frumsýndi flugu sem hann hann hafði hnýtt til að kasta við opnun Norðurár í gær. Flugan var „hvíthærð með rauðan kraga“ og var augljóslega ætlað að vera eftirmynd Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrverandi forsætisráðherra. Jóhanna hafði þá um daginn gagnrýnt Bjarna og Sigmund Davíð fyrir opnunina og vitnaði meðal annars í siðareglur ráðherra. Brandari Bjarna er ef til vill meinlaus en hann er samt fremur hrokafullur. Þetta er ekki í eina skiptið í vikunni sem Bjarni svarar gagnrýni með gríni sem er leiðinlegur ávani hjá ráðherra í sitjandi ríkisstjórn. Fyrrverandi forsætisráðherra hlýtur að eiga inni fyrir málefnalegri tilsvörum en þetta.



### 0,0003 prósent útstrikanir

Sigurvegari borgarstjórnarkosninganna um síðustu helgi er tvímælalaust Dagur B. Eggertsson. Ekki aðeins vann Samfylkingin sögulegan sigur í borginni heldur var Dagur sjálfur einungis strikaður út sex sinnum. Til samanburðar má nefna að árið 2010 var Dagur strikaður út 580 sinnum. Það er ómögulegt að segja hvers vegna þeir 574 sem síðast strikuðu Dag út hafa skipt um skoðun á oddvitanum. Kannski er það „nýja Degi“ að þakka sem hann sjálfur talaði svo hreinskilnislega um. Nýi Dagur er skýrari og skorinorðari en sá fyrri og ekki nærri því jafn mikill froðusnakkur.

**jme@frettabladid.is, snaeros@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# 19. júní 2015 – viðeigandi hátíðarhöld

JAFNRÉTTI



**Stefán Pálsson**
sagnfræðingur

Eftir rúmt ár, þann nítjánda júní 2015, verður því fagnað að hluti íslenskra kvenna fékk kosningarétt. Sjálfsagt er að halda því til haga að ekki öðluðust allir íslenskir borgarar þessi mannréttindi við það tilefni. Enn liðu nokkur ár uns t.d. vinnuhjú og fólk sem þegið hafði sveitarstyrk fékk full borgararéttindi. Engu að síður er nítjándi júní stór dagur, ekki hvað síst fyrir kvenréttindahreyfinguna sem lengi hefur minnst þessa dags.

Lengi hefur verið rætt um að halda upp á þennan áfanga með afgerandi hætti og hafa ýmsar tillögur litið dagsins ljós, svo sem að heiðra lykilkonur úr sögu kvenréttindabaráttunnar með minnisvörðum, afhjúpunum málverka eða með því að gefa gatnastubbum ný nöfn. Hér skal þó sett fram tillaga að viðburði sem gæti vakið athygli á afmælinu út fyrir landsteinana og myndi rata í metabækur.

**Einsdæmi í sögunni**

Löng hefð er fyrir því að Alþingi Íslendinga komi saman til aukafundar á hátíðarstundum. Ber þar hæst Alþingishátína 1930, lýðveldisstofnun á Þingvöllunum 1944, 1.100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974, lýðveldisafmælið 1994 og Kristnitökuhátíð sumarið 2000. Á öllum þessum samkomum hefur þótt við hæfi að þingið samþykki – helst einum rómi – einhverja löggjöf eða rausnarlega fjárveitingu sem til framfara horfir.

Það er því rökrétt hugmynd að Alþingi Íslendinga verði kallað saman til aukaþings að sumri þann nítjánda júní 2015 og þingið muni samþykkja einhverja þá löggjöf, þingsályktun eða fjárframlag sem telja má til framdráttar jafnréttisbaráttu kynjanna eða mannréttindabaráttu almennt.

En til að ljá samkomu þeirri sérstakan blæ og til að tryggja að hún skráist á spjöld sögunnar, legg ég til að við nýtum okkur sveigjanleika kosningakerfis okkar og þá staðreynd að varaþingmenn eru kallaðir inn á þing eftir sæti á framboðslistum.

Ef sérhver karlþingmaður myndi kalla inn varamann og allir karlvaraþingmenn myndu stíga til hliðar, mætti tryggja að löggjafarsamkoman á þessum hátíðarfundi yrði að öllu leyti skipuð konum. 63 kvenþingmenn myndu þá greiða atkvæði um lög og samþykktir. Það yrði heimssögulegur viðburður og met sem seint verður jafnað. Er hægt að hugsa sér meira viðeigandi aðgerð á tímamótum sem þessum?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Aumingja skólastjórinn

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ástandið er ekkert spes. Búið er að stofna Facebook-grúppu til höfuðs einum trúarhóp. Facebook-grúppan er margfalt fjölmennari en trúarhópurinn. Menn dreifa dýrapörtum á lóðir til að lýsa vanþóknun sinni á trúarhópnum. Talsmenn hans fá hótanir. Í símatíma útvarpsstöðva hringir hver maðurinn á fætur öðrum inn og finnur nýjan flöt á því hvers vegna fólkið sem hópnum tilheyrir sé með öllu ómögulegt.

Ástandið er ekkert spes. Það er því auðvitað eðlilegt að í þannig ástandi stígi bæði forsætisráðherra og aðstoðarmaður hans fram og grátbiðji fólk um að hætta þessum linnulausu árásum… á Framsóknarflokkinn. Forsætisráðherra segir að Framsóknarflokkurinn gæti ekki verið öfgaflokkur sögu sinnar vegna. Aðstoðarmaðurinn segir að Framsóknarflokkurinn gæti ekki verið öfgaflokkur því að fjölskyldu hans væri það þungbært. Hvorugt er þó alvörurök.

Sé þessum mönnum annt um málefnalega umræðu eins og þeir láta nú þá er undarlegt að þeir skyldu ekki eyða fleiri hljóðbylgjum og stafabilum í að skýra út stefnu sína. Er það stefna þeirra að draga eigi lóðarúthlutun til félags múslima til baka? Er það stefna þeirra að einungis eigi að úthluta lóðum til kirkna? Ef svo er, hvers vegna nefndi oddviti Framsóknar þá líka lóð rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar í tengslum við þetta mál?

**Mikilvægar spurningar**

Í lögunum segir: „Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi.“ Telur Framsóknarflokkurinn að þarna ætti að standa „lóðir undir kirkjur Þjóðkirkjunnar“? Vill Framsóknarflokkurinn breyta lögunum í þá veru? Telur Framsóknarflokkurinn að það sé á það reynandi fyrir dómstólum hvort ákvæði laganna gildi einungis um kristna söfnuði? Eða vill Framsóknarflokkurinn alls ekki úthluta ókeypis lóðum til neinna trúfélaga? Ef svo er, er frumvarps að vænta frá ríkisstjórninni um það efni? Og loks: Finnst flokknum það virkilega góð hugmynd að setja lóðarmál minnihlutahópa í þjóðaratkvæði?

Kannski verður einhverju af þessu svarað. En kannski er von á fleiri metapælingum forsætisráðherra um óvægni umræðunnar, kannski munu fleiri framsóknarmenn gráta sitt særða egó og kannski mun einhver tína til vafasöm ummæli annarra sem ekki hlutu sömu fordæmingu. Ekkert af þessu mun þó draga neitt úr nauðsyn þess að Framsókn svari fyrir sína stefnu.

**Baða sig í kjaftæðinu**

Fljótt á litið gekk kosningabarátta Framsóknarflokksins nefnilega einfaldlega út á tortryggni gagnvart einum trúarhóp. Menn skrúfuðu frá kjaftæðiskrananum, þóttust ekkert eiga í kjaftæðinu sem flæddi út, en böðuðu sig samt í því.

Í laginu „Ég dansa það af mér“ með Steinda Jr. var sagt frá strák sem var „óvinsælastur í öllum skólanum, strítt af nemendum, kennurum og skólastjóranum“. Okkur þætti ekki mikið til þeirra kennara og skólastjórnenda koma sem stríddu nemendum. En hvað

> Menn skrúfuðu frá kjaftæðiskrananum, þóttust ekkert eiga í kjaftæðinu sem flæddi út, en böðuðu sig samt í því.

þætti okkur um þá kennara og skólastjórnendur sem myndu láta sig eineltið engu varða? Hvað þætti okkur síðan um þá skólastjórnendur sem myndu svara ábendingum um slíkt einelti á eftirfarandi hátt: „Ertu að segja að ég sé ekki að gera nóg? Ertu að segja að ég beri ábyrgð á eineltinu? Ertu að segja að ég taki jafnvel þátt í því? Veistu ekki hvað það særir mig? Veistu ekki hvað ég hef verið kennari lengi? Veistu ekki hvað ég er vel menntaður? Mér finnst eiginlega að ÞÚ sért með einelti! Á hendur mér!“

**Grunngildi samfélagsins = krútt?**

Lífið getur breyst hratt. Dag einn ertu kannski 10 ára strákur að bíða eftir HM í fótbolta, næsta dag veltir hálfur skólinn fyrir sér tilverurétti þínum í samfélaginu. Hinir krakkarnir heyra kannski foreldra sína segja eitthvað. Þeir fara kannski að bögga þig. Þá væri alla vega gott ef þeir fullorðnu sem einhverju ráða myndu koma því skýrt á framfæri við þig að þú gætir treyst þeim.

Eins, í ástandi eins og þessu hefðu leiðtogar þjóðarinnar átt að stíga fram og árétta að á réttindum minnihlutahópsins verði ekki troðið, sama hve stór hópur fólks vildi gera það. Að grunnreglum samfélagsins yrði ekki fórnað. Þess í stað kveinka hinir máttlausu ráðamenn sér yfir því hve illa um þá sé talað. Og afgreiða áhyggjur af stöðu réttarríkisins sem krútt eða hnéverk.

# Við þurfum að vinna saman

Við þurfum að hjálpast að við uppbygginguna og þróun betra samfélags. Í því sambandi er meðal annars mikilvægt að við höfum á að skipa ábyrgu forystufólki, á öllum sviðum, sem leggur áherslu á samfélagsábyrgð og hefur það sem meginmarkmið að þjóna samfélaginu, auk þess að hafa hugrekki til að framkvæma og leiða með heilindi að leiðarljósi.

Þetta kann að hljóma einfalt en er erfiðara í framkvæmd og mannskepnan virðist oft gleyma sér eða hreinlega taka meðvitaða ákvörðun um að setja eigin hagsmuni á oddinn og sniðganga hagsmuni annarra. Við höfum séð fjöldamörg dæmi um þetta síðustu ár, til dæmis hafa eigendur og stjórnendur ýmissa fyrirtækja eingöngu eða mestmegnis hugsað um eigin hag og ekki hirt um hvernig öðrum reiðir af eða hvaða afleiðingar gjörðir þeirra hafa á starfsfólk, hluthafa og/eða samfélagið almennt.

SAMFÉLAG
Sigurður Ragnarsson
sviðsstjóri viðskiptasviðs Háskólans á Bifröst



**Siðferðileg forysta**

Einn mikilvægur þáttur í að tryggja okkur ákveðin lífsgæði er fagleg forysta sem byggir á góðu siðferði. Í þessu samhengi þurfum við að hafa í huga að þetta er sameiginlegt verkefni okkar allra. Fagleg og siðferðileg forysta gengur ekki út á að setja ákveðna einstaklinga á stall, fela þeim óskoruð völd og bíða svo eftir að þeir reddi málum. Það kann að hljóma sem klisja en það sem þarf er samvinna sem byggir á heilindum, siðferðilegri framsýni og framkvæmdagleði, þ.s. fólk er reiðubúið að axla ábyrgð og bæði þjóna og leiða í samfélaginu. Þetta felur m.a. í sér að viðurkenna mistök, leitast við að læra af þeim og hafa metnað og hugrekki til að vinna gegn ranglæti ásamt því að skoða vel og meta mögulegar afleiðingar þeirra ákvarðana sem við tökum.

Það er reyndar mikið gleðiefni að víða finnur maður jákvæðan kraft í samfélaginu og ekki virðist lengur eðlilegt að gera lítið úr áherslum á heilindi og kærleika. Já, ég segi kærleika því hann er grunnurinn að öllu. Okkur má ekki vera sama um náungann, um samfélagið okkar. Kærleikurinn er kraftur sem fer aldrei úr tísku og er þegar á botninn er hvolft eitt kraftmesta og jákvæðasta fyrirbæri sem fyrirfinnst.

Málið er í raun sáraeinfalt, við þurfum að starfa af heilindum og vinna saman.


**FRÉTTABLAÐIÐ** ER HELGARBLAÐIÐ



KÓNGURINN Á BAK VIÐ GRILLIÐ

**Tómas Andrés Tómasson** er gjarnan kallaður guðfaðir hamborgaramenningar landans. Tíu ár eru síðan hann vakti hamborgarastað sinn af værum blundi en hann er nú á ferð og flugi um heiminn þar sem Evrópubúar taka íslenska borgaranum opnum örmum. Hann segir galdurinn vera skipulagt kæruleysi.



**Besti flokkurinn kvaddur**

Fréttablaðið skoðar feril **Besta flokksins** sem hefur ráðið ríkjum í borginni síðastliðin fjögur ár með Jón Gnarr í fararbroddi.



**Pixies til Íslands**

David Lovering, trommari **Pixies**, getur ekki beðið eftir því að spila í Laugardalshöll á miðvikudag. Hann hélt töfrasýningu síðast þegar hann spilaði á Íslandi.

**Íslensk nútímamyndlist út í heim**

Fréttablaðið beinir sjónum sínum að íslenskri nútímamyndlist. Svipmyndir af myndlistarmönnunum **Agli Sæbjörnssyni** og Rögnu Róbertsdóttur, sem bæði hafa gert það gott í listinni.



FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS** *Ómissandi hluti af góðri helgi*

VANNST ÞÚ Í GÆR?

SÍBS HAPPDRÆTTI

VINNINGASKRÁ SÍBS
6. FLOKKUR 2014
ÚTDRÁTTUR 5. júní 2014

**Nissan Leaf rafbíll kr. 5.000.000**
33273

**Aukavinningar kr. 100.000**
33272 33274

**Kr. 500.000**
3873 27441 30254 33074 40985 48069 59749 60700 74488 78059

**Kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 38 | 4392 | 9332 | 13945 | 17547 | 20906 | 24478 | 29193 | 33154 | 36728 | 39506 | 42980 | 47015 | 52383 | 57600 | 64036 | 68616 | 74614 |
| 162 | 4531 | 9872 | 13948 | 17694 | 21452 | 26061 | 29242 | 33171 | 36732 | 39609 | 43643 | 47450 | 52786 | 58034 | 64038 | 68960 | 74746 |
| 298 | 4644 | 10312 | 14222 | 17941 | 21504 | 26514 | 29299 | 33242 | 36759 | 39780 | 43999 | 49137 | 53248 | 58135 | 64094 | 69622 | 75148 |
| 333 | 4952 | 10628 | 14242 | 18107 | 21767 | 26867 | 29432 | 33275 | 37026 | 39995 | 44189 | 49288 | 54756 | 58960 | 64916 | 70123 | 75186 |
| 893 | 5028 | 11506 | 14809 | 18244 | 21997 | 26941 | 29552 | 33486 | 37240 | 40002 | 44223 | 49775 | 54818 | 58989 | 64922 | 71053 | 75588 |
| 1868 | 5902 | 11543 | 15548 | 18343 | 22129 | 26950 | 30790 | 33503 | 37299 | 40079 | 44499 | 50106 | 54935 | 58993 | 65198 | 71279 | 75961 |
| 2404 | 6409 | 11826 | 15681 | 18362 | 22441 | 27159 | 30812 | 34713 | 37700 | 40753 | 44878 | 50187 | 55221 | 59128 | 65241 | 71316 | 76563 |
| 2658 | 6669 | 11997 | 15963 | 18789 | 22901 | 27481 | 30876 | 34851 | 37898 | 40871 | 45173 | 50395 | 55646 | 59345 | 65985 | 71487 | 77381 |
| 2804 | 7504 | 12013 | 16365 | 18794 | 23182 | 27525 | 31446 | 35127 | 37909 | 40962 | 45285 | 50442 | 55817 | 60712 | 66612 | 71968 | 78458 |
| 3355 | 7966 | 12145 | 16604 | 19083 | 23419 | 28138 | 31991 | 35175 | 38375 | 41071 | 45635 | 50506 | 56272 | 60730 | 67288 | 72088 | 78884 |
| 3644 | 8247 | 12888 | 16662 | 19774 | 23524 | 28173 | 32107 | 35185 | 38412 | 41201 | 46069 | 50675 | 56284 | 61764 | 67317 | 72224 | 79192 |
| 4111 | 8356 | 13143 | 16673 | 19785 | 23649 | 28473 | 32751 | 35507 | 38476 | 41439 | 46899 | 51218 | 56380 | 63061 | 67662 | 72469 | 79837 |
| 4194 | 8926 | 13511 | 16857 | 20082 | 23999 | 28502 | 32796 | 36498 | 38537 | 42030 | 46928 | 51685 | 57138 | 63369 | 67994 | 72789 | |
| 4202 | 8964 | 13834 | 17272 | 20263 | 24177 | 28784 | 33084 | 36600 | 39132 | 42221 | 47003 | 52307 | 57533 | 63894 | 68158 | 74349 | |

**Vöruúttekt hjá N1**

**kr. 25.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 137 | 5332 | 8731 | 13497 | 16593 | 21660 | 26244 | 30579 | 35416 | 38506 | 43145 | 46292 | 50852 | 55293 | 59861 | 65068 | 70005 | 74877 |
| 275 | 5495 | 8764 | 13513 | 16730 | 21739 | 26575 | 30813 | 35599 | 38509 | 43210 | 46454 | 50952 | 55449 | 59901 | 65422 | 70224 | 75039 |
| 503 | 5607 | 9190 | 13517 | 16930 | 21847 | 26663 | 30828 | 35783 | 38680 | 43725 | 46550 | 51086 | 55662 | 59955 | 65701 | 70249 | 75066 |
| 552 | 5680 | 9240 | 13627 | 17012 | 21989 | 26739 | 30891 | 36114 | 38705 | 44021 | 46617 | 51236 | 55723 | 60481 | 65804 | 70397 | 75211 |
| 699 | 5949 | 9279 | 13746 | 17037 | 22047 | 26910 | 30959 | 36260 | 38754 | 44112 | 46786 | 51367 | 55731 | 60846 | 66406 | 70539 | 75321 |
| 1037 | 6001 | 9319 | 13821 | 17130 | 22231 | 26970 | 30963 | 36293 | 38930 | 44202 | 46942 | 51447 | 55853 | 60895 | 66414 | 70773 | 75682 |
| 1151 | 6069 | 9529 | 13899 | 17155 | 22450 | 27106 | 31310 | 36348 | 39042 | 44386 | 46989 | 51535 | 55880 | 60929 | 66419 | 71003 | 75860 |
| 1216 | 6230 | 9533 | 13968 | 17194 | 22677 | 27344 | 31829 | 36385 | 39182 | 44446 | 47062 | 51614 | 55942 | 61079 | 66926 | 71171 | 76074 |
| 1625 | 6314 | 9686 | 13983 | 17287 | 22943 | 27487 | 32036 | 36394 | 39185 | 44448 | 47348 | 51630 | 56171 | 61272 | 67000 | 71329 | 76333 |
| 1628 | 6317 | 9696 | 14029 | 17633 | 23123 | 27506 | 32473 | 36425 | 39203 | 44543 | 47367 | 51700 | 56177 | 61350 | 67012 | 71553 | 76725 |
| 1650 | 6357 | 9777 | 14095 | 17890 | 23177 | 27555 | 32563 | 36522 | 39375 | 44564 | 47499 | 52050 | 56379 | 61466 | 67079 | 71774 | 76762 |
| 1732 | 6400 | 9780 | 14291 | 18119 | 23250 | 27634 | 32723 | 36778 | 39539 | 44665 | 47578 | 52056 | 56419 | 61617 | 67304 | 71782 | 76979 |
| 1797 | 6612 | 9912 | 14450 | 18155 | 23472 | 27750 | 32760 | 36806 | 39551 | 44697 | 47635 | 52141 | 56461 | 61676 | 67414 | 71841 | 76989 |
| 1826 | 6734 | 10013 | 14563 | 18350 | 23530 | 27917 | 32762 | 37158 | 40005 | 44826 | 47636 | 52209 | 56657 | 61868 | 67479 | 71892 | 77385 |
| 1845 | 6756 | 10227 | 14714 | 18473 | 24302 | 27945 | 32766 | 37204 | 40297 | 44839 | 47783 | 52224 | 56671 | 62397 | 67629 | 71931 | 77550 |
| 1946 | 6984 | 10235 | 14873 | 19066 | 24392 | 28174 | 33109 | 37250 | 40393 | 44852 | 47838 | 52557 | 56900 | 62429 | 67684 | 71977 | 77622 |
| 2290 | 7045 | 10311 | 14891 | 19264 | 24596 | 28462 | 33591 | 37365 | 40415 | 44929 | 48111 | 52560 | 56937 | 62431 | 67818 | 72141 | 77644 |
| 2581 | 7114 | 10440 | 14992 | 19309 | 24877 | 28693 | 33806 | 37424 | 40445 | 44954 | 48145 | 52734 | 56953 | 62486 | 68107 | 72246 | 77666 |
| 3141 | 7117 | 10609 | 15059 | 19871 | 24941 | 28900 | 33951 | 37561 | 40712 | 45008 | 48311 | 52774 | 57105 | 62647 | 68113 | 72442 | 77669 |
| 3496 | 7327 | 10905 | 15110 | 20136 | 24967 | 28930 | 34289 | 37607 | 40799 | 45093 | 48427 | 52820 | 57144 | 62658 | 68138 | 72544 | 77803 |
| 3961 | 7543 | 10919 | 15111 | 20312 | 24970 | 29100 | 34447 | 37640 | 40931 | 45219 | 48819 | 53074 | 57480 | 62775 | 68241 | 72628 | 78540 |
| 4139 | 7648 | 11087 | 15283 | 20463 | 24985 | 29140 | 34474 | 37668 | 40953 | 45242 | 48996 | 53306 | 57826 | 62935 | 68326 | 73051 | 78705 |
| 4519 | 7897 | 11209 | 15326 | 20587 | 25116 | 29233 | 34512 | 37742 | 41034 | 45459 | 49599 | 53335 | 57967 | 62957 | 68516 | 73118 | 78754 |
| 4588 | 7906 | 11283 | 15381 | 20658 | 25176 | 29515 | 34582 | 37932 | 41321 | 45556 | 49799 | 53577 | 58098 | 63015 | 68604 | 73271 | 78844 |
| 4685 | 7926 | 11315 | 15661 | 20979 | 25203 | 29565 | 34697 | 37963 | 41342 | 45620 | 49834 | 53628 | 58304 | 63460 | 68851 | 73297 | 78953 |
| 4722 | 7976 | 12218 | 15785 | 21208 | 25493 | 29621 | 34726 | 38098 | 41409 | 45674 | 50041 | 53745 | 58384 | 63743 | 69008 | 73357 | 79016 |
| 4743 | 8096 | 12355 | 15884 | 21315 | 25516 | 29772 | 34772 | 38112 | 41555 | 45683 | 50153 | 54240 | 58601 | 63923 | 69094 | 73544 | 79038 |
| 4785 | 8180 | 12747 | 15905 | 21323 | 25654 | 30214 | 34781 | 38118 | 41641 | 45706 | 50216 | 54303 | 58951 | 64092 | 69136 | 73647 | 79387 |
| 4876 | 8359 | 12829 | 16005 | 21371 | 25767 | 30249 | 34865 | 38132 | 41884 | 45786 | 50331 | 54316 | 59068 | 64231 | 69198 | 73684 | 79553 |
| 5116 | 8551 | 13299 | 16015 | 21580 | 25949 | 30270 | 34897 | 38252 | 41946 | 45832 | 50432 | 54692 | 59162 | 64287 | 69284 | 73807 | |
| 5240 | 8605 | 13444 | 16134 | 21605 | 26034 | 30303 | 35052 | 38253 | 42395 | 45839 | 50541 | 54841 | 59538 | 64426 | 69310 | 74314 | |
| 5307 | 8653 | 13489 | 16151 | 21606 | 26046 | 30395 | 35092 | 38296 | 42795 | 46023 | 50728 | 55006 | 59543 | 64764 | 69662 | 74428 | |
| 5313 | 8672 | 13495 | 16467 | 21636 | 26242 | 30432 | 35305 | 38398 | 42952 | 46251 | 50776 | 55141 | 59589 | 64938 | 69920 | 74665 | |

**Kr. 15.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 105 | 4681 | 8322 | 13073 | 17501 | 21762 | 25613 | 30667 | 34560 | 39272 | 44203 | 47907 | 52691 | 56849 | 62388 | 66949 | 71901 | 74788 |
| 130 | 4733 | 8468 | 13295 | 17554 | 21851 | 26047 | 30702 | 34573 | 39344 | 44206 | 47951 | 52754 | 56931 | 62406 | 67094 | 71913 | 74833 |
| 326 | 4940 | 8573 | 13296 | 17573 | 21856 | 26285 | 30801 | 34636 | 39356 | 44420 | 47988 | 52851 | 56989 | 62417 | 67101 | 71978 | 74899 |
| 649 | 4985 | 8691 | 13491 | 17584 | 22061 | 26339 | 30897 | 34774 | 39453 | 44427 | 48129 | 52857 | 57009 | 62420 | 67129 | 72002 | 75175 |
| 775 | 5017 | 8725 | 13610 | 17712 | 22090 | 26506 | 30930 | 34808 | 39656 | 44452 | 48383 | 52879 | 57070 | 62430 | 67143 | 72164 | 75213 |
| 796 | 5115 | 8790 | 13809 | 17767 | 22198 | 26517 | 31031 | 34835 | 39732 | 44617 | 48443 | 52919 | 57250 | 62490 | 67241 | 72217 | 75308 |
| 812 | 5121 | 8820 | 13960 | 17977 | 22270 | 26554 | 31191 | 34938 | 39779 | 44656 | 48574 | 53012 | 57254 | 62582 | 67248 | 72273 | 75323 |
| 825 | 5183 | 8893 | 14008 | 18030 | 22350 | 26580 | 31230 | 35017 | 39879 | 44783 | 48700 | 53246 | 57330 | 62635 | 67315 | 72344 | 75472 |
| 886 | 5218 | 9312 | 14234 | 18083 | 22354 | 26868 | 31333 | 35107 | 39928 | 44868 | 48715 | 53314 | 57815 | 62823 | 67346 | 72348 | 75505 |
| 1142 | 5224 | 9318 | 14354 | 18205 | 22469 | 26985 | 31337 | 35241 | 40006 | 45064 | 48739 | 53322 | 57904 | 62844 | 67359 | 72486 | 75604 |
| 1190 | 5286 | 9347 | 14364 | 18222 | 22544 | 27045 | 31355 | 35356 | 40143 | 45185 | 48780 | 53366 | 58153 | 62902 | 67362 | 72508 | 75701 |
| 1339 | 5303 | 9356 | 14520 | 18233 | 22651 | 27132 | 31634 | 35380 | 40203 | 45323 | 48927 | 53478 | 58199 | 62993 | 67365 | 72634 | 75832 |
| 1350 | 5344 | 9570 | 14534 | 18243 | 22690 | 27145 | 31820 | 35477 | 40569 | 45439 | 49013 | 53511 | 58293 | 63037 | 67534 | 72692 | 75848 |
| 1519 | 5385 | 9574 | 14591 | 18277 | 22749 | 27173 | 31832 | 35597 | 40665 | 45460 | 49055 | 53671 | 58510 | 63096 | 67706 | 72707 | 75924 |
| 1956 | 5420 | 9587 | 14686 | 18562 | 22882 | 27199 | 31926 | 35722 | 40709 | 45584 | 49088 | 53966 | 58608 | 63158 | 67800 | 72712 | 75952 |
| 2074 | 5572 | 9588 | 14704 | 18577 | 22914 | 27224 | 32172 | 35746 | 40883 | 45725 | 49356 | 54173 | 58672 | 63220 | 67847 | 72716 | 75969 |
| 2151 | 5595 | 9659 | 14738 | 18666 | 22924 | 27282 | 32187 | 35763 | 40911 | 45859 | 49357 | 54250 | 58686 | 63234 | 67967 | 72722 | 75971 |
| 2257 | 5706 | 9823 | 14804 | 18714 | 22966 | 27372 | 32459 | 35940 | 41181 | 45903 | 49380 | 54283 | 58885 | 63338 | 68005 | 72781 | 76175 |
| 2265 | 5720 | 9828 | 14831 | 18763 | 22997 | 27520 | 32491 | 35946 | 41341 | 45970 | 49383 | 54349 | 59004 | 63540 | 68206 | 72832 | 76207 |
| 2298 | 5744 | 10193 | 14875 | 18780 | 23042 | 27567 | 32547 | 35991 | 41372 | 45984 | 49468 | 54350 | 59069 | 63558 | 68378 | 72850 | 76451 |
| 2350 | 5771 | 10252 | 15038 | 18811 | 23175 | 27603 | 32557 | 36088 | 41393 | 46017 | 49554 | 54382 | 59123 | 63599 | 68560 | 72936 | 76501 |
| 2372 | 5846 | 10256 | 15084 | 18909 | 23186 | 27605 | 32619 | 36469 | 41407 | 46021 | 49618 | 54534 | 59194 | 63780 | 68643 | 72938 | 76639 |
| 2505 | 6002 | 10257 | 15155 | 18969 | 23200 | 27617 | 32628 | 36513 | 41536 | 46070 | 49667 | 54593 | 59323 | 63884 | 68673 | 73076 | 76703 |
| 2553 | 6031 | 10543 | 15163 | 19121 | 23202 | 27683 | 32854 | 36596 | 41676 | 46075 | 49904 | 54619 | 59527 | 63926 | 68783 | 73108 | 76903 |
| 2599 | 6047 | 10679 | 15178 | 19188 | 23236 | 27702 | 32991 | 36668 | 41907 | 46110 | 50023 | 54665 | 59539 | 64051 | 68915 | 73129 | 76927 |
| 2662 | 6052 | 10682 | 15183 | 19249 | 23243 | 27903 | 33115 | 36693 | 42140 | 46121 | 50044 | 54773 | 59708 | 64106 | 68955 | 73138 | 77052 |
| 2715 | 6057 | 10711 | 15250 | 19363 | 23295 | 27948 | 33223 | 36741 | 42195 | 46167 | 50074 | 54873 | 59712 | 64477 | 69146 | 73156 | 77226 |
| 2729 | 6153 | 10798 | 15281 | 19386 | 23487 | 28026 | 33300 | 36801 | 42226 | 46197 | 50178 | 54906 | 59850 | 64485 | 69270 | 73158 | 77437 |
| 2763 | 6167 | 10808 | 15526 | 19393 | 23532 | 28103 | 33306 | 36850 | 42266 | 46257 | 50217 | 54925 | 59909 | 64624 | 69441 | 73163 | 77523 |
| 3029 | 6186 | 10842 | 15540 | 19499 | 23611 | 28167 | 33543 | 36887 | 42286 | 46299 | 50278 | 55074 | 59923 | 64817 | 69856 | 73171 | 77610 |
| 3078 | 6405 | 11130 | 15584 | 19529 | 23660 | 28181 | 33551 | 37003 | 42439 | 46313 | 50608 | 55340 | 60203 | 65081 | 69866 | 73198 | 77617 |
| 3170 | 6460 | 11188 | 15596 | 19571 | 23667 | 28224 | 33564 | 37119 | 42712 | 46398 | 50641 | 55472 | 60276 | 65128 | 70062 | 73252 | 77646 |
| 3174 | 6569 | 11332 | 15622 | 19690 | 23758 | 28282 | 33569 | 37135 | 42813 | 46449 | 51191 | 55548 | 60286 | 65173 | 70064 | 73294 | 77647 |
| 3376 | 6703 | 11438 | 15803 | 19745 | 23829 | 29087 | 33691 | 37173 | 42853 | 46453 | 51258 | 55585 | 60336 | 65336 | 70162 | 73329 | 77766 |
| 3386 | 6742 | 11471 | 15863 | 19813 | 23837 | 29145 | 33694 | 37199 | 42928 | 46526 | 51286 | 55651 | 60368 | 65411 | 70185 | 73440 | 77888 |
| 3507 | 6774 | 11476 | 15879 | 19830 | 23911 | 29191 | 33729 | 37233 | 43141 | 46554 | 51352 | 55778 | 60541 | 65433 | 70302 | 73501 | 78132 |
| 3645 | 6860 | 11494 | 16429 | 19896 | 23981 | 29206 | 33734 | 37263 | 43240 | 46558 | 51422 | 55854 | 60775 | 65680 | 70316 | 73617 | 78401 |
| 3646 | 6871 | 11533 | 16432 | 19932 | 24305 | 29247 | 33820 | 37406 | 43253 | 46631 | 51472 | 55864 | 60920 | 65720 | 70339 | 73652 | 78447 |
| 3647 | 6872 | 11541 | 16461 | 19998 | 24334 | 29264 | 33857 | 37458 | 43293 | 46696 | 51491 | 55869 | 60945 | 65750 | 70551 | 73732 | 78574 |
| 3650 | 6875 | 11622 | 16465 | 20012 | 24377 | 29282 | 33872 | 37465 | 43299 | 46726 | 51504 | 55879 | 60993 | 65762 | 70586 | 73788 | 78601 |
| 3706 | 6928 | 11755 | 16567 | 20032 | 24406 | 29715 | 33873 | 37514 | 43327 | 46748 | 51565 | 55930 | 61026 | 65827 | 70637 | 73804 | 78680 |
| 3828 | 7207 | 11817 | 16627 | 20110 | 24646 | 29835 | 34007 | 37599 | 43417 | 46810 | 51572 | 55934 | 61062 | 65943 | 70706 | 73957 | 78709 |
| 3890 | 7252 | 11975 | 16820 | 20273 | 24730 | 29863 | 34077 | 37781 | 43443 | 46819 | 51584 | 55972 | 61301 | 66015 | 70799 | 74041 | 78792 |
| 3911 | 7329 | 12109 | 16874 | 20595 | 24731 | 29895 | 34184 | 37836 | 43459 | 46884 | 51768 | 56072 | 61349 | 66016 | 70910 | 74056 | 79093 |
| 3939 | 7470 | 12156 | 16920 | 20911 | 24813 | 29963 | 34198 | 37860 | 43482 | 46888 | 51780 | 56130 | 61414 | 66034 | 70935 | 74060 | 79281 |
| 4134 | 7559 | 12167 | 16952 | 21083 | 24840 | 29964 | 34208 | 37958 | 43555 | 46897 | 51785 | 56135 | 61471 | 66082 | 70982 | 74066 | 79304 |
| 4204 | 7627 | 12233 | 17020 | 21287 | 24853 | 30055 | 34257 | 38074 | 43596 | 46910 | 51837 | 56322 | 61522 | 66087 | 71017 | 74071 | 79328 |
| 4287 | 7759 | 12237 | 17137 | 21313 | 25001 | 30105 | 34304 | 38165 | 43683 | 47004 | 51889 | 56352 | 61551 | 66212 | 71162 | 74121 | 79536 |
| 4372 | 7905 | 12491 | 17228 | 21314 | 25056 | 30121 | 34317 | 38453 | 43738 | 47051 | 51960 | 56495 | 61603 | 66396 | 71186 | 74225 | 79672 |
| 4375 | 7927 | 12534 | 17279 | 21366 | 25192 | 30122 | 34341 | 38774 | 43934 | 47114 | 52034 | 56536 | 61670 | 66672 | 71247 | 74501 | 79698 |
| 4420 | 8030 | 12824 | 17406 | 21470 | 25470 | 30123 | 34365 | 38985 | 44029 | 47267 | 52280 | 56610 | 61753 | 66724 | 71439 | 74525 | 79793 |
| 4522 | 8220 | 12844 | 17409 | 21494 | 25494 | 30184 | 34384 | 39051 | 44143 | 47534 | 52281 | 56613 | 62192 | 66840 | 71472 | 74681 | 79818 |
| 4561 | 8246 | 12906 | 17428 | 21543 | 25496 | 30501 | 34400 | 39079 | 44154 | 47777 | 52529 | 56695 | 62199 | 66880 | 71588 | 74701 | |
| 4595 | 8305 | 12964 | 17448 | 21746 | 25571 | 30513 | 34524 | 39265 | 44156 | 47880 | 52577 | 56769 | 62298 | 66922 | 71597 | 74750 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða
á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. júní 2014
Birt án ábyrgðar um prentvillur

DRÖGUM ÚT
RÍFLEGA
600
MILLJÓNIR
Á ÁRINU



DRÖGUM ÚT
NISSAN
LEAF
RAFBÍL
Í HVERJUM
MÁNUÐI


# Ræðum óttann

SAMFÉLAG




**Árni Páll Árnason,**
formaður Samfylkingarinnar


**Farsæld okkar hlýtur að felast í að viðurkenna það sem veldur okkur ótta, ræða það og skilja. Í langflestum tilvikum er óttinn ástæðulaus, en ef ekki, þá er mikilvægt að ræða hann til að geta brugðist við.**

Í umræðu um útlendingamál er óhjákvæmilegt að viðurkenna að það er manninum eðlislægt að bera ótta í brjósti gagnvart hinu ókunna og þar með fólki af framandi uppruna og við getum ekki áfellst fólk fyrir þær tilfinningar. Við þurfum að vera tilbúin að ræða þær áhyggjur sem fólk hefur málefnalega og greina hvað á við rök að styðjast og hvað ekki.

Einhverjir Íslendingar óttast um stöðu sína á vinnumarkaði vegna þess að útlendingar komi hingað í vaxandi mæli og geti ógnað starfsöryggi þeirra sem fyrir eru. Það er skiljanlegt. Staðreyndin er á hinn bóginn sú að umgjörð íslenskra kjarasamninga og lagaákvæði sem binda alla við heildarkjarasamninga á vinnumarkaði gera félagsleg undirboð erfiðari hér en í nokkru öðru Evrópuríki og vernda betur en annars staðar í senn rétt þeirra sem fyrir eru á vinnumarkaði og erlends verkafólks.

Margir óttast uppgang erlendra glæpagengja og tengja þau opnum vinnumarkaði. Staðreyndin er sú að glæpir eru ekki bundnir við útlendinga og við eigum líka innlend glæpagengi. Viðureign við erlend glæpagengi yrði erfiðari ef við hefðum ekki þá alþjóðasamvinnu á sviði löggæslumála sem við nú höfum á grundvelli Schengen og opins vinnumarkaðar.

## Öfgar eru víða

Og svo eru margir sem óttast um hefðir okkar og siði og sérstaklega að framandi trúarbrögð feli í sér hættur. Staðreyndin er hins vegar sú að öfgar fela í sér ógn og þær geta nærst meðal allra trúarhópa. Versta ódæði okkar tíma – fjöldamorð á saklausum ungmennum í okkar næsta grannríki – hefur verið unnið af manni sem taldi sig kristinn hreinstefnumann og heitir Anders Behring Breivik. Við verðum betra samfélag með því að virða trúfrelsi og viðurkenna jákvæð áhrif virks trúarlífs, óháð því hvaða trú á í hlut. Við þurfum hins vegar að verjast hatursáróðri og vera á varðbergi gagnvart honum hvaðan sem hann berst. Öfgaöfl innan trúfélaga af öllum gerðum boða hatur og frelsisskerðingu ólíkra hópa – samkynhneigðra eða kvenna eða bara allra sem ekki eru tilbúnir að ganga með í takt. Við getum sammælst um þá varnarlínu að trúfrelsi sé ekki nýtt til að þess að boða og berjast fyrir ófrelsi annarra.

Íslenskt samfélag hefur auðgast vegna þess að hingað hefur komið fólk af ólíkum uppruna og fært með sér mikla þekkingu og nýja strauma. Um aldamótin 1900 komu innflytjendur af dönskum uppruna með allra handa iðnþekkingu til landsins og kenndu okkur t.d. að baka brauð og brugga öl. Hvar væri íslenskt tónlistarlíf ef ekki fyrir þá flóttamenn sem hingað komu um miðbik 20. aldarinnar? Og íslensk matarmenning hefur tekið stakkaskiptum á fáum áratugum, ekki síst vegna áhrifa innflytjenda.

Ekki nóg með það: Við höfum beinlínis auðgast peningalega á útlendingum. Um áratugi höfum við reitt okkur á erlent vinnuafl til að halda úti grundvallaratvinnuvegum og mikilvægri þjónustu. Ef lagðar eru á vogarskálar skatttekjur af útlendingum og útgjöld vegna þeirra (bótagreiðslur og félagsleg aðstoð) eru tekjurnar langt umfram útgjöldin.

## Við og þeir?

Það er gaman að fylgjast með Íslendingum sem búa tímabundið erlendis. Þeir hafa tilhneigingu til að halda hópinn. Þeir skemmta sér saman og börnin leika sér saman. Við gleðjumst yfir því úr fjarlægð þegar Íslendingar í útlöndum láta sér annt um arfleifð sína og keppast við að halda íslenskum siðum og móðurmálinu að börnum sínum. Með nákvæmlega sama hætti hlýtur fólk af erlendum uppruna hér á landi að halda í trú sína og siði og halda þeim að börnum sínum. Farsæld okkar hlýtur að felast í að viðurkenna það sem veldur okkur ótta, ræða það og skilja. Í langflestum tilvikum er óttinn ástæðulaus, en ef ekki, þá er mikilvægt að ræða hann til að geta brugðist við. Þess vegna er lifandi samtal um innflytjendamál alger nauðsyn. Við viljum ekki að hálfkveðnar vísur sem ala á tortryggni og ótta afli stjórnmálaflokkum fylgis í næstu kosningum á Íslandi.

# Vitleysa leiðrétt

SJÁVARÚTVEGUR




**Sigurjón Þórðarson**
líffræðingur


**Ekki ætla ég að elta ólar við fráleita vitleysu eins og þá að setja vöxt og viðgang fiskistofna í samhengi við gróður á hálendi landsins. Ég ætla einnig að láta Vestfirðingum og íbúum Djúpavogs eftir að deila við hagfræðinginn um hagræðingu kvótakerfisins.**

Þröstur Ólafsson ritar grein í Fréttablaðið undir fyrirsögninni „Að vernda vitleysuna, eða…?“

Í greininni er því haldið fram að helstu nytjastofnar á Íslandsmiðum hafi verið að eyðast um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Sú fullyrðing stenst enga skoðun og er í raun alger vitleysa ef eitthvert mark má taka á tölfræði Hafró. Í skýrslum Hafró kemur fram að á tímabilinu 1980-1985 hafi bæði nýliðun þorsks verið meiri og viðmiðunarstofn stærri á Íslandsmiðum en hann var áætlaður 2008-2013.

Það að veiðin á seinna tímabilinu sé helmingurinn af því sem hún var á því fyrra hefur hvorki skilað meiri nýliðun né stærri viðmiðunarstofni. Allt bendir því til þess að veiðistjórnunin hafi verið algerlega misheppnuð.

Ekki ætla ég að elta ólar við fráleita vitleysu eins og þá að setja vöxt og viðgang fiskistofna í samhengi við gróður á hálendi landsins. Ég ætla einnig að láta Vestfirðingum og íbúum Djúpavogs eftir að deila við hagfræðinginn um hagræðingu kvótakerfisins en mér finnst þó rétt að benda á vitleysuna við að setja þá hamingju alla í samhengi við afskriftir, lækkað fasteignaverð, minni afla, skuldsetningu og aldinn fiskiskipaflota landsmanna.

Einhver kann að ætla að þrátt fyrir að framangreindur samanburður gefi kvótakerfinu falleinkunn, þá megi búast við betri tíð og aflaaukningu á næstunni, en svo er alls ekki þar sem stofnvísitala þorsks lækkaði í ár annað árið í röð.

THULE SWEDEN

# Ferðabox og hjólafestingar




Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

# Aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs: Horfum jákvætt til framtíðar

VÍSINDI

**Arnfríður Guðmundsdóttir** prófessor

**Erna Magnúsdóttir** rannsóknasérfræðingur

**Kristján Leósson** vísindamaður

**Steinunn J. Kristjánsdóttir** prófessor

**Þórarinn Guðjónsson** prófessor

**Þórólfur Þórlindsson** prófessor

**Þórunn Rafnar** vísindamaður, í stjórn Vísindafélags Íslendinga

Í desember 2013 var lögð fram metnaðarfull stefna Vísinda- og tækniráðs sem gerði ráð fyrir að fjármagn til þekkingar- og nýsköpunar yrði aukið verulega á næstu misserum og næði þremur prósentum af vergri landsframleiðslu árið 2016. Á sama tíma var mikil umræða um fjárlagafrumvarpið og afturkall núverandi stjórnvalda á veiðileyfagjöldum sem höfðu að hluta verið eyrnamerkt samkeppnissjóðum og nýsköpun. Við lestur fjárlagafrumvarpsins fyrir fjárlagaárið 2014 var útilokað að átta sig á því hvernig stjórnvöld ætluðu að ná markmiðum sínum og skapaði þetta mikinn óróa og óvissu innan vísinda- og fræðasamfélagsins.

22. maí síðastliðinn kynnti forsætisráðherra aðgerðaáætlun ríkistjórnarinnar um hvernig stefnu Vísinda- og tækniráðs yrði framfylgt. Aðgerðaáætlunina má finna á vef forsætisráðuneytisins http://www.forsaetisraduneyti.is/vt/. Í stuttu máli byggir áætlunin á því að efla stórlega framlög í samkeppnissjóði og jafnframt að búa til skattalega hvata sem auðvelda og hvetja fyrirtæki til að setja aukið fé í rannsóknir og nýsköpun.

### Samkeppnissjóðir

Stjórnvöld hafa nú sagt að þau muni auka fjárframlög til samkeppnissjóða um 2,8 milljarða á kjörtímabilinu, það er um 800 milljónir fjárlagaárið 2015 og um tvo milljarða fjárlagaárið 2016. Það er þó nefnt að þetta sé gert með fyrirvara um fjárlagaferlið og afgreiðslu Alþingis á fjárlögum. Það er því ljóst að Vísinda- og nýsköpunarsamfélagið mun fylgjast grannt með umfjöllun Alþingis um fjárlagafrumvarpið í haust.

**➔ Stjórnvöld stefna á að auka fjárfestingu fyrirtækja í rannsóknum og þróun um 5 milljarða króna.**

### Aukin fjárfesting fyrirtækja

Stjórnvöld stefna á að auka fjárfestingu fyrirtækja í rannsóknum og þróun um 5 milljarða króna. Skapa á umhverfi fyrir fyrirtæki þannig að þau sjái hag í að auka hlut sinn í rannsóknar- og nýsköpunarstarfi. Sérstaklega er hér horft til skattahvata.

### Háskólasamfélagið

Styrkja á fjármögnun háskólakerfisins hér á landi svo hún verði að minnsta kosti sambærileg við meðaltal aðildarríkja OECD árið 2016 og Norðurlanda árið 2020. Það er ljóst að hækkun framlags í samkeppnissjóði mun einnig styrkja fjármögnun vísindastarfs innan háskólanna. Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur jafnframt að því að hækka reikniflokka háskólanna, sem er afar mikilvægt. Einnig er stefnt að auknu samstarfi háskóla og fyrirtækja.

### Lokaorð

Undanfarin ár hefur þrengt mjög að vísindasamfélaginu á Íslandi með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á nýsköpun, nýliðun ungra vísindamanna og háskólasamfélagið í heild. Með nýrri stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs, undir forystu forsætisráðherra, er mörkuð braut sem ætlað er að snúa þessari óheillaþróun við. Með því að halda fast í aðgerðaáætlunina og sýna í verki að stjórnvöldum sé alvara með stefnu Vísinda- og tækniráðs verður hægt að endurvinna traust milli stjórnvalda og vísindasamfélagsins, öllum til hagsbóta.





TETRIZ ER MÁNAÐARLEGUR OLD SCHOOL HIP HOP ÞÁTTUR Í UMSJÁ BENNA B RUFF. FYRSTA FÖSTUDAG HVERS MÁNAÐAR KLUKKAN 12:00

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur

X 97·7

SMASH


# Fyrirvarar í kaupsamningum um fasteignir

FASTEIGNIR



**Hildur Ýr Viðarsdóttir,** héraðsdómslögmaður og stundakennari við lagadeild HÍ

Það er orðið mjög algengt að gera fyrirvara af ýmsu tagi við tilboð í kaup á fasteignum. Þegar seljandi hefur samþykkt kauptilboð í fasteign eða kaupandi samþykkt gagntilboð seljanda þá er kominn á kaupsamningur um viðkomandi fasteign sem aðilar eru bundnir af nema annað komi til. Yfirleitt er þó slíkum samþykktum tilboðum fylgt eftir með undirritun skjals sem kallast kaupsamningur. En hvaða þýðingu hafa þá fyrirvararnir?

Algengt er að settir séu fyrirvarar í kauptilboð um til dæmis fjármögnun, frekari skoðun kaupanda og sölu á fasteign kaupanda. Ef þau atvik, sem fyrirvari varðar, ganga ekki eftir þá fellur samningurinn í heild sinni niður að liðnum tveimur mánuðum frá því hann komst á nema um annað sé samið. Þetta þýðir að ef gerður er fyrirvari í kauptilboði um fjármögnun og fjármögnun tekst ekki þá fellur samningurinn niður að liðnum tveimur mánuðum nema samið sé um annað tímamark. Af dómum Hæstaréttar Íslands má ráða að það er á ábyrgð þess sem gerir fyrirvarann að tilkynna gagnaðilanum um það þegar þau atvik sem fyrirvarinn varðar hafa gengið eftir. Geri hann það ekki getur samningurinn fallið niður þrátt fyrir að fyrirvarinn hafi gengið eftir.

### Þurfa að gæta sín

Kaupendur og seljendur fasteigna þurfa því að gæta sín þegar settir eru inn fyrirvarar í tilboð í kaup á fasteignum. Sem dæmi þarf kaupandi sem gert hefur fyrirvara um fjármögnun að gera ráðstafanir til að tryggja sér slíka fjármögnun í tæka tíð, en annars getur samningurinn fallið niður. Þá þarf sá sem gerir fyrirvarann að passa að tilkynna gagnaðilum um það þegar fyrirvarinn hefur gengið eftir. Það þarf hann að gera innan tveggja mánaða hafi ekki verið samið um lengri frest. Munnlegar tilkynningar eru nægjanlegar en réttast er þó að senda slíkar tilkynningar skriflega, enda er erfitt eftir á að sanna að slík tilkynning hafi verið send og hvers efnis munnleg tilkynning hefur verið.

Aðilar að fasteignakaupum ættu ekki að gera fyrirvara í kauptilboði nema þörf krefji. Áform raskast og keðjuverkun getur átt sér stað fyrir ýmsa ef þeir ganga ekki eftir eða ef láist að tilkynna gagnaðilanum um að þeir hafi gengið eftir. Þá geta fyrirvarar verið bagalegir fyrir seljanda eignar þar sem hann getur ekki verið viss um að eignin sé seld fyrr en fyrirvarinn hefur gengið eftir.

Eitthvað hefur borið á því að hugsanlegir kaupendur fasteignar hafi nýtt sér þessa reglu til að gera tilboð í fasteign með fyrirvara og tryggt sér þar með eign en haft í hendi sér hvort þeir kjósa að láta fyrirvarann ganga eftir. Með því tryggja aðilar að eignin sé ekki seld öðrum og fá ákveðinn umþóttunartíma þar sem þeir hafa í hendi sér hvort fyrirvari verði uppfylltur eða ekki. Varast ber að samþykkja slíka fyrirvara. Að lokum má nefna að hægt er að bregðast við slíkum fyrirvörum með því að setja inn ákvæði í tilboðið um skyldu viðkomandi til að leitast við að láta fyrirvarann ganga eftir eða með því að inntak fyrirvarans sé skýrt nánar. Með því móti verður ekki lengur unnt að bera fyrir sig fyrirvara eftir geðþótta.

# Orð hafa mátt

SAMFÉLAG



**Dóra Björt Guðjónsdóttir,** alþjóðafræðinemi og Ibsen-áhugamanneskja

Á svo margan hátt. Að heyra reglulega að maður sé ómögulegur lætur mann að lokum trúa því. Það er hægt að brjóta niður fólk með orðum. Orðin móta manneskjur og framtíð þeirra. Hversu afgerandi er það ekki að fá stuðning foreldra sinna í æsku til að læra að treysta á eigin getu? Svo draumarnir rætist, svo fræin dafni, svo möguleikar verði að veruleika? Og svo eru það þau sem sjaldan fá að heyra að þau geti, sem fá að heyra að það sé hættulegt að taka áhættu. Þetta eru sennilega ekki frumkvöðlar dagsins í dag, né framtíðarinnar.

Margar stúlkur eru reglulega kallaðar prinsessur. En hvað eru prinsessur? Þær lifa fyrir hlutverk sitt sem var ákveðið áður en þær fæddust, hvort þær eru sætar eða ljótar skiptir öllu máli fyrir vinsældir þeirra og velgengni. Þær eiga að vera kurteisar og ekki með læti. Svo eiga þær að kunna sig í konunglegum kvöldverðarboðum og að endingu eiga þær að giftast. Ekki hverjum sem er þó, það verður að vera einhver vel tengdur, auðugur, og alls ekki einhver af sama kyni.

Nóra í Dúkkuheimili Henrik Ibsens fellur undir þessa lýsingu. Hún er eiginkona og móðir, hlutverk sem voru ákveðin fyrir hana áður en hún fæddist eins og svo margar konur á 19. öld. Hún er dönnuð og eiginmaður hennar er af góðum ættum. En þegar maðurinn hennar, hvers lífi hún er búin að bjarga með því að beygja reglurnar örlítið og taka lán til að kaupa handa honum rétta sjúkdómsmeðhöndlun (konur máttu ekki taka lán á þessum tíma), kann ekki að meta fórnfýsi hennar fær hún nóg. Hún fær ekki einu sinni lítið takk, heldur skammir. Að hún skyldi dirfast að trúa því að hún fái þökk fyrir að gera stóra hluti? Hún er jú bara kona og á að haga sér sem slík. Dúkka. Sem maðurinn hennar og samfélagið vilja getað leikið með, jú og horft á og dáðst af. Dúkkur eiga ekki að gera stóra hluti.

Margar konur fá ekki takk enn þann dag í dag fyrir að gera stóra hluti. Sjáið bara umönnunarstörfin. Hvar værum við án allra þessara kvenna sem passa upp á gamla fólkið og börnin á meðan við svífum um og vöxum fræin okkar? Og konur eru enn kallaðar prinsessur og dúkkur, þrátt fyrir að þær geti í dag farið út og verið öflugir samfélagsþegnar. Sjáið bara Þóru Arnórsdóttur, fyrrverandi forsetaframbjóðanda, sem Ólafur Ragnar Grímsson kallaði skrautdúkku. Kannski var það til að reyna að þagga niður í henni, enda öflugt vopn að minna konur á hlutverk þeirra þegar þær reyna að gera stóra hluti. Þóra var einnig sífellt minnt á að hún væri móðir, og hvílík frekja af henni að krefjast þess að fá líka að vera manneskja og öflugur samfélagsþegn sem getur gert stóra hluti! Dúkka. Prinsessa. Mamma. Eiginkona. Ekki manneskja. Að við konur skulum voga okkur að vonast til þess að fá að vera eitthvað annað á 21. öldinni er náttúrulega bara skandall, eða hvað?




*Aðalvinningur er splunkunýr Skoda Citigo árg. 2014*

BETRI STOFAN



32
SKOÐUNARSTÖÐVAR
UM LAND ALLT

## HAPPDRÆTTI

Þeir sem koma með bíl í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast stórglæsilegan Skoda Citigo sem verður dreginn út þ. 1. júlí 2014.




Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

## 70 ára afmæli



Þann 7. júní 2014 fagnar
**Haukur Guðmundsson,**
**Kirkjubraut 3, Njarðvík,**
**70 ára afmæli sínu.**

Af því tilefni býður hann ættingjum og vinum að gleðjast með sér á afmælisdaginn í Stóru-Vogaskóla að Tjarnargötu 2, Vogum, kl. 19.00.

---

✝



Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÖNNU GUÐNÝJAR ÁRMANNSDÓTTUR**
**Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík.**

Einnig færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Hermann Bridde**
**Jóhann Kristinsson** — **Anne Grethe Salvesen**
**Ásta Kirkeby** — **Torben Kirkeby**
**Vilhelmína Kristinsdóttir** — **María Karlsdóttir**
**Friðrik Bridde** — **Svava Guðmundsdóttir**
**Einar Bridde** — **Guðný Steinunn Guðjónsdóttir**
**Karl Bridde** — **Sigrún Ævarsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar systur, mágkonu og frænku,

**HILDAR JÓNSDÓTTUR**
**Engihjalla 19, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans fyrir alúðlega umönnun.

**Margrét Jónsdóttir**
**Árni St. Jónsson** — **Helga Ingibergsdóttir**
**Jakobína Jónsdóttir**
**Maria Hedin Jónsson**
**og frændsystkini.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ELÍSABET ERLINGSDÓTTIR**
**söngkona,**

lést á líknardeild Landspítalans, fimmtudaginn 5. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Atli Ásbergs**
**Anna Rún Atladóttir** — **Agnar Helgason**
**Hrafnhildur Atladóttir** — **Mika Pelo**
**og barnabörn.**

---






## MERKISATBURÐIR

**1584** Prentun Guðbrandsbiblíu lýkur.

**1683** Ashmolean-safnið, fyrsta háskólasafn heims, opnað í Oxford á Englandi.

**1752** Eldsvoði leggur þriðjung Moskvuborgar í rúst.

**1808** Joseph Bonaparte, bróðir Napoleons, er krýndur Spánarkonungur.

**1833** Andrew Jackson Bandaríkjaforseti er fyrsti forsetinn til að ferðast í lest.

**1844** YMCA er stofnað í London.

**1914** Bifreið er notuð til að aka brúðhjónum til vígslu í fyrsta sinn á Íslandi. Vígslan fer fram í Dómkirkjunni í Reykjavík en brúðhjónin eru Guðrún Einarsdóttir og Gísli Sveinsson, sem seinna varð sendiherra.



**1933** Fyrsta bílabíóið opnað í Camden í New Jersey í Bandaríkjunum.

**1938** **Sjómannadagurinn haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn.**

**1968** Robert F. Kennedy, bróðir Johns F. Kennedy Bandaríkjaforseta, deyr af völdum skotsára en hann var skotinn daginn áður.

**1982** Minnisvarði um Oddgeir Kristjánsson tónskáld afhjúpaður í Vestmannaeyjum.

**1982** Líbanonstríðið hefst.

**1993** Fyrstu forsetakosningarnar haldnar í Mongólíu.

# Hemmi stofnar sjóð til hjálpar börnum

**Knattspyrnukappinn Hermann Hreiðarsson er búinn að stofna Hemmasjóðinn sem hugsaður er til að gera börnum frá efnaminni fjölskyldum kleift að stunda íþróttir.**

„Vonandi verður sjóðurinn langlífur en hver sem er getur bætt í sjóðinn inni á vefsíðunni help.is og er það undir Gjöf sem gefur,“ segir knattspyrnugoðið Hermann Hreiðarsson. Hann hefur stofnað sjóð hjá Hjálparstofnun kirkjunnar undir nafninu Hemmasjóður sem sérstaklega hugsaður til að gera börnum frá efnaminni fjölskyldum kleift að stunda íþróttir. Í vikunni var 1,5 milljónum króna útdeilt til þriggja aðila; Barnaspítala Hringsins, Umhyggju og Hjálparstofnunar kirkjunnar.

> **Þegar við byrjuðum á þessu þá snerist þetta um tvennt. Skemmta sér og láta gott af sér leiða. Það hefur tekist öll árin.**
> *Hermann Hreiðarsson*

Hermann hefur staðið að góðgerðargolfmótinu Herminator Invitational síðan árið 2006. Á mótinu kemur góður hópur fólks saman, spilar golf og safnar peningum í leiðinni. En af hverju var sjóðurinn ekki stofnaður fyrr en núna?

„Fram til þessa er búið að gefa um sex milljónir til góðgerðarmála úr þessum mótum og þá hafa verið valin málefni í hvert skipti. En vegna þess að það er sérstakt áhugamál hjá mér að öll börn geti stundað íþróttir og mér var bent á að hægt væri að fá einhvern til að útdeila slíkum styrkjum beint til þeirra sem þyrftu á þeim að halda í gegnum Gjöf sem gefur hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, þótti mér liggja beinast við að stofna þennan sjóð með þeim,“ segir Hermann og bætir við að hægt sé að sækja um styrk úr sjóðnum.

„Þá sér hann um að greiða kostnað við æfingagjöld, búnað eða keppnisferðir fyrir börn efnaminni foreldra.“

Hermann heldur sínu striki í ár og heldur Herminator Invitational þann 28. júní í Vestmannaeyjum.

„Þegar við byrjuðum á þessu þá snerist þetta um tvennt. Skemmta sér og láta gott af sér leiða. Það hefur tekist öll árin og nú mun mótið fara fram í Vestmannaeyjum þar sem alltaf er frábært veður. Svo mótið í ár verður snilld. Og að sjálfsögðu mun ég taka Sigga Bjarna í bakaríið eins og venjulega,“ segir Hermann á léttum nótum og vísar þar í Sigurð Bjarnason, fyrrverandi landsliðsmann í handbolta.

Hefð er fyrir því að keppendur á golfmótinu mæti í litskrúðugum búningum og því liggur beinast við að spyrja Hermann í hvernig klæðum hann verði í ár.

„Það má aldrei gefa upp búninginn fyrirfram, þá er ekkert gaman að þessu. Nú er ég í skemmtilegum búningi alla daga enda að vinna sem iðnaðarmaður við að byggja hótel. Spurningin er bara, hver mun taka sig best út í sínum búningi þetta árið? Siggi Bjarna hefur hingað til verið í ljótasta búningnum.“

liljakatrin@frettabladid.is



**LITRÍKUR KARAKTER** Hermann heldur Herminator Invitational í Vestmannaeyjum í lok mánaðarins. MYND/ÚR EINKASAFNI

**ÞETTA GERÐIST:** 6. JÚNÍ 1984

## Tölvuleikurinn Tetris kemur fyrst á markað.

Tölvuleikurinn Tetris var hannaður og forritaður af Alexey Pajitnov og á rætur að rekja til Sovétríkjanna. Hann kom fyrst á markað þann 6. júní árið 1984 og fagnar því þrítugsafmæli sínu í dag.

Nafn leiksins er fengið úr töluforskeytinu tetra-, sem þýðir fjórir enda allir kubbar í Tetris í fjórum hlutum, og íþróttinni tennis, eftirlætisíþrótt höfundarins.

Tetris er fyrsti hugbúnaðurinn í skemmtanabransanum sem var fluttur út frá Sovétríkjunum til Bandaríkjanna. Leikurinn náði að tryggja stöðu sína á tölvuleikjamarkaðnum sem einn vinsælasti leikur heims árið 1989 þegar hann varð aðgengilegur í Game Boy-leikjatölvunum. Síðan þá hefur hann haldið vinsældum sínum enda hægt að spila hann á næstum hvaða tölvu, snjallsíma eða snjallbretti sem til er í heiminum í dag.

Árið 2007 lenti Tetris í öðru sæti hjá IGN yfir hundrað bestu tölvuleiki allra tíma. Árið 2010 höfðu rúmlega 170 milljónir eintaka af leiknum selst um heim allan, þar af hundrað milljónir smáforrita í farsíma sem gerir Tetris að vinsælasta símaleik allra tíma sem borga þarf fyrir.

- lkg



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## LISTFLUG Á LISTAHÁTÍÐ

**Nýtt verk eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur með þátttöku listflugmannanna Sigurðar Ásgeirssonar, Björns Thors og Kristjáns Þórs Kristjánssonar og kórsins Kötlu, verður flutt yfir Kollafirði í dag kl. 17.45. Þetta er lokaverk hátíðarinnar og fólki er bent á að best er að standa við Sólfarið á Sæbraut.**




Rauðrófukristall

sem **stingur** keppinautana af*

Nitric Oxide samanburður

**Ein teskeið SuperBeets jafngildir**

*3 lífrænum rauðrófum, 25 rauðrófuhylkjum*
*eða 500 ml af rauðrófusafa*

**Ein dós af SuperBeets jafngildir**

*90 lífrænum rauðrófum,*
*30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa, (= 15 lítrum)*
*eða 750 rauðrófuhylkjum*




*Ráðlagður dagsskammtur fyrir Nitric Oxide áhrif*



1 teskeið SUPERBEETS = 3 rauðrófur = 1 flaska af safa 500 ml / 25 rauðrófuhylki

**Umboð: vitex - www.superbeets.is** **Fæst í Apótekum og heilsubúðum**









MYND/GVA

**BRAGÐMIKIÐ**
Pestóið setur skemmtilegan svip á rétt dagsins frá Holta.

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Í kvöld verður þáttur númer 100 og þar eldar hann tvo ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklingi og ostatortellini með grænkáli og pestói.

Auk þess eldar hann tandoori-kjúklingalundir með hrísgrjónum og naan-brauði. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## KJÚKLINGUR OG OSTATORTELLINI MEÐ GRÆNKÁLI OG PESTÓI

**PESTÓ**
1 poki vatnakarsi eða klettakál
2 hvítlauksgeirar
2 msk. furuhnetur
2 msk. parmesanostur, rifinn
2 msk. ljóst edik
2 msk. sítrónusafi
2 msk. sykur eða hunang
1 dl olía
Salt og nýmalaður pipar
Allt sett í matvinnsluvél og maukað vel.

2 msk. olía
4 kjúklingabringur, skornar í 2 x 2 cm bita
20 snjóbaunir
½ kúrbítur í bitum
1 poki grænkál, rifið í bita
1 dl kasjúhnetur
1 poki tortellini með osti frá Barilla, soðið í 11 mínútur
Salt og nýmalaður pipar

Hitið olíu á stórri pönnu og steikið kjúklinginn í 4-6 mínútur. Bætið þá snjóbaunum og kúrbít á pönnuna og kryddið með salti og pipar. Steikið í 5 mínútur í viðbót eða þar til kjúklingurinn er steiktur í gegn. Þá er grænkáli, kasjúhnetum, tortellini og pestóinu bætt á pönnuna og blandað vel saman. Berið strax fram með góðu brauði.




Uppskrift að rétti tvö er á næstu síðu.





## TANDOORI-KJÚKLINGALUNDIR MEÐ HRÍSGRJÓNUM OG NAAN-BRAUÐI

**MATUR FYRIR 6 MANNS**

**HRÁEFNI**
Tveir bakkar af Holta kjúklinga-lundum, um 1,2 kg

**TANDOORI-MARINERING**
1 krukka af tandoori-sósu, 180 ml
180 ml AB-mjólk
3 tsk. engiferduft
3 tsk. hvítlauksduft
1 tsk. chili-duft
2 tsk. chili-mauk
1 tsk. rauður matarlitur
2 tsk. sykur
3 tsk. kókos
Látið marinerast í um 12 tíma
Eldað í ofni á 250°C í um 12 mín.

**GÚRKUSÓSA**
Hálf gúrka skorin smátt og sett í 350 ml af AB-mjólk

**HRÍSGRJÓN**
2 pokar hrísgrjón



1 búnt vorlaukur
1 stk. ferskt chili
2 kínverskir hvítlaukar
Hrísgrjón soðin og látin standa. Laukurinn og chili steikt á pönnu og svo eru hrísgrjónin sett saman við. Naan-brauð sett í ofninn og hitað samkvæmt leiðbeiningum.

# 40 TEGUNDIR AF BJÓR Á HÓLUM

**SVEITAHÁTÍÐ** *Um 40 bjórtegundir verða í boði á bjórhátíðinni sem hefst á Hólum á morgun. Gestir þykja vera hálfgerður sértrúarsöfnuður og bjórnördar.*

Bjórhátíðin á Hólum í Hjaltadal verður haldin í fjórða sinn á morgun, laugardag, milli kl. 15 og 19. Allir innlendu bjórframleiðendurnir verða á hátíðinni auk eins heildsala sem kynnir erlendar bjórtegundir. Á síðustu hátíð voru kynntar 40 bjórtegundir og má búast við svipuðum fjölda í ár að sögn Guðmundar Björns Eyþórssonar, eins af aðstandendum hátíðarinnar. „Upphaf hátíðarinnar má rekja til stofnunar Bjórseturs Íslands hér að Hólum í Hjaltadal árið 2007. Setrið var stofnað af starfsmönnum Háskólans á Hólum með það að markmiði í upphafi að hittast og drekka góðan bjór í góðum félagsskap sveitunga.“

Hugmyndin að hátíðinni fæðist árið 2010 og ári síðar er fyrsta bjórhátíðin haldin. „Hún heppnaðist með miklum ágætum þannig að við prófuðum aftur ári síðar. Sú hátíð heppnaðist mjög vel og hátíðin í fyrra var stórkostleg. Við gerum ráð fyrir svipaðri stígandi í ár en þessar bjórhátíðir snúast reyndar ekki um fjölda gesta heldur fyrst og fremst að hafa gaman af og drekka bjór saman. Enda eru gestir hátíðarinnar að stærstum hluta hálfgerður sértrúarhópur og bjórnördar.“

Hátíðargestum gefst einnig kostur á að kaupa heimagerðar bratwurzt-pylsur, bornar fram með brauði og currywurzt-sósu. Einnig verður boðið upp á hægeldað grísakjöt og saltkringlur. „Svo verður hin árlega bjórkútarallkeppni á sínum stað og við veitum verðlaun fyrir besta básinn og bestu bjórana. Einnig verða seldir Bjórsetursbolir og glös frá okkur.“

Guðmundur segir einstaka stemningu myndast á bjórhátíðinni. „Þetta er svo lítið samfélag og hér eru allir saman og hjálpast að við að gera hátíðina eftirminnilega. Það er boðið upp á mjög fjölbreyttar bjórtegundir, ljósar og dökkar, mjög sterkar og í hefðbundnum styrkleika. Þegar hátíðinni lýkur geta gestir snætt á veitingastað hér og svo heldur gleðin áfram í Bjórsetrinu fram á kvöld.“

Nánari upplýsingar fást á Facebook-síðu Bjórsetursins: facebook.com/bjorsetur.islands.



**BJÓRNÖRDAR** Hátíðin snýst ekki um fjölda gesta heldur að hafa gaman af og drekka bjór saman.



**MARGAR TEGUNDIR** Gestir bjórhátíðarinnar geta smakkað á 40 tegundum af bjór.
MYND/ÚR EINKASAFNI



**GÓÐAR VEITINGAR** Boðið verður upp á heimagerðar bratwurzt-pylsur með meðlæti.
MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu
Póstdreifing
Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI


Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel- og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
sími 594 4000
www.mk.is

**Stúdentsnám**
- Félagsfræðabraut
- Málabraut og ferðagreinar
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Listnámsbraut

**AN3 Grunndeild matvælagreina fyrir þá sem stefna á að verða:**
- Bakari
- Framreiðslumaður (þjónn)
- Kjötiðnaðarmaður
- Matreiðslumaður (kokkur)

**Framhaldsskólabraut**
Kynntu þér málið á www.mk.is og á facebooksíðu skólans

# Lífið

FÖSTUDAGUR
6. JÚNÍ 2014



*Barnafatamerkið Ígló&Indí*
**FÉKK ÚTHLUTAÐ HÖNNUNARSTYRK 2**

*Guðrún Jóna Stefánsdóttir*
**STÝRIR FIMLEIKASKÓLA FYRIR BÖRNIN 4**

*Heiðdís Austfjörð förðunarfræðingur*
**NETVERSLUNIN HAUST-FJORD.IS VINSÆL 10**




*Rósa Guðbjartsdóttir*

## ÞAÐ ER EKKI Í BOÐI AÐ GEFAST UPP


FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?**
Hlaðgerður Íris Björnsdóttir

**Aldur?**
41.

**Starf?**
Myndlist.

**Maki?**
Nei.

**Stjörnumerki?**
Naut.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Fyrst af öllu lýsi. Svo fullt glas af açai-safa með frosnum bláberjum og chia-fræjum. Og að lokum stóran bita af karamellukökunni hennar Ebbu … það má!

**Uppáhaldsstaður?**
Birkihlíð í Skriðdal. Þar hittist föðurfjölskyldan mín í eina viku í ágúst og treystir böndin, spilar blak, fótbolta, spil og hlutverkaleiki og borðar veislumat í öll mál.

**Hreyfing?**
Blak og borðtennis.

**Uppáhaldslistamaður?**
Aron Reyr.

**Uppáhalds bíómynd?**
My Neighbour Totoro.

**A- eða B-manneskja?**
A.

## HVERJIR HVAR?

Um liðna helgi fóru fram sveitarstjórnarkosningar um land allt og var nóg um kosningavökur. Á Hótel Borg fór fram kosningavaka Bjartrar framtíðar og mátti þar sjá mörgum þekktum einstaklingum bregða fyrir. Til dæmis leikurunum **Gísla Erni Garðarssyni** og **Benedikt Erlingssyni**. Þar sást einnig til þing- og tónlistarmannsins Óttars Proppé, ásamt Jóni Gnarr. Dóri DNA lét sig ekki vanta og píanósnillingurinn Karl Olgeirsson mætti einnig á Borgina.







# FÓLK BYGGIR MYNDBANDIÐ UPP EINS OG LJÓSMYND

***Jónatan Grétarsson ljósmyndari hefur unnið vídeóverk fyrir ýmsa listamenn við góðan orðstír. Það nýjasta var fyrir dönsku stórsöngkonuna Tinu Dickow við lagið Someone You Love.***

Ég er búinn að gera nokkur tónlistarmyndbönd undanfarin ár fyrir ýmsa ólíka listamenn. Ég byrjaði að fikta við að gera það sem ég kýs að kalla Music Video Portrait fyrir um það bil fimm árum," segir Jónatan Grétarsson ljósmyndari. Nýjasta vídeóverkið hans er við lagið Someone You Love með dönsku söngstjörnunni Tinu Dickow. Einnig hefur hann gert myndbönd fyrir Ásgeir Trausta, John Grant, Agent Fresco, Jónas Sigurðsson og Helga Jónsson. „Líkt og með portrettin sem ég tek þá hef ég leyft þessu að gerast í flæði án þess að plana of mikið áður en farið er út í að taka upp. Öll myndböndin eiga það sameiginlegt, fyrir utan það að vera frekar hrá, að ég reyni að byggja þau upp eins og ljósmynd og leik mér mikið með ljós og skugga," segir Jónatan. Myndböndin eftir hann hafa meðal annars ratað á MTViggy.com. Þá hefur hann gefið út tvær ljósmyndabækur, haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis. Um helgina tekur hann þátt í samsýningu í Listasafni Akureyrar á sýningu sem ber yfirskriftina Íslensk samtíðarportrett.

Nánari upplýsingar um verk hans er að finna á vefsíðunni jonatangretarsson.com.



Jónatan Grétarsson ljósmyndari.
MYND/KARL PETERSSON










# Flottir jakkar



**Kr. 12.900.-**
**Str. 40-56/58**
**Litir: Kóngablátt, rautt, svart, sveppabrúnt**

Rita

Við erum á Facebook

**Bæjarlind 6 • S. 554 7030**
**www.rita.is**


# HÖNNUN VILJA VIRKJA KRAFTINN OG ENDURNÝTA FATNAÐ

***Helga Ólafsdóttir og Guðrún Tinna Ólafsdóttir, eigendur Ígló&Indí fengu styrk frá Hönnunarsjóði til að halda áfram samstarfi við Enza-konur í Afríku.***

„Styrkurinn þýðir það að við getum haldið áfram því starfi sem við höfum hafið með Enza og hannað og þróað með þeim breiðari vörulínu. Núna fáum við tækifæri til að fara út til þeirra og þróa með þeim vörurnar á staðnum og miðla kunnáttu okkar í framleiðslu á vörum," segir Helga Ólafsdóttir, stofnandi og yfirhönnuður barnafatamerkisins Ígló&Indí. Á dögunum var Ígló&Indí veittur styrkur frá Hönnunarsjóði Íslands fyrir verkefnið Songs from the horizon – Ígló&Indí – Spring/Summer 2015.

Verkefnið snýst um að stuðla að verðmætasköpun með því að virkja kraft og byggja brú á milli íslenskrar hönnunar og hugvits og fátækra suður-afrískra kvenna, með atvinnuskapandi verkefnum, stuðningi og sjálfbærni við rekstur smáfyrirtækja sem stofnuð eru af Enza-konum á heimaslóðum þeirra í Suður-Afríku.

„Það skiptir okkur lykilmáli að vita til þess að verkefnið geti stuðlað að því að Enza-konur öðlist fjárhagslegt sjálfstæði og fái greitt vestrænt markaðsvirði fyrir að framleiða okkar vöru. Einnig er mikilvægt að virðiskeðjan sé sjálfbær alla leið frá hönnun til viðskiptavina," segir Helga.

Sumarið 2013 tók Ígló&Indí fyrsta skrefið til samstarfs við The Enza Women Social Enterprise með samfélagsábyrgð að leiðarljósi með kennslu á endurnýtingu afgangsfatnaðar. Fatnaðurinn gengur svo í endurnýjun lífdaga í formi fallegra nytjamuna fyrir börn sem seldir eru í verslunum Ígló&Indí.

Nú hefur gefist tækifæri til að halda samstarfinu áfram með framleiðslu á línunni Songs from the horizon sem samanstendur af tíu flíkum fyrir stúlkur og drengi. Línan er viðbót við þá sumarlínu sem Ígló&Indí hannar árlega. Flíkurnar eru allar hannaðar með það að leiðarljósi að nýttar séu „nýjar" ósöluhæfar flíkur og efnisafskurðir. Ígló&Indí rekur í dag tvær eigin verslanir, í Kringlunni og á Skólavörðustíg 4, og vefverslun.



Helga Ólafsdóttir yfirhönnuður og Guðrún Tinna Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Ígló&Indí.



**Lífið**
**www.visir.is/lifid**
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is ● Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is ● Forsíðumynd **Daníel Rúnarsson**


Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland
Bikinítoppur,
2995,–
LINDEX



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





Guðrún Jóna ásamt Selmu Rún fósturdóttur sinni og Lindu Ýr dóttur sinni.

# SUMAR FRÁBÆRT FYRIR JAFNVÆGISSKYN BARNA

***Guðrún Jóna Stefánsdóttir hvetur foreldra til að skrá börnin sín á fimleikanámskeið í sumar.***



„Ég ákvað að taka að mér að þjálfa 7 ára börn í fimleikum í vetur þegar Linda Ýr dóttir mín og Selma Rún fósturdóttir mín vildu fara að æfa fimleika. Ég þurfti hvort eð er að keyra og sækja og því þótti mér tilvalið að nýta tímann með stelpunum og í leiðinni rækta áhugamálið,“ segir Guðrún Jóna Stefánsdóttir sem sjálf er mikill reynslubolti og hefur æft fimleika í 15 ár. Í sumar mun hún stýra fimleikaskóla á vegum fimleikadeildar Gróttu fyrir 6-10 ára börn en boðið verður upp á mikla og fjölbreytta dagskrá á hverju námskeiði. Ásamt fimleikaþjálfun verður farið í sundferð, fjöruferð og leiki. Brúðubíllinn verður einnig heimsóttur. „Ég mæli með þessu því fimleikahreyfing er grunnur allra annarra íþrótta og er góð leið til þess að læra inn á jafnvægisskynjunina. Námskeiðin geta hjálpað krökkum að ná samhæfingu hvað varðar hreyfigetu,“ segir Guðrún Jóna. „Krökkunum er skipt niður eftir áhuga og getu en þeir sem hafa minni áhuga á sjálfum fimleikaæfingunum geta tekið þátt í fleiri leikjum í staðinn.“

Fimleikaskólinn verður opinn frá kl. 9-16 á daginn og standa námskeiðin yfir í eina viku í senn. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins, grottasport.is en skráning fer fram í gegnum rafrænt skráningarform Gróttu, á grotta.felog.is.




# JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR
## ER MJÖG UPPTEKIN AF DISKÓLESTINNI

1. **Þegar ég var ung þá …** söng ég allan daginn.
2. **En núna …** passa ég mig á að syngja ekki á óviðeigandi stöðum eins og í Bónus og þegar ég er úti að borða með Davíð (kærastanum).
3. **Ég mun eflaust aldrei skilja …** stærðfræði.
4. **Ég hef ekki sérstakan áhuga á …** fótbolta.
5. **Karlmenn eru …** flestir snillingar.
6. **Ég hef lært að maður á alls ekki að …** ofkeyra sig.
7. **Ég fæ samviskubit þegar …** ég kemst ekki út að ganga með hundana.
8. **Ég slekk á sjónvarpinu þegar …** sjónvarpsefnið höfðar ekki til mín.
9. **Um þessar mundir er ég mjög upptekin af …** Diskólestinni, nýju hljómsveitinni sem ég er að spila með.
10. **Ég vildi óska þess að fleiri vissu af …** Dýrahjálp Íslands.












## Besta sólvörnin í óháðum prófunum

Langvirk sólarvörn sem þolir sjó, klórvatn og handklæðaþurrkanir.
Engin glans eða fituáferð, extra vatnsþolin vörn, patenteruð formúla.

Fyrir líkama, andlit og hársvörð. Ver húðina gegn sólskaða, hrukkum og brúnum blettum, húðin verður mjúk, rakafyllt og fallega sólbrún.

Meðmæli húðlækna fyrir bæði börn og fullorðna.
Valin besta sólvörnin af erlendum heilsutímaritum og húðsamtökum.

**Engin paraben, ilmefni eða nanótaækni notuð.**

UVA ULTRA




SWEDISH GOLF TEAM · MåBra Bäst i test! · svenska Vitiligo förbundet · BÄST-i-TEST.se

Fæst: Apótekum, Hagkaup, Nettó, Fjarðarkaup, Fríhöfninni. **www.proderm.is**



**NAFN**
Rósa Guðbjartsdóttir

**ALDUR**
48 ára

**HJÚSKAPARSTAÐA**
Gift Jónasi Sigurgeirssyni

**BÖRN**
Sigurgeir 19 ára, Margrét Lovísa 11 ára, Jónas Bjartmar 9 ára og Bjartmar, sem lést 5 ára gamall.

# RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR MAÐUR VEIT ALDREI HVENÆR SORGIN BLOSSAR UPP

***Rósa Guðbjartsdóttir hefur lifað mikla sorg um ævina en sigrarnir hafa einnig verið margir. Það er fátt sem virðist slökkva á hinum mikla krafti sem hún býr yfir. Lífið ræddi við hana um samfélagsmálin, fréttamennskuna, matreiðsluáhugann, fjölskylduna og soninn sem lést úr krabbameini aðeins 5 ára gamall.***

Hafnarfjörðurinn iðar af lífi þennan morguninn en það ríkir algjör kyrrð í huggulegri götu rétt við miðbæinn þar sem hundurinn Askja tekur á móti blaðamanni veifandi skottinu. Húsfreyjan býður mig velkomna með faðmlagi og grænum fingrum. „Æ, ég var aðeins að róta í plöntunum mínum. Ég hef verið svo lítið heima við undanfarið og hef ekki verið að sinna ræktuninni svo ég þurfti aðeins að fikta í þessu," segir Rósa Guðbjartsdóttir um leið og hún setur símann, sem hringir stöðugt, á hljóðlausa hringingu. Fjölmiðlar vilja gjarnan ná tali af henni og heyra af gangi mála varðandi meirihlutaviðræður flokkanna en hún gefur sér tíma til að setjast niður, spjalla um lífið og drekka góðan kaffibolla. Rósu er margt til lista lagt, er mikill fagurkeri og það getur svo sannarlega margt fallegt að líta á heimilinu. Talið berst að æskuslóðunum en Rósa flutti í norðurbæinn í Hafnarfirði úr verkamannaíbúð í Hlíðunum með fjölskyldu sinni þegar hún var tíu ára gömul. „Það má segja að hjarta mitt hafi verið hér síðan. Pabbi var sannur gaflari sem fæddist undir súð hjá ömmu sinni undir Hamrinum í Hafnarfirði og var því með sterkar rætur hér. Hann var að læra að verða prentari í Iðnskólanum en mamma var útivinnandi. Í minningunni sem krakki vorum við alltaf á leiðinni til Hafnarfjarðar en það tók föður minn nokkur ár að byggja framtíðarheimili fyrir fjölskylduna og það kom ekkert annað til greina en að búa hér."

### Ánægð með marga bolta á lofti

Rósa lærði stjórnmálafræði í Háskóla Íslands og starfaði lengi vel við dagskrágerð og sem fréttakona á fréttastofu Bylgjunnar og Stöðvar 2, bæði með námi og eftir nám. „Ritgerðaskrif og jafnvel að lesa þær upp var aðaláhugamál mitt í grunnskóla svo það var bara í mínum karakter að fara þessa leið. Eftir stúdentspróf árið 1986 sótti ég um hjá DV og vann þar í nokkur sumur. Þá um haustið var ljósvakamiðlunum veitt frelsi til athafna og var þá stofnuð fyrsta frjálsa útvarpsstöðin. Bylgjan fór í loftið og ég sótti um dagskrágerð með háskólanáminu. Þetta var svo algjörlega nýtt og spennandi á þessum tíma og margir sem sóttu um að fá að starfa á þessum nýja miðli. Það átti mjög vel við mig að vera út um allt því ég hef mikinn áhuga á að kynna mér ólíka hluti og á samfélaginu öllu. Mér finnst best þegar ég hef mörg járn í eldinum og það eldist greinilega ekkert af manni," segir Rósa og brosir.

### Matargerðin er hugleiðsla

Sköpunargleðin hefur í gegnum tíðina verið rík í föðurfjölskyldu Rósu. Langafi hennar og langamma, sem kölluð voru Bjartur og Dísa í kassahúsinu, skildu eftir sig mikið af sögulegum myndum úr bæjarlífinu í Hafnarfirði. Dísa, eða Herdís Guðmundsdóttir, var mikil áhugamanneskja um ljósmyndun og hefur líklega verið fyrsti kvenkyns fréttaljósmyndarinn.

„Hún var frumkvöðull á þessu sviði og það er mikið af matreiðslufólki og ljósmyndurum í fjölskyldunni minni. Sjálf smitaðist ég fljótt af þessum áhuga og þegar mikið hafði verið að gera á fréttastofunni fannst mér gott að koma heim og spá í ýmis hráefni, krydd og gefa sköpunargleðinni lausan tauminn. Það var í raun ákveðin hugleiðsla. Eftir að ég fór að skrifa mikið um mat fór ég einnig að fikra mig áfram að taka sjálf myndir. Í seinni matreiðslubókina mína, Partírétti, tók ég myndirnar sjálf og þannig hef ég samtvinnað þessi áhugamál og finnst mjög mikilvægt að hafa smá svigrúm til þess að nota þennan sköpunarkraft."

### Áfallið dundi yfir

Ævintýraþráin togaði í fjölskylduna árið 1999 og hjónin ákváðu að flytjast búferlum ásamt tveimur sonum sínum til Flórída í Bandaríkjunum. Eiginmaður Rósu, Jónas Sigurgeirsson, var að fara í viðskiptafræðinám og Rósa skrifaði fyrir Gestgjafann ásamt því að taka kúrsa í almannatengslum í háskólanum í Tampa. „Við kunnum mjög vel við okkur þar og veðrið var yndislegt. Við bjuggum þar einungis í eitt ár því að Bjartmar, yngri sonur okkar sem þá var rúmlega tveggja ára, veiktist skyndilega og greindist með krabbamein sem kallast taugakímsæxli. Þá var ekkert annað í stöðunni en að flytja heim. Okkur fannst nauðsynlegt að vera heima á Íslandi í íslensku heilbrigðiskerfi og fá stuðning vina og fjölskyldu til að takast á við það sem koma skyldi. Æxli af þessu tagi er meðfætt, með upptök í nýrnahettunum og greinist jafnan í ungum börnum. Við uppgötvuðum þetta þegar hann fór að bólgna út á gagnauganu en það var þá meinvarp af upphafsæxlinu sem þá var komið í beinin og upp í höfuð. Þetta var ólýsanlegur tími og við tóku strangar meðferðir. Við vorum send í þrjá mánuði til Svíþjóðar þar sem hann fór í erfiðar aðgerðir og stofnfrumuskipti. Hálfu ári seinna virtist hann vera á batavegi og það fundust engin einkenni krabbameins þegar meðferðum lauk. Þrátt fyrir að það væri búið að keyra hann alveg fram á ystu brún þá reif hann sig alltaf upp úr því."

Bjartmar sonur þeirra fór að dafna mjög vel eftir mikinn uppbyggingartíma, byrjaði á leikskóla og þau hjónin sáu fram á að hann færi að lifa eðlilegu lífi. „Við nutum góðs stuðnings frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna á þessum tíma sem var ákaflega dýrmætt. Svo var það fyrir tilviljun að ég sá auglýsta framkvæmdastjórastöðu félagsins og ákvað að sækja um í von um að ég gæti nýtt mína persónulegu reynslu og bakgrunn í starfið." Rósa var ráðin og sinnti starfinu af kappi í fimm ár en eftir þrjú ár, haustið 2003, dundi annað áfall yfir. Bjartmar greindist aftur með krabbamein og ekkert var hægt að gera. Hann lést heima í faðmi fjölskyldunnar tveimur mánuðum seinna, aðeins 5 ára gamall.

### Sorgin og sólargeislinn

„Maður lærir að lifa með þessu og það er svo satt. Maður þarf að ákveða að ætla að komast í gegnum þetta og halda áfram. Það er ekkert annað í boði. Auðveldasta leiðin væri kannski að liggja undir sæng en ástin á lífinu er svo sterk þótt maður sé búinn að ganga í gegnum svona. Þetta fylgir manni þó allt lífið." Einungis ári eftir andlát Bjartmars fæddist þeim sonur, Jónas Bjartmar.

„Í versta sorgarferlinu var okkur öllum dýrmætt að eiga litla dóttur, Margréti Lovísu, sem einungis var eins og hálfs árs þegar Bjartmar lést og skildi ekki hvað hafði gerst. Hún vakti okkur á hverjum morgni með sólskinsbrosi og minnti okkur á hve lífið er þrátt fyrir allt fallegt. Í gegnum vinnuna hafði ég einnig haft mikil samskipti við fólk sem hafði misst börnin sín og það hjálpaði líka að vera innan um fólk sem einnig hafði lent í þessum aðstæðum."

### Krafturinn frá pabba

„Eftir að Bjartmar fékk fyrstu meðferðina sína, veiktist pabbi og fékk lungnakrabbamein og dó nokkrum mánuðum síðar. Hann var aðeins 57 ára en við vorum mjög náin. Pabbi var mjög kraftmikill maður og ég hef án efa




kraftinn og frumkvæðið frá honum. Það er að sjálfsögðu ósanngjarnt að barn og fólk í blóma lífsins fari og það er ólýsanlegt að horfa upp á fólkið sitt í þessum aðstæðum, þjást og láta lífið. Maður veit aldrei hvenær eða í hvaða aðstæðum sorgin blossar upp. Þú getur jafnvel setið á miðjum bæjarstjórnarfundi og allt í einu kemur upp einhver minning og mann langar afsíðis að gráta. Ég hef þó aldrei leyft mér að loka mig af þrátt fyrir að það sé mikilvægt að losa um en svo heldur maður bara áfram. Fyrir fimm árum greindist svo Sigurgeir, elsti sonur okkar, með heilaæxli. Þá spurði ég sjálfa mig að því hvort Guð væri til. Til allrar hamingju reyndist æxlið góðkynja og var fjarlægt í 14 tíma skurðaðgerð. Hann er frískur og flottur strákur í dag og er ég óendanlega þakklát fyrir það.“

***Lífið tekur nýja stefnu***

Haustið 2005 fær Rósa óvænt símtal þar sem hún var beðin um að taka þátt í prófkjöri sjálfstæðismanna í Hafnarfirði. „Ég ákvað að slá til enda fannst mér hugmyndin skemmtileg og langaði að prófa eitthvað nýtt þar sem ég hef þennan áhuga á samfélagsmálum. Ég lenti í þriðja sæti en sú sem lenti í öðru sæti ákvað að draga sig í hlé svo allt í einu var ég komin í annað sæti listans. Síðan þá hef ég verið í bæjarstjórn.“

Rósa ákvað að hætta sem framkvæmdastjóri hjá styrktarfélaginu, snúa sér að ritstjórn hjá Bókafélaginu og kafa dýpra ofan í stjórnmálin. Fyrir fjórum árum fór hún í oddvitaslag og gaf kost á sér í fyrsta sætið en tapaði prófkjörinu með tveimur atkvæðum.

„Hvert atkvæði skiptir máli. Ég fékk svo sannarlega að reyna það á eigin skinni. Ég hef þó svo mikla ástríðu og metnað fyrir hönd bæjarfélagsins að ég ákvað að gefast ekki upp.“

Rósa hefur verið sýnileg í pólitíkinni fyrir sjálfstæðismenn í Hafnarfirði undanfarin átta ár en þá hefur flokkurinn verið í minnihluta. Um síðastliðna helgi vann flokkurinn stórsigur í kosningunum. „Nú ríkja óvissutímar og samningaviðræður, allt getur gerst. Það er að sjálfsögðu allt önnur staða að vera í meirihluta ef maður vill sjá hugmyndir sínar verða að veruleika. Í átta ár hef ég lagt mig alla fram í minnihluta og veitt meirihlutanum öflugt aðhald sem er mikilvægt í lýðræðisríki.“

***Konur eru viðkvæmari***

Rósa ákvað að gefa kost á sér aftur í fyrsta sæti, fékk mótframboð en sigraði með yfirburðum. Hún er fyrsta konan í sögu Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði sem verður oddviti. „Ég hafði rosalega mikið fyrir því að komast á þennan stað og gafst ekki upp þrátt fyrir ýmsar hindranir. Það hefði verið auðvelt að verða sár og svekkt eftir tapið fyrir fjórum árum en ég ákvað að taka slaginn aftur. Við konur þurfum að taka þetta alla leið og leggja meiri vinnu á okkur til að ná þessum árangri. Það hefur mikið verið talað um af hverju konur séu ekki meira á oddinum í stjórnmálaflokkunum en það er mikilvægt að hafa þetta úthald. Ég skil að vissu leyti úthaldsleysið þegar þú ert að berjast um toppinn því þá gilda allt önnur lögmál. Ég taldi það bara skyldu mína að halda áfram og það er mikilvægt ef þú ætlar að ná almennilegum árangri. Þú átt von á alls konar baknagi en þú þarft að vera tilbúin í það. Konur eru oft viðkvæmari fyrir gagnrýni og raddirnar hljóma oft á þann veg að ákveðin kona sé gribba á meðan karl í þessari stöðu væri bara ákveðinn og stefnufastur. Þetta heyrir maður enn í dag þrátt fyrir að það sé árið 2014,“ segir hún og flissar. „Framtíðardraumarnir eru að það náist samstaða hér í bænum og að hérna verði áþreifanleg breyting til batnaðar. Svo er auðvitað aðalmálið að börnin manns séu heilbrigð og að maður skili þeim út í lífið sem góðum manneskjum.“

***„Hálfu ári seinna virtist hann vera á batavegi og það fundust engin einkenni af krabbameini þegar meðferðum lauk. Þrátt fyrir að það væri búið að keyra hann alveg fram á ystu brún þá reif hann sig alltaf upp úr því.“***

*Myndaalbúmið*


Rósa Guðbjartsdóttir ásamt börnum sínum.


Bjartmar var einungis 5 ára þegar hann lést.



# INNLIT BÚDDA Í HVERJU HORNI

***„Ég er mjög hrifin af hvítu, stílhreinu og skandinavískri hönnun í bland við persónulega hluti sem skapa heimilið. Þú getur til dæmis hvergi verið í íbúðinni án þess að sjá Búdda," segir Inga Dóra A. Gunnarsdóttir en hún starfar sem framkvæmdastjóri Sif Jakobs Jewelry og býr í Garðabænum. Inga Dóra hefur ferðast töluvert í gegnum tíðina og búið víða um heim. Meðal annars í Kína, Bandaríkjunum, Bretlandi og Danmörku. Hjartað er þó ætíð á Íslandi.***



Inga Dóra Gunnarsdóttir. Lampinn er uppáhaldið á heimilinu og birtan er svo falleg og þægileg. Heimilið mitt er ekki heimili fyrr en hann er kominn á góðan stað.



Púðann fékk ég í fertugsafmælisgjöf og er einstaklega ánægð með hann.



Guðný Helga vinkona mín gaf mér myndina í svefnherberginu. Hún fékk hana í Kína og lét ramma inn. Rúmið er gamalt en ég lakkaði það hvítt og það sama á við um náttborðin. Lampanir eru eldgamlir en ég fékk þá í Ikea og hef reglulega skipt um skerm á þeim.



Þennan stól fékk ég í genbrugsverslun í Danmörku. Málverkið fékk ég í stúdentsgjöf en það er eftir Húbert Nóa. Karfan á gólfinu eru frá Kína.




Þessa hillu bjó pabbi minn til. Ég er búin að eiga hana síðan ég man eftir mér. Allt dótið í henni er eitthvað sem ég hef safnað að mér á ferðalögum því ég vil ekki kaupa stóra muni. Þarna er að finna ýmislegt frá Róm, Kína og fleiri spennandi stöðum.



Stóllinn er frá Cassina og heitir LC4 Chaise Lounge. Það er æðislegt að slappa af í honum og spjalla í símann, fletta tímaritum eða lesa góða bók. Borðið er frá Ikea og stóra kertastjakann fann ég á genbrugssölu í Köben.



Stólarnir eru frá Ikea og ég ákvað að hafa þá þægilega og munstrið passar vel við svo margt. Málverkið er eftir Húbert Nóa Jóhannesson en ég fæ að geyma það fyrir hann. Sófaborðið er úr Ikea og á borðinu stendur kínverskur antíkdrykkjarbrúsi.




NIVEA
AAAAAhhh
EINSTAKLEGA KÆLANDI
SÓLARVÖRN
NIVEA
SUN
protect
&refresh
INVISIBLE
COOLING MIST
30 HIGH
NÝTT
NJÓTTU FYRSTU NIVEA
SÓLARVARNARINNAR SEM KÆLIR
NIVEA.com

# NETIÐ LITADÝRÐ, GLOSS OG STEINAR

***Heiðdís Austfjörð förðunarfræðingur opnaði netverslunina haustfjord.is og sendir frítt um allt land.***

Ég er algjörlega forfallinn „makeup junkie“ og er því mjög heppin að fá að vinna við mitt áhugamál og fá að vera í góðum samskiptum við viðskiptavini mína í gegnum netið,“ segir Heiðdís Austfjörð eigandi netverslunarinnar Haustfjord.is, sem var opnuð fyrir skömmu. Verslunin selur breskar förðunarvörur í öllum regnbogans litum á viðráðanlegu verði og sendir vörur frítt um land allt frá Akureyri. Heiðdís er sminka hjá Leikfélagi Akureyrar en er einnig að klára hárgreiðslusamning sinn nú á næstunni. Hún lærði förðun úti í London í Delamar Academy þar sem hún segist hafa fengið innsýn í öll horn förðunar og förðunarvara. Í Bretlandi kynntist hún Sleek Makeup-vörunum og kolféll fyrir þeim.

„Þessar vörur hafa verið á markaðnum síðan árið 1989 og ég var vön að panta mér eitthvað nýtt frá þeim að utan í hverjum mánuði. Mig langaði að bjóða öðrum konum að eignast þessar snyrtivörur sem eru ódýrar en þó mjög góðar. Lengi hafði mig langað að opna verslun en sökum anna hafði ég ekki látið verða að því,“ segir hún. Bróðir Heiðdísar stakk upp á netversluninni en þannig gæti hún sinnt öðrum verkefnum með. „Ég fór að pæla í þessu í febrúar en opnaði verslunina í apríl og þetta rúllaði fljótt af stað. Litadýrðin er mikil en oft þora konur ekki að kaupa sér mikið af þannig vörum séu þær mjög dýrar. Nú geta þær hins vegar safnað sér vörum án þess að fara á hausinn.“








# HÖNNUN JEAN PAUL GAULTIER FYRIR LINDEX

***Í haust verður línan fáanleg í Lindex á Íslandi. 10% af söluandvirðinu ganga til Krabbameinsfélags Íslands til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini.***

„Þetta er frábær og skemmtileg upplifun að skapa línu sem túlkar hvernig ég sé Lindex en á sama tíma að taka þátt í baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Ég hef trú á að við höfum fundið glæsilegt sambland þeirra þátta; djörf, flott og sterk lína sem einkennir hver Lindex-konan er,“ segir Jean Paul Gaultier sem nú hannar einstaka línu fyrir stórkeðjuna sem heldur upp á 60 ára afmæli sitt en þar leikur hönnunarsamstarfið með Jean Paul Gaultier stórt hlutverk.
Í Jean Paul Gaultier-línunni er kventískufatnaður, barnaföt, fylgihlutir og undirfatnaður. Línan verður fáanleg í útvöldum verslunum Lindex þann 8. október og mun 10% af söluandvirði ganga til rannsókna og baráttu Krabbameinsfélags Íslands gegn brjóstakrabbameini.



Jean Paul Gaultier í París við vinnu á línunni fyrir Lindex.

# NÚ TELJUM VIÐ HRATT NIÐUR

## ALLT Á AÐ SELJAST

AFSLÁTTUR

# 50-80%

AF ÖLLUM VÖRUM

Herra
hafnarfjörður
S. 572 3400

TAX FREE HELGI

FJÖRÐUR
www.fjordur.is



# ALLAR VÖRUR MEÐ

# 30-50%

AFSLÆTTI

TAX FREE HELGI

Mind Xtra
Smart verslun fyrir konur

Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Pinterest



## Hipster Apartments

**www.pinterest.com/calvincopel/hipster-apartments/**

Ef þú ert í þeim hugleiðingum að breyta heimilinu en hugmyndirnar hafa látið á sér standa þá er þetta síðan fyrir þig. Hér er að finna hafsjó af skemmtilegum hipstera-íbúðum sem hægt er að sækja innblástur til. Nýtt veggfóður en múrstein inn í svefnherbergið. Þitt er valið.

Instagram



## Georgia May Jagger

**http://instagram.com/georgiamayjagger**

Eftirnafnið leynir sér ekki en þessi fagra snót er dóttir rokkarans Micks Jagger og fyrrverandi eiginkonu hans, Jerry Hall. Georgia hefur ekki einungis erft útlit móður sinnar heldur hefur hún fetað í fótspor hennar og starfar sem fyrirsæta. Hún hefur getið sér gott orð innan bransans en hefur einna helst verið vinsæl fyrir hið einstaka frekjuskarð á milli framtannanna.

facebook




## Vatnaboltar

**www.facebook.com/Vatnaboltar?ref=profile**

Ef þú hefur ekki enn prófað að hlaupa um í risavöxnum uppblásnum bolta á vatni er tækifærið núna. Á Facebook-síðu Vatnabolta er að finna nánari upplýsingar um þessa bolta sem eru þrælskemmtilegir fyrir allan aldur en boltaskemmtunin hefur fengið frábærar viðtökur um allt land.

# BLOGGARINN ALLT UM FERSKA TÓNLIST

**Raj Rudolph**

**http://eqmusicblog.com/**

Raj Rudolph er bandarískur tónlistaráhugamaður búsettur í London. Hann stofnaði bloggsíðuna sína árið 2005. Hann stofnaði bloggið því hann vildi ekki eingöngu hlusta á það sem í boði var í útvarpinu. Með síðunni sinni vildi hann uppgötva nýja og ferska tónlist sem væri ekki í allra eyrum. Hann leitar stöðugt að nýju hæfileikafólki í tónlist, en Rudolph er orðinn ansi virtur tónlistarbloggari. Bloggsíðan hans hefur vakið athygli víðs vegar um heiminn og hefur hann einnig tekið viðtöl við mörg þekkt nöfn úr tónlistarbransanum eins og Lady Gaga, Adam Lambert, Hurts og Scissor Sisters.







# ANTIK BÚÐIN STRANDGÖTU 24

# FLYTUR Í JÚLÍ

## 50-80% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLU HÚSGÖGNUM



Bílalíf



M.BENZ E 200 kompressor. Árgerð 2006, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.980.000. Rnr.351598.



**100 % LÁN MÖGULEGT**

SUZUKI GSF1250 BANDIT. Árg.2007,ek.18.þ km,6 gírar. Tilboðsverð 990.000,er á staðnum,lítur sérlega vel út. Rnr.104477.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16**
**www.bilalif.is**

STÓRA BÍLASALAN



Ford Transit Custom 9 manna Árgerð 2014. Nýtt ökutæki. Beinskiptur. Dísel. Er á staðnum. Verð 4.690þ.kr án VSK m/niðurfellingu. Raðnr. 134093. Sjá nánar á www.stora.is



Ford Transit FT430 17 manna Árgerð 2014. Nýtt ökutæki. Beinskiptur. Dísel. Er á staðnum. Verð 5.990þ.kr. án VSK m/niðurfellingu. Raðnr. 133928. Sjá nánar á www.stora.is



Ford Transit 300M 9 manna Árgerð 2011, ekinn 61þ.km. Beinskiptur. Dísel. Er á staðnum. Verð 2.790þ.kr. án VSK m/niðurfellingu. Raðnr. 154842. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



LAND ROVER Discovery 3 s 7manna. Árgerð 2008, ekinn 99 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.113224.

**Litla bílasalan**
**Útsölustaðir Málningar**: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Málningarbúðin Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Ormsson Vík, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun, Grindavík

# Framsókn, moska, súkkulaði, kynferðisbrot

**BAKÞANKAR**
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur



Ég elska súkkulaði. Það er minn helsti veikleiki. Það skiptir í raun engu máli hvaðan það kemur. Svo lengi sem það er gott á bragðið spæni ég það í mig líkt og um kappát væri að ræða. En stundum leynist úlfur í sauðargæru. Fagurskreyttar súkkulaðiumbúðir frá fornfrægum sælgætisframleiðanda sem lofar einstöku bragði, gómsætri fyllingu og draumalausn frá hversdagsleikanum um stund. Maður rífur bréfið af í skyndi, bítur í glansandi súkkulaðistykkið en fyrr en varði kemur óbragð í munninn. Súkkulaðið er akkúrat ekkert eins og því var lýst á umbúðunum.

**ÞANNIG** líður mér með Framsóknarflokkinn. Og þannig halda menn að ástandið á Íslandi verði ef moska rís. Það virðist í hugum margra vera samasemmerki á milli þess að trúarhópur fái bænastað og að landamæri Íslands opnist fyrir hryðjuverkamönnum. Sá meira að segja ónefndan mann skrifa við stöðuuppfærslu vinar míns á Facebook eftirfarandi: „Ég get tryggt það að rétt eftir að moskan rís fáum við fréttir af fyrstu hópnauðguninni á Íslandi.“ Er ekki lágmarkskrafa að fólk hafi staðreyndir á hreinu áður en það blandar sér í viðkvæm deilumál í þjóðfélaginu?

**SVO** hef ég heyrt aðra tala um andúð sína á múslimum því þeir meti ekki mannslífið. Finnist það ekkert tiltökumál að taka líf fólks. En við kristnir erum náttúrulega ekki svoleiðis. Við metum mannslífið mikils. Svo mikils að þegar upp kemst um kynferðisbrot sem voru þögguð niður í áraraðir innan kirkjunnar þá borgum við allavega bætur. Svokallaðar sanngirnisbætur. Heilar fjórar milljónir á kjaft. Fyrir eina mannsævi af þjáningu og skömm. Það dugar meira að segja næstum því fyrir útborgun í íbúð í þessu árferði.

**AÐ** endingu vil ég minna á hjúskaparlög sem hafa gilt á Íslandi síðan árið 1993. Í þeim segir að hjúskapur sé ógildur hafi annað hjóna „verið neytt til vígslunnar“. Félag múslima á Íslandi var stofnað árið 1997. You do the math.




**FLOTTUR HÓPUR** Hér sjást allir þeir sem hlutu tilnefningar til Grímunnar 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Gleði yfir Grímunni

Tilnefningar til Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, voru tilkynntar í gær. Margt var um manninn þegar tilnefningarnar voru kunngjörðar í Borgarleikhúsinu en lista yfir allar tilnefningar má sjá á síðu 28 í blaðinu.



**SÓLSKINSBROS** Tinna Gunnlaugsdóttir, Ólafur Darri og Sigurður Skúlason.



**VINKONUR SÁTTAR MEÐ DAGINN** Nína Dögg Filippusdóttir og Nanna Kristín Magnúsdóttir.



**SPENNANDI** Selma Björnsdóttir fylgist spennt með tilnefningunum.



**ÞRÍR HRESSIR** Bergur Þór Ingólfsson, Frank Hall og Hjálmar Hjálmarsson.

SAMbio.is
















**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT KL. 3D: 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 2D: 4:50 - 7 | | 10 |
| MALEFICENT VIP 2D KL. 3:40 - 5:50 - 8 | | VIP |
| EDGE OF TOMORROW KL. 3D: 5:30 - 8 - 10:30 2D: 9:10 | | 14 |
| EDGE OF TOMORROW VIP 2D KL. 10:10 | | VIP |
| GODZILLA 3D | KL. 10:10 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. | | |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D KL. 3:40 | | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D KL. 3:40 | | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT 3D | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW KL. 3D: 10:10 2D: 5:30 - 8 | | 14 |
| GODZILLA 2D | KL. 10:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MALEFICENT 3D | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 10:10 | 14 |
| A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | KL. 8 | 16 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D | KL. 10:20 | 12 |
| LEGENDS OF OZ ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAULT IN OUR STARS | KL 5 - 8 - 10.40 | 12 |
| FAULT IN OUR STARS LÚXUS | KL 5 | 12 |
| MILLION WAYS TO DIE… | KL 8 - 10.45 | 16 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| X-MEN 3D | KL 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN 3D LÚXUS | KL 10.45 | 12 |
| X-MEN 2D | KL 5 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 - 8 - 10.30 | 14 |
| VONARSTRÆTI LÚXUS | KL 8 | 14 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL 3.20 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAULT IN OUR STARS | KL 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 6 - 8 - 9 - 10.40 | 14 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D | KL 10.30 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL 8 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL 6 | 7 |

Miðasala á: eMiði
Kauptu miða á X-Men með Netgíró

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




**Tilboð í bíó.** Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| FAULT IN OUR STARS | 5, 8, 10:40 | 12 |
| MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | 8, 10:30 | 16 |
| VONARSTRÆTI | 5, 8, 10:40 | 14 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D | 5 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

ÍSLANDS BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


FM957
SKY AGENCY
DAVID GUETTA
Í Laugardalshöll 16. júní
DJ Muscleboy
EmmSjé Gauti
Úlfur Úlfur
Friðrik Dór
Steindi jr.
Bent
Broiler
TDK
Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða! Miðasala á Miði.is
davidguetta.com | twitter.com/davidguetta | facebook.com/davidguetta
World Class ICELAND
Domino's
burn

## HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU
### 6 DAGAR Í FYRSTA LEIK



**FRAKKINN ZINEDINE ZIDANE** endaði HM-feril sinn á því að fá rautt spjald í úrslitaleiknum á HM í Þýskalandi 2006. Zidane fékk þá rautt fyrir að skalla Ítalann Marco Materazzi í brjóstkassann. Þetta var annað rauða spjaldið hans í úrslitakeppni HM og á hann metið yfir flest rauð spjöld ásamt Kamerúnmanninum Rigobert Song.

Zidane fékk fyrra rauða spjaldið sitt í leik á móti Sádí-Arabíu á HM 1998. Song fékk rautt spjald á móti gestgjöfum Bandaríkjanna á HM 1994 og gegn Síle á HM í Frakklandi 1998. Song var aðeins 17 ára þegar hann fékk rauða spjaldið á HM 1994 og er sá yngsti frá upphafi sem hefur verið rekinn af velli í úrslitakeppni HM.

## Ekki hægt að líkja þessu saman

**FÓTBOLTI** „Það er mikill léttir að komast á grasið, það er ekki spurning. Við vissum að völlurinn yrði líklega ekki klár fyrr en eftir landsleikinn en ég verð að hrósa vallarstarfsmönnum fyrir starf sitt,“ sagði Bjarni Guðjónsson, þjálfari Fram, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Fram hefur leikið leiki sína undanfarin ár á Laugardalsvelli en þurfti líkt og mörg önnur lið í Pepsi-deildinni að spila á gervigrasi í upphafi móts. Fram hefur nú fengið leyfi til þess að nota völlinn og tekur á móti Keflvíkingum á Þjóðarleikvanginum á þriðjudaginn næstkomandi.

„Það eru öll lið á Íslandi vön gervigrasi en það er ekki hægt að líkja þessu saman. Að spila á gervigrasi alvöru leiki er allt annað en að spila þessa leiki á venjulegu grasi. Það þarf töluvert betra undirlag fyrir alvöru leiki heldur en það sem við höfum verið að nota.“

Bjarni vonast til þess að stigasöfnunin gangi betur á grasinu. „Stigasöfnunin hefur ekki alveg verið eins og hún átti að vera en við erum upplitsdjarfir. Liðið fékk mikið sjálfstraust úr síðasta leik þrátt fyrir tap enda áttum við skilið meira úr þeim leik,“ sagði Bjarni brattur. **- kpt**



**SPENNTUR** Bjarni hefur fengið nóg af leikjum á gervigrasinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SVEKKTUR** Chamberlain fór meiddur af velli gegn Ekvador. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Í kapphlaupi við tímann

**FÓTBOLTI** Óvissa er um þátttöku Alex Oxlade-Chamberlain, leikmanns Arsenal og enska landsliðsins á heimsmeistaramótinu sem hefst í næstu viku.

Enska knattspyrnusambandið staðfesti í gærkvöldi að myndataka leiddi í ljós að liðbönd leikmannsins hefðu skaddast. Chamberlain meiddist í jafntefli Englands gegn Ekvador í næstsíðasta undirbúningsleik Englendinga fyrir mótið sjálft. Chamberlain var einn af sprækari leikmönnum Englands áður en hann lenti illa eftir tæklingu.

Á næstu sólarhringum kemur í ljós hvort Chamberlain getur tekið þátt og vonast Roy Hodgson, þjálfari enska landsliðsins, eftir jákvæðum fréttum. „Hann átti góðan leik gegn Ekvador og það yrði gríðarlegur missir ef hann gæti ekki tekið þátt í mótinu með okkur,“ sagði Hodgson. **- kpt**




# Óeðlilega mikið lagt undir

**Erlent eftirlitskerfi með veðmálastarfsemi sýndi að óeðlilega var lagt undir á leik Þórs og Dalvíkur/Reynis í janúar. KSÍ ætlar að óska eftir frekari upplýsingum frá Dalvík/Reyni eftir umfjöllun Fréttablaðsins í gær.**

**FÓTBOLTI** Töluvert hærri upphæðir voru lagðar undir á leik Þórs og Dalvíkur/Reynis í Kjarnafæðismótinu þann 13. janúar síðastliðinn en eðlilegt getur talist. Þetta staðfesti Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri hjá Íslenskum getraunum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að einn leikmanna Dalvíkur/Reynis hafi viðurkennt fyrir formanni knattspyrnudeildar félagsins að hafa veðjað á að Þór myndi vinna að minnsta kosti þriggja marka sigur. Svo fór að Þór vann 7-0 sigur.

Á sínum tíma komu fram ásakanir um að leikmenn Þórs hefðu veðjað á leikinn en því hafa forráðamenn félagsins staðfastlega neitað, sem og leikmennirnir sjálfir. Hins vegar liggur fyrir að óeðlilega var lagt undir á minnst þriggja marka sigur Þórs á erlendri vefsíðu.

„Íslenskar getraunir eru í samtökum veðmálafyrirtækja í Evrópu sem starfrækja eftirlitskerfi, ELMS. Þegar þessar fréttir komu fyrst fram höfðum við samband við þessi samtök og í ljós kom að óeðlilegar háar upphæðir voru lagðar á þetta ákveðna veðmál,“ segir Pétur Hrafn sem hafði þó ekki nákvæmar upplýsingar um upphæðir sem lagðar voru að veði.

„Þær voru þó það háar að viðkomandi veðmálasíða lækkaði stuðulinn á veðmálinu. Alla jafna þarf töluvert mikið til að það sé gert,“ bætir hann við.

### KSÍ ítrekar beiðni sína

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að sambandið muni aftur óska eftir upplýsingum frá forráðamönnum Dalvíkur/Reynis um umræddan leik.

„Það kemur mér undarlega fyrir sjónir að KSÍ fái þessar upplýsingar fyrst í gegnum fjölmiðla. Ekki síst þar sem ég óskaði eftir upplýsingum á sínum tíma,“ sagði Þórir og vísaði til umfjöllunar Fréttablaðsins um málið í gær.

Hann segir að KSÍ muni ekki koma með frekari viðbrögð vegna þessa máls fyrr en það hafi fengið svar frá Dalvík/Reyni. Hann ítrekaði þó að viðkomandi leikmanni er óheimilt að veðja á leiki liðs síns en slíkt athæfi er refsivert samkvæmt reglum KSÍ.

Þórir vildi heldur ekki svara hvort þetta tiltekna mál varpaði skugga á íslenska knattspyrnu.

„Um það vil ég ekki dæma að svo stöddu. En það er vissulega ákveðinn blettur á knattspyrnunni ef menn brjóta gegn þeim reglum sem ríkja.“

Áður hefur komið fram að Dalvík/Reynir hafnaði ósk KSÍ um aðstoð við rannsókn þess á umræddum leik eftir að ásakanirnar komu fyrst fram í lok janúar. Þórir segir að þær nýju upplýsingar sem nú hafa komið fram breyti ekki afstöðu hans til neitunar norðanmanna.

### Formaðurinn tjáir sig ekki

Fréttablaðið hafði einnig samband við Kristján Ólafsson, formann UMF Svarfdæla, en knattspyrnudeild Dalvíkur/Reynis er starfrækt undir félaginu.

„Stjórnin mun ekki skipta sér af þessu máli að svo stöddu,“ sagði Kristján og vildi ekki svara hvort hann teldi að umræddur leikmaður hafi teflt heiðri félagsins í hættu með því að veðja á tap liðsfélaga sinna.

Fram kom í máli Stefáns Garðars Níelssonar, formanns knattspyrnudeildar Dalvíkur/Reynis, í gær að viðkomandi leikmaður hafi ekki verið beinn þátttakandi í leiknum né heldur í leikjum liðsins á Íslandsmótinu í sumar. Dalvík/Reynir leikur í 2. deild karla. Hann neitaði að gefa upp nafn leikmannsins.

eirikur@frettabladid.is



**VARNARVEGGUR** Úr leik Dalvíkur/Reynis í 2. deild karla síðastliðið sumar. Leikmennirnir á myndinni tengjast fréttinni ekki með beinum hætti. MYND/EYJÓLFUR GARÐARSSON

## Viljum aðgerðir gegn veðmálasíðum

Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri hjá Íslenskum getraunum, segir að mikið sé veðjað á íslenska knattspyrnuleiki á erlendum vefsíðum en slíkt er ólöglegt hér á landi.

„Okkur er sagt að það sé einn og hálfur milljarður króna að fara út með þessum hætti, hvort sem það er í gegnum veðmál, póker eða sams konar starfsemi. Til samanburðar má nefna að heildarvelta Íslenskra getrauna er um 700 milljónir,“ segir Pétur Hrafn.



**PÉTUR HRAFN SIGURÐSSON**

„Okkar arður skilar sér í verulegum tekjum til íþróttahreyfingarinnar og við viljum sporna við þessu. Algeng leið til þess sem notuð er víða er að kreditkortafyrirtæki verði ekki heimilt að taka við greiðslum til erlendra veðmálasíðna. Það væri ekki endanleg lausn en gæti hugsanlega stöðvað um það bil 80 prósent af útflæðinu,“ segir hann.

Ekki er hægt að veðja á æfingaleiki eða leiki yngri flokka hjá íslenskum getraunum en Pétur Hrafn segir auðvelt að láta freistast til þess þegar það býðst á erlendum vefsíðum. „Það skapar mikinn freistnivanda hjá aðilum sem hafa ef til vill upplýsingar sem gætu orðið til þess að þeir sjái sér leik á borði og leggi háar fjárhæðir að veði.“




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9
HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989


TWISTER
ELSKAR
DORITOS
Tortilla +
salsasósa
+ iceberg
+ majónes +
rifinn ostur
+
muldar Doritos
flögur
+ Zinger
lundir
=sönn ást
799
kr.
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS




**Á ANFIELD** Það verður áhugavert að sjá þennan á Anfield. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Emre er á leið til Liverpool

**FÓTBOLTI** Liverpool hefur staðfest að félagið hafi í grunnatriðum komist að samkomulagi um kaup á þýska U-21 landsliðsmanninum Emre Can.

Enskir fjölmiðlar fullyrða að Liverpool hafi greitt uppsett riftunarverð fyrir Can sem er á mála hjá Bayer Leverkusen í Þýskalandi. Upphæðin er sögð vera 12 milljónir evra eða um 1,8 milljarðar króna.

Liverpool tilkynnti kaupin á heimasíðu sinni í dag en forráðamenn þýska liðsins höfðu áður staðfest að félagið hefði lagt fram tilboð og að gengið yrði frá viðskiptunum innan skamms.

Leikmaðurinn sjálfur á eftir að ganga frá samningi um kaup og kjör en Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, er sagður vongóður um að það verði gert á næstu dögum. - esá

## Kiel-strákarnir í úrvalsliði

**HANDBOLTI** **Aron Pálmarsson og Guðjón Valur Sigurðsson, landsliðsmenn Íslands, voru valdir í úrvalslið úrslitahelgar Meistaradeildarinnar.**

**Það ætti í raun ekki að koma neinum á óvart enda voru þeir langbestu leikmenn Kiel sem komst í úrslitaleikinn en tapaði þar fyrir Flensburg.**

**Aðrir í úrvalsliðinu eru: Mattias Andersson, markvörður Flensburg, Momir Ilic, vinstri skytta Veszprém, Siarhei Rutenka, skytta Barcelona sem spilaði sem línumaður, og Holger Glandorf, hægri skytta Flensburg.** - tom

# Þetta er gríðarlegt áfall

Landsliðsmaðurinn Kári Kristján Kristjánsson er aftur kominn með æxli í bakið. Það er aðeins rúmt ár síðan æxli var síðast fjarlægt úr baki hans. Línumaðurinn er eðlilega sleginn. Hann mun komast að því fljótlega hvort æxlið er góð- eða illkynja og í kjölfarið fer hann í aðgerð þar sem það verður fjarlægt.

**HANDBOLTI** Kári Kristján Kristjánsson tók ekki þátt í leikjum Íslands gegn Portúgal á dögunum og það var skýring á fjarveru hans. Stórt æxli hefur aftur greinst í baki línumannsins sterka.

„Þetta er gríðarlegt áfall fyrir mig sem og mína nánustu auðvitað," segir Kári Kristján en hann fór í aðgerð í febrúar á síðasta ári þar sem æxli var fjarlægt úr baki hans.

„Ég komst að þessu í maí þegar ég var í eftirfylgni. Ég fór svo í stóra sýnatöku fyrir tveimur vikum og á svo fund úti í Danmörku eftir viku og þá kemst ég að því hver staðan er. Hvort æxlið sé góð- eða illkynja. Í kjölfarið verður æxlið fjarlægt og það verður gert í þessum mánuði. Ég mun fara í þá aðgerð í Danmörku."

> **Mér fannst vera ótrúlegt að það væri komið aftur stórt æxli í bakið. Þetta gerist óþægilega hratt.**
>
> *Kári Kristján Kristjánsson*




**ÁFALL** Kári hefur þurft að bíða í óvissu núna í nokkurn tíma og þarf að bíða í viku í viðbót eftir staðfestingu á því hvers kyns æxlið sé. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Æxlið á sama stað

Síðast var æxlið í baki Kára góðkynja en það er engin ávísun á að svo verði núna.

„Þetta er á nákvæmlega sama stað og síðast í bakinu á mér. Auðvitað krossa ég fingur að þetta sé góðkynja rétt eins og síðast. Það stuðar þá samt svolítið hvað æxlið er orðið stórt á stuttum tíma," segir Kári en það var eðlilega erfitt fyrir hann að fá þessa niðurstöðu.

„Þetta er helvítis skellur. Þegar ég labbaði inn í skoðunina þá leið mér ekkert verr eða betur en síðustu mánuði. Ég fann enga breytingu á mér og átti því ekki von á þessari niðurstöðu. Þegar maður fer í svona aðgerð eins og ég fór í síðast þá getur maður fundið ertingu og óþægindi í allt að tvö ár á eftir. Tilfinningin var hvorki verri né betri hjá mér síðustu mánuði. Hún var alltaf eins. Þess vegna fannst mér það vera alveg ótrúlegt að það væri aftur komið stórt æxli í bakið á mér. Þetta gerist óþægilega hratt."

Kári segir að æxlið liggi ekki ofan á neinum líffærum og það gerir læknum auðveldara fyrir að fjarlægja það.

„Það er góðs viti að þetta komi upp á sama stað og það er góðs viti eins langt og það nær. Næsta skref er að tækla þetta af krafti og reyna að komast eins vel í gegnum þetta og mögulegt er. Annað mætir afgangi á meðan."

### Óhugnanlegt hve vöxturinn er ör

Óvissan er eðlilega mjög erfið fyrir Kára og á svona stundum læðast að honum margar hugsanir.

„Það sem gerir þetta óhugnanlegt er hvað þetta kemur hratt aftur og að æxlið skuli vaxa á þessum hraða. Maður fer að pæla í því hvort þetta sé einhver árlegur viðburður. Hvort maður verði bara undir hnífnum á hverju ári þangað til maður er dauður. Eðlilega hugsar maður svona," segir línutröllið sem ætlar þó að tækla þessi veikindi af miklum krafti.

„Ég reyni að vera jákvæður og vonandi verð ég laus eftir þessa aðgerð. Það er allt til í þessu þó svo það sé hörmulegt að bíða lengi eftir niðurstöðu. Það hjálpar aðeins að vera með reynslu. Síðast þá svaf ég ekkert. Ég er ögn rólegri núna en það er samt alltaf ótti í manni."

henry@frettabladid.is






# ÍR sýndi ekki áhuga

Hreiðar Levý snýr heim en hann samdi við Akureyri.

**HANDBOLTI** „Þeir höfðu ekkert samband við mig þannig að sá möguleiki var aldrei uppi á borðinu," segir markvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson aðspurður hvort ekki hafi komið til greina að spila með ÍR næsta vetur.

Margir bjuggust við því að hann færi aftur í Breiðholtið með fyrrverandi félögum sínum en þess í stað samdi hann við Akureyri og tók með sér vin sinn og ÍR-inginn Ingimund Ingimundarson.

„Ég hafði ekki áhuga á að vera lengur í Noregi. Ég var með spennandi dæmi í Noregi en það gekk ekki upp þar sem ég er á leið í aðgerð á hné og get þar af leiðandi ekki spilað fyrr en í fyrsta lagi í október," segir Hreiðar en hann er spenntur fyrir því að koma heim.

„Ég er mjög ánægður með þessa ákvörðun að fara til Akureyrar og ekki verra að fá Didda [Ingimund] með mér. Svo á ég góða vini frá tíma mínum þarna áður þannig að þetta verður bara spennandi."

### Átti ekki von á því að semja

Hreiðar lék með Akureyri handboltafélagi fyrstu leiktíðina eftir að það var stofnað, 2006-07. Hann hélt síðan utan í atvinnumennsku og kemur heim frá norska félaginu Nötteroy.

„Ég var nú ekkert að reikna með því að semja núna. Ég bjóst allt eins við því að vera samningslaus fram á árið en þá komu Akureyringar inn. Ég skrifaði undir tveggja ára samning með möguleika á eins árs framlengingu. Þetta blessaðist því allt saman."



**Á HEIMLEIÐ** Hreiðar er með mikla reynslu úr landsliðinu og á eftir að styrkja lið Akureyrar mikið. Hann fagnar hér á ÓL í London. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Markvörðurinn segir að lífið í Noregi hafi verið mjög gott að mörgu leyti en það verði gott að komast aftur heim. Hreiðar íhugar jafnvel að taka með sér heim rafmagnsbíl sem hann ekur á ytra.

„Fyrst eftir að ég kom út þá keypti ég mér Benz-bíl en hann eyddi óhemju miklu bensíni. Ég var að eyða 100 þúsund krónum á mánuði í bensín. Það var alveg að gera mig bilaðan," segir Hreiðar og hlær við. - hbg

wewalka

# Hefur þú prófað allar tegundir af Wewalka deigunum?




VILTU VINNA FERÐ FYRIR TVO TIL AUSTURRÍKIS Í HAUST?

ÞÚ GÆTIR DOTTIÐ Í LUKKUPOTTINN MEÐ ÞVÍ AÐ KAUPA EITT WEWALKA DEIG. SKRIFAÐU NAFN, NETFANG OG SÍMA Á KASSAKVITTUNINA, TAKTU MYND AF HENNI OG SENDU Á GODGAETI@INTERNET.IS EÐA Í PÓSTI TIL: GÓÐGÆTI, BREKKUSTÍGUR 4A, 101 REYKJAVÍK FYRIR 2. JÚLÍ.

nettó Ódýrt fyrir heimilið! | Melabúðin Þín verslun | VÍÐIR | VÖRUVAL | BÓNUS | HAGKAUP Ein ferð betra verð | Samkaup | FK FJARÐARKAUP

www.facebook.com/godgaeti

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 19.15
**Super Fun Night**



Gamanþáttaröð um þrjár frekar klaufalegar vinkonur sem eru staðráðnar í að láta ekkert stoppa sig í leit að fjöri á föstudagskvöldum. Ástralska gamanleikkonan Rebel Wilson úr Pitch Perfect og Bridesmades er í einu aðalhlutverkanna.



### Brasilía - Serbía
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.50** Stöð 2 Sport sýnir beint frá vináttulandsleik Brasilíu og Serbíu. Nú eru aðeins sex dagar í að heimsmeistaramótið í knattspyrnu hefjist en mótið fer einmitt fram í Brasilíu.



### The Vow
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.15** The Vow Rachel McAdams og Channing Tatum í rómantískri mynd um eiginmann sem reynir að vinna aftur ástir eiginkonunnar eftir að hún vaknar úr dái eftir bílslys.



### Modern Family
**STÖÐ 2 GULL KL. 19.30** Þriðja þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eiga ættleidda dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp og kominn með suður-ameríska fegurðardís.

### Léttbylgjan kl. 15-19
**Erna Hrönn**



Söng- og útvarpskonan Erna Hrönn fylgir þér heim úr vinnunni með þægilegri tónlist á Léttbylgjunni. Láttu vinnuvikuna enda á ljúfum tónum í boði Ernu Hrannar.





ferplast
GÆÐIN SKIPTA MÁLI

DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins S: 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.00** **Malcolm in the Middle** *(12:22)*
**08.25** **Drop Dead Diva** *(1:13)*
**09.15** **Bold and the Beautiful** *(6373:6821)*
**09.35** **Doctors** *(164:175)*
**10.20** **Fairly Legal** *(12:13)*
**11.05** **Last Man Standing** *(6:24)*
**11.30** **Heimsókn**
**11.50** **Hið blómlega bú**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Game Change**
**15.30** **Hundagengið**
**15.55** **Young Justice**
**16.20** **Frasier** *(2:24)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(2:24)*
**17.10** **Bold and the Beautiful** *(6373:6821)*
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(16:21)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag** Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.
**19.06** **Veður**
**19.15** **Super Fun Night** *(1:17)*
**19.35** **Impractical Jokers** *(1:8)*
**20.00** **Mike & Molly** *(11:23)*
**20.20** **NCIS: Los Angeles** *(1:24)*
**21.05** **Holy Rollers**
**22.30** **Donkey Punch**
**00.10** **Contagion**
**01.55** **Universal Soldier. Regeneration**
**03.30** **Hemingway & Gellhorn**
**06.00** **Impractical Jokers** *(1:8)*

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** **San Antonio - Miami**
**12.50** **Brasilía - Panama**
**14.30** **Demantamótin**
**16.30** **San Antonio - Miami**
**18.20** **Ferð til Toronto á NBA-leik**
**18.50** **Brasilía - Serbía** Bein útsending frá vináttulandsleik Brasilíu og Serbíu í knattspyrnu.
**20.50** **Box - Bryant Jennings - Mike Perez**
**22.55** **Brasilía - Serbía**
**00.35** **UFC Fight Night**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**09.45** **Stoke - Chelsea**
**11.35** **PL Classic Matches:** Newcastle - Man. United, 1996
**12.05** **Arsenal - Norwich**
**13.50** **Alan Shearer**
**14.20** **England - Portúgal**
**16.40** **Russia, Cuiaba og Suður-Kórea**
**17.10** **Argentína - Þýskaland**
**18.50** **Brasilía - Serbía**
**20.50** **England - Ekvador**
**22.30** **Þýskaland - Bandaríkin**
**00.30** **Goals of the Season 2013/2014**

## ÍNN

**20.00** Kling klang Íslenska poppflóran 3.6 **21.00** Rölt um Reykjavík Það eru svo mikið að sjá. **21.30** Eldað með Holta 100. þátturinn.Viðhafnarþáttur með Kristjáni og Úlfari.

## STÖÐ 3

**17.30** **Jamie's 30 Minute Meals** *(15:40)*
**17.55** **Raising Hope** *(16:22)*
**18.15** **The Neighbors** *(6:22)*
**18.35** **Up All Night** *(7:11)*
**19.00** **Top 20 Funniest** *(2:18)*
**19.45** **The Cougar** *(2:8)*
**20.30** **The Secret Circle** *(3:22)*
**21.10** **Free Agents** *(6:8)*
**21.35** **Community** *(11:24)*
**21.55** **True Blood** *(7:12)*
**22.50** **Sons of Anarchy** *(10:13)*
**23.35** **Memphis Beat** *(1:10)*
**00.20** **Top 20 Funniest** *(2:18)*
**01.00** **The Cougar** *(2:8)*
**01.45** **The Secret Circle** *(3:22)*
**02.25** **Free Agents** *(6:8)*
**02.50** **Community** *(11:24)*
**03.15** **True Blood** *(7:12)*
**04.10** **Sons of Anarchy** *(10:13)*
**04.55** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Leyndarmál vísindanna **10.00** Brunabílarnir **10.25** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Leyndarmál vísindanna **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Leyndarmál vísindanna **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Gullbrá og birnirnir 3 **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.20** **Strákarnir**
**18.45** **Friends** *(13:24)*
**19.10** **Seinfeld** *(14:21)*
**19.35** **Modern Family**
**19.55** **Two and a Half Men** *(3:22)*
**20.15** **Wipeout - Ísland** *(10:10)*
**21.00** **The Killing** *(2:12)*
**21.45** **Boss** *(2:8)*
**22.40** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**23.05** **Wipeout - Ísland** *(10:10)*
**23.45** **Footballer's Wives** *(7:8)*
**00.35** **The Killing** *(2:12)*
**01.20** **Boss** *(2:8)*
**02.15** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**02.40** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**10.55** **The Remains of the Day**
**13.05** **Thunderstruck**
**14.40** **The Vow**
**16.25** **The Remains of the Day**
**18.40** **Thunderstruck**
**20.15** **The Vow**
**22.00** **Ted**
**23.45** **Fish Tank**
**01.45** **The East**
**03.40** **Ted**

## RÚV

**15.40** **Ástareldur**
**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Litli prinsinn** *(23:25)*
**17.43** **Undraveröld Gúnda** *(4:11)*
**18.05** **Nína Pataló** *(26:39)*
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Pricebræður bjóða til veislu** *(3:5)* *(Spise med Price)* Matgæðingarnir í Price-fjölskyldunni töfra fram kræsingar við öll tækifæri. Adam Price er einnig þekktur sem aðalhandritshöfundur og framleiðandi sjónvarpsþáttanna Borgen. e.
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir** Íþróttir dagsins í máli og myndum.
**19.40** **HM-veislan** *(3:3)* Í þættinum fjallar Björn Bragi um HM í knattspyrnu og allt sem mótinu viðkemur. Spjallað við áhugafólk úr ýmsum áttum og reynt að komast að því hvað það er sem gerir HM að einum stærsta viðburði heims.
**20.10** **Saga af strák** *(5:13) (About a Boy)*
**20.35** **Simpson-fjölskyldan** *(The Simpsons Movie)* Hómer Simpson þarf vart að kynna. Nú hefur hann óvart mengað vatnsból Springfield og er því á flótta undan laganna vörðum. Leikraddir: Dan Castellaneta, Julie Kavner og Nancy Cartwright.
**22.00** **Banks yfirfulltrúi – Hjartans mál** *(DCI Banks)* Bresk sakamálamynd. Alan Banks lögreglufulltrúi rannsakar dularfullt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.30** **Hleyptu mér inn** *(Let me In)* Óhugnanlegur sálfræðitryllir um einmana dreng sem vingast við unga stúlku sem er ekki öll þar sem hún er séð. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.20** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(7:26)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**13.50** **The Voice** *(1:26)*
**15.20** **The Voice** *(2:26)*
**16.05** **Necessary Roughness** *(7:16)*
**16.50** **90210** *(20:22)*
**17.35** **Læknirinn í eldhúsinu** *(8:8)*
**18.00** **Dr. Phil**
**18.40** **Minute to Win It**
**19.25** **Men at Work** *(2:10)*
**19.50** **Secret Street Crew** *(5:6)*
**20.35** **America's Funniest Home Videos** *(34:44)*
**21.00** **Survior** *(2:15)*
**21.45** **Country Strong**
**23.40** **The Tonight Show**
**00.25** **Royal Pains** *(8:16)*
**01.10** **The Good Wife** *(17:22)*
**01.55** **Leverage** *(5:15)*
**02.40** **Survior** *(2:15)*
**03.25** **The Tonight Show**
**04.10** **The Tonight Show**
**04.55** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **11.00** Golfing World 2014 **11.50** LPGA Tour 2014 **14.05** Inside The PGA Tour 2014 **14.30** European Tour 2014 **17.20** European Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Nýr ŠKODA Octavia Combi

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS 2014
BÍLABLAÐAMANNA

**ŠKODA Octavia Combi kostar frá 3.970.000,-**

3,8 — Eyðsla frá 3,8 l/100 km

99g — $CO_2$ frá 99 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrar-prófunum EuroNcap

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Það er lagið Old Flame með Kimbru. Ég fæ alltaf gæsahúð þegar hljómabreytingarnar koma í lokin. Þetta er algjört föstudagslag fyrir mér.“**

Unnur Birna Björnsdóttir tónlistarkona

# Gylfi í Retro hvílir trommukjuðana um stund

Gylfi Freeland Sigurðsson, trommuleikari Retro Stefson, opnar sína fyrstu myndlistarsýningu á Kaffistofunni.

„Tónlistarferillinn er nú ekki á enda,“ segir Gylfi Freeland Sigurðsson, trommuleikari Retro Stefson, en hann heldur sína fyrstu einkasýningu um helgina. Sýningin verður opnuð klukkan fimm í dag á Kaffistofunni á Hverfisgötu 42.

Á sýningunni, sem ber heitið Allt er gott þó ekkert sé, verða bæði teikningar og textaverk eftir Gylfa. „Ég hef verið að vinna með fjölbreytta hluti sem tengjast teikningu og tungumáli. Það glittir mögulega í merkjakerfi í verkunum þar sem rannsökuð eru mörk pennans og blaðsins,“ útskýrir Gylfi, sem segir húmor í sýningunni.

„Merkingu hluta er aðeins snúið á hvolf og hugarheimur minn yfirtekur galleríið,“ bætir hann við, léttur í bragði. Öll verkin eiga það sameiginlegt að vera unnin á þessu ári.

Gylfi Freeland lauk öðru ári í myndlistardeild Listaháskóla Íslands í ár.

Sýningin verður opin helgina 7. og 8. júní frá kl. 15.00-19.00. - ósk



**LISTAMAÐUR FRAM Í FINGURGÓMA** Gylfa Freeland Sigurðssyni er margt til lista lagt, en hann hefur gert garðinn frægan með hljómsveitinni Retro Stefson. undanfarin ár. MYND/ÚR EINKASAFNI


MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

Schoolboy Q

[US] LOS ANGELES RAP / HIP-HOP

SVIÐ: VALHÖLL SUNNUDAGUR



Þriðja breiðskífa Schoolboy Q „Oxymoron“ sem kom út síðastliðinn febrúar hefur aldeilis fengið lof gagnrýnanda. Á plötunni má heyra í mörgum frægustu röppurum samtímans á borð við Pharrel, A$AP Rocky og Tyler, The Creator. Rolling Stone tímaritið gaf plötunni 4 stjörnur og fór breiðskífan beina leið í fyrsta sætið á Billboard listanum. Oxymoron hefur nu þegar selst meira en fyrstu tveir plötur rapparans til samans og telst það afar góður árangur.

**SCHOOLBOY Q kemur fram á Secret Solstice hátíðinni 20.- 22. júni 2014 ásamt 150+ tónlistaratriðum.**

WOW air FOUNDING SPONSOR · ICELANDIC GLACIAL · 365 · Budget · 66°NORTH · the warehouse project · World Class ICELAND

MIÐASALA: www.SECRETSOLSTICE.IS




**ALDA** Hér má sjá meðlimi Alda-samtakanna sem allar eru farsælar fyrirsætur. Frá vinstri: Inga, Ashley Graham, Marquita Pring, Julie Hendersen og Danielle Redman.

# Brýtur staðalímyndir í fyrirsætuheiminum

Fyrirsætan Inga Eiríksdóttir er ein af stofnendum Alda, samtaka fyrirsætna í yfirstærð. Markmið hópsins er brjóta niður staðalímyndir fyrirsætugeirans og auka veg fyrirsætna í yfirstærð. Inga býr og starfar sem fyrirsæta í New York, þar sem hún hefur átt góðu gengi að fagna síðastliðin fimmtán ár.

„Markmið hópsins er að brjóta múra og staðalímyndir fyrirsætugeirans en ég tel að samfélagið sé farið að gera aukna kröfu um að sjá fjölbreyttari líkama í blöðum og á tískupöllunum,“ segir fyrirsætan Inga Eiríksdóttir, ein af stofnendum Alda, samtaka fyrirsætna í yfirstærð.

Inga býr og starfar í New York en hún stofnaði hópinn í fyrrasumar í kjölfar þess að skrifstofa hennar, Ford Models, minnkaði starfsemi sína og hætti að vera með fyrirsætur í yfirstærð á sínum snærum. „Ég hóaði saman nokkrum af þeim sem voru með mér, fyrirsætur sem eru búnar að gera það gott ásamt sjálfri mér, og lagði til að við stofnuðum þessi samtök og byðum okkur svo fram sem hóp á nýja skrifstofu,“ segir Inga en hópurinn er nú á mála hjá stærstu fyrirsætuskrifstofu í heimi, IMG Models. „Þeir voru sammála okkur um að það sé enginn munur á fyrirsætum eftir því í hvaða stærð þær eru og eru því að hjálpa mikið við að breyta þessu með okkur. **Við erum sendar í sömu prufur og vinnu og allar aðrar fyrirsætur sem þeir hafa sem var ekki í boði áður. Að kalla þetta yfirstærð eða „pluz size“ er því að verða úrelt.**“

Ásamt því að ætla að standa vörð um réttindi fyrirsætna og auka veg fyrirsætna í yfirstærð í tískuheiminum ætlar hópurinn að halda námskeið í sjálfsstyrkingu fyrir ungar stúlkur og fyrirsætur. „Á dögunum stóðum við líka fyrir góðgerðarsöfnun fyrir menntun stúlkna í Rúanda þar sem við náðum að safna um 50 þúsund Bandaríkjadölum. Það er nokkuð sem við getum hugsað okkur að gera meira af í framtíðinni.“

Fyrirsæta í yfirstærð er samkvæmt bransanum einhver sem er yfir 6 í bandarískum stærðum.



**FRELSANDI** Inga Eiríksdóttir er öllum hnútum kunnug í fyrirsætubransanum þar sem hún hefur starfað í fimmtán ár og síðustu átta árin sem fyrirsæta í yfirstærð. Hún er líka menntaður jógakennari.

> **Við erum sendar í sömu prufur og vinnu og allar aðrar fyrirsætur sem þeir hafa sem var ekki í boði áður. Að kalla þetta yfirstærð eða „pluz size“ er því að verða úrelt.**

Inga hefur starfað sem fyrirsæta í 15 ár en færði sig í þennan svokallaða „plus size“-flokk þegar hún var rúmlega tvítug. Hún segist ekki hafa vitað mikið um þennan svokallaða „flokk“ innan fyrirsætugeirans þegar skrifstofan hvatti hana til færa sig yfir. Síðan þá hefur verið mikið að gera hjá Ingu, sem einnig er menntaður jógakennari og var einmitt í verkefni þegar Fréttablaðið náði af henni tali. „Ég er í tökum fyrir Ralph Lauren en fyrirtækið hefur verið meðal minna dyggustu kúnna síðustu ár. Það var mjög frelsandi að fara yfir í þennan flokk, pressan minnkaði og ég gat hætt að fara í stranga megrunarkúra fyrir hvert verkefni.“ Inga segir ekki margar fyrirsætur í yfirstærð hafa fengið að ganga tískupallana á tískuvikunum en það sé næsta markmið hópsins. „Ég gæti vel hugsað mér að koma til Íslands og taka þátt í Reykjavík Fashion Festival á næsta ári ef áhugi er fyrir því. Það tekur langan tíma að breyta þessum hefðbundnu ímyndum sem fólk hefur af fyrirsætum en við erum tilbúnar að taka slaginn í rétta átt.“

alfrun@frettabladid.is

# LG HM TILBOÐ

# Á SJÓNVÖRPUM




LG

## ÓTRÚLEG SKERPA OG GÆÐI

50" Full HD Plasma sjónvarp 1920x1080p upplausn. 600Hz Sub Field Drive. Triple XD Engine. Picture Wizard II. Superb Contrast. 2.000.000:1. Real Cinema 24p. Digital móttakari DVB-T2. Progressive Scan. 20w Nicam Stereó, Virtual Surround. USB tengi fyrir afspilun á DivX HD, JPEG, MP3, WMA. Scart, 2x HDMI, Component tengi, CI rauf, CVBS, Optical tengi o.fl.

**600Hz MAX**
Með 600 riðum tryggir þetta LG sjónvarp þér skýra og góða mynd, jafnvel þegar verið er að horfa á hraðar myndir eins og fótbolta eða spila tölvuleiki.

**Triple XD Engine**
Öflugur Triple XD mynd-vinnslubúnaður nær fram ótrúlegum gæðum í litum og skerpu 3.000.000:1.

**Protective Glass**
Tækið er með gler framan á skjánum sem verndar tækið og dregur úr líkum á að tækið skemmist.

**LG-50PN650T**

**129.990**

FULLT VERÐ 149.990

TRIPLE XD ENGINE

600Hz Sub Field Driving

Protective Glass

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Trommari í blaðamannsstól

Trommuleikarinn **Hannes Friðbjarnarson** hefur hafið störf sem blaðamaður hjá Fréttatímanum, en fyrir er hann líklega best þekktur sem trommuleikari hljómsveitarinnar Buffs.

Áður starfaði Hannes sem hugmyndasmiður hjá auglýsinga- og markaðsfyrirtækinu PIPAR/TBWA. Hann var einnig í fjórða sæti á lista Samfylkingarinnar í Kópavogi í sveitarstjórnarkosningunum sem fram fóru fyrir skömmu.

Hannes hefur greinilega í nógu að snúast, enda Buffið ein vinsælasta hljómsveit landsins. Þá hefur hann einnig verið iðinn sem slagverksleikari og bakraddasöngvari á hinum ýmsu tónleikum sem fram hafa farið að undanförnu. -glp



### Kaupmannahöfn í Sónar

Eigendur Sónar Reykjavík hafa tilkynnt að Sónarhátíð verður sett upp í Kaupmannahöfn dagana 13. og 14. mars 2015. **Björn Steinbekk**, aðstandandi Sónar Reykjavík, segir þetta ákaflega ánægjulegt. Kaupmannahöfn verður þá þriðja Sónarhátíðin sem aðstandendur Sónar Reykjavík standa fyrir á Norðurlöndunum en Sónar Reykjavík og Sónar Stockholm fara fram samtímis dagana 12. til 14. febrúar 2015 líkt og gert var í febrúar síðastliðnum. Sónar Kaupmannahöfn mun fara fram í DR Koncerthuset sem er tónleikahús danska ríkisútvarpsins og er hátíðin unnin í nánu samstarfi við Danmarks Radio. Þess má svo geta að stærsta tónleikafyrirtæki Svíþjóðar, Luger, fjárfesti nýlega í Sónar Stockholm. - glp



## Mest lesið VÍSIR

1 Samtal á fundi
2 Spáin hækkar í 22 stiga hita
3 Umfjöllun, viðtöl, einkunnir og myndir: Ísland - Eistland 1-0 | Kolbeinn kom til bjargar
4 Villi á Skjöldólfsstöðum segir mönnum til syndanna
5 „Þessi moska kemur aldrei til með að rísa!“


SONOS
FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM



Spotify Google play
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



# EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS!

20 ÁRA AFMÆLI
BETRA BAK

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR AF C&J HEILSURÚMUM

PLATINIUM 160X200
AÐEINS KRÓNUR
99.900
AFMÆLISTILBOÐ

Charlotte & Julien
Dream your world™



GOLD 160X200
AÐEINS KRÓNUR
111.920
AFMÆLISTILBOÐ

| Tegund | Stærð | Dýna og Classic-botn | AFMÆLIS TILBOÐ |
|---|---|---|---|
| Platinum | 120x200 | 99.900 kr. | **79.920 kr.** |
| Platinum | 140x200 | 114.900 kr. | **91.920 kr.** |
| Platinum | 160x200 | 127.900 kr. | **99.990 kr.** |
| Platinum | 180x200 | 134.900 kr. | **107.920 kr.** |
| Gold | 120x200 | 119.900 kr. | **95.920 kr.** |
| Gold | 140x200 | 139.900 kr. | **111.920 kr.** |
| Gold | 160x200 | 152.900 kr. | **122.320 kr.** |
| Gold | 180x200 | 164.900 kr. | **131.920 kr.** |

AUKAHLUTIR Á MYND:
GAFL OG FERKANTAÐAR ÁLLAPPIR

**C&J Platinum heilsudýna**
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mýkir axlasvæði.
- Þykkt 24 cm.

**C&J Gold heilsudýna**
- 5 svæða skipt yfirdýna. Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mýkir axlasvæði.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 29 cm.

Nú færðu heilsurúm frá Serta stærsta dýnuframleiðanda heims í Betra Baki



Serta
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™

Serta 20% KYNNINGAR-AFSLÁTTUR

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is